



ÁRSSKÝRSLA 2017



Háskólinn
á Akureyri
University
of Akureyri

ÁRSSKÝRSLA 2017



Háskólinn
á Akureyri
University
of Akureyri




EFNISYFIRLIT

Skipurit og stjórn	5
Reglur og stefnumál	8
Formáli rektors	10
Starfsmenn	12
Gæðamál	16
Góðvinir Háskólans á Akureyri	17
Heilbrigðisvísindasvið	18
Hug- og félagsvísindasvið	22
Miðstöð skólaþróunar – MSHA	29
Viðskipta- og raunvísindasvið	32
Markaðs- og kynningarsvið	38
Fjármála-, starfsmanna- og rekstrarsvið	42
Nemendaskrá	44
Nám og nemendur	45
Rannsóknamiðstöð Háskólans á Akureyri – RHA	50
Bókasafn og upplýsingaþjónusta	52
Kennslumiðstöð	54
Félag stúdenta við Háskólann á Akureyri – FSHA	55
Félagsstofnun stúdenta á Akureyri – FÉSTA	59
Símenntun Háskólans á Akureyri	60
Sjávarútvegsmiðstöðin við Háskólann á Akureyri – SHA	61
Rannsóknamiðstöð ferðamála – RMF	63
Rannsóknþing norðursins – NRF	65
Samningar	66
Styrkir	67
Afmælisárið í myndum og máli	69
Eitt og annað	88
Ársreikningur 2017	128
Brautskráning 10. júní 2017	130
Brautskráningarræða rektors	131
Brautskráðir, hópmyndir	135
Brautskráðir, nafnalisti	139
Lokaverkefni	144



HÁSKÓLARÁÐ



STJÓRN

Yfirstjórn háskólans er falin háskólaráði og rektor og er háskólaráð æðsti ákvörðunaraðili innan háskólans. Háskólaráð hélt 11 fundi á árinu.

Háskólafundur er haldinn að minnsta kosti einu sinni á ári. Hann er vettvangur fyrir umræðu um fagleg málefni innan háskólans og akademíska stefnumótun. Fulltrúar nemenda, kennara og annars starfsfólks sitja háskólafundi. Haldnir voru tveir háskólafundir á árinu.

Framkvæmdastjórn sér um samræmingu á daglegum rekstri háskólans. Þar er farið yfir fjármál, áætlanagerð og uppgjör, teknar ákvarðanir um samstarfssamninga og rætt um framgang þróunarverkefna og nýsköpunar, auk samræmingar verkefna á milli einstakra akademískra skipulagseininga og háskólaskrifstofu. Í framkvæmdastjórn sitja rektor, sem er í forsæti, framkvæmdastjóri og forsetar fræðasviða. Þá sitja framkvæmdastjórnarfundir, með málfrelsi og tillögurétt, forstöðumaður fjármála og gæðastjóri háskólans, skv. reglum nr.387/2009 fyrir Háskólann á Akureyri, með síðari breytingum.

Við háskólann starfar gæðaráð. Meginhlutverk þess er að bera ábyrgð á framkvæmd gæðakerfis háskólans og tryggja að háskólinn standist ávallt þær kröfur sem gerðar eru til gæða í starfi hans.

Gæðaráð skipa gæðastjóri, sem er í forsæti, fulltrúar fræðasviða, forstöðumaður Kennslumiðstöðar HA og forstöðumaður nemendaskrár, auk tveggja fulltrúa nemenda sem Félag-stúdenta við Háskólann á Akureyri tilnefnir og tveggja fulltrúa sem starfsmenn tilnefna.

Háskólaráð er skipað skv. lögum nr. 85/2008 um opinbera háskóla, með síðari breytingum.

Háskólaráð var þannig skipað:

Á fyrri hluta árs:

Eyjólfur Guðmundsson rektor, formaður háskólaráðs
Jens Garðar Helgason, fulltrúi mennta- og menningarmálaráðherra
Hermína Gunnþórsdóttir lektor, fulltrúi háskólasamfélagsins
Óskar Þór Vilhjálmsson tækimaður, fulltrúi háskólasamfélagsins
Berglind Ósk Guðmundsdóttir, fulltrúi nemenda
Finnbogi Jónsson, fulltrúi háskólaráðs
Svanfríður Inga Jónasdóttir, fulltrúi háskólaráðs

Til vara:

Elvar Jónsson, fulltrúi mennta- og menningarmálaráðherra
Hjörleifur Einarsson prófessor, fulltrúi háskólasamfélagsins
Guðmundur Kr. Óskarsson dósent, fulltrúi háskólasamfélagsins
Valdemar Karl Kristinsson, fulltrúi nemenda
Erla Björg Guðmundsdóttir, fulltrúi háskólaráðs

Nýtt háskólaráð kom saman fullskipað 22. júní. Það skipuðu:

Eyjólfur Guðmundsson rektor, formaður háskólaráðs
Björn Ingimarsson, fulltrúi mennta- og menningarmálaráðherra
Hermína Gunnþórsdóttir dósent, fulltrúi háskólasamfélagsins
Sigfríður Inga Karlsdóttir dósent, fulltrúi háskólasamfélagsins
Berglind Ósk Guðmundsdóttir, fulltrúi nemenda
Brynhildur Pétursdóttir, fulltrúi háskólaráðs
Finnbogi Jónsson, fulltrúi háskólaráðs

**Til vara:**

Lára Halldóra Eiríksdóttir, fulltrúi mennta- og menningarmálaráðherra

Edward H. Huijbens prófessor, fulltrúi háskólasamfélagsins

Óskar Þór Vilhjálmsson tæknimaður, fulltrúi háskólasamfélagsins

Valdemar Karl Kristinsson, fulltrúi nemenda

Erla Björg Guðmundsdóttir, fulltrúi háskólaráðs

Rektor:

Eyjólfur Guðmundsson. Staðgengill rektors var Eydís Kr. Sveinbjarnardóttir, forseti heilbrigðisvísindasviðs.

Framkvæmdastjóri:

Ólafur Halldórsson.

Gæðastjóri:

Sigrún Magnúsdóttir. Settur gæðastjóri í forföllum Sigrúnar var Arnheiður Eyþórsdóttir aðjúnkt, 20. febrúar – 24. mars.

Fræðasvið og forsetar fræðasviða.

Háskólinn skiptist í þrjú fræðasvið skv. 7. gr. reglna nr. 387/2009 með síðari breytingum.

Heilbrigðisvísindasvið:

Eydís Kristín Sveinbjarnardóttir. Staðgengill forseta var Sigríður Halldórsdóttir prófessor.

Hug- og félagsvísindasvið:

Lars Gunnar Lundsten. Starfandi forseti hug- og félagsvísindasviðs tímabilið 1. júlí til 31. ágúst var Elín Díanna Gunnarsdóttir dósent. Staðgengill forseta janúar – júlí var Bragi Guðmundsson prófessor og frá ágúst til ársloka var Anna Ólafsdóttir dósent staðgengill forseta sviðsins.

Viðskipta- og raunvísindasvið:

Rannveig Björnsdóttir. Staðgengill forseta var Guðmundur Kr. Óskarsson dósent.

Forstöðumaður fjármála-, starfsmanna- og rekstrarsviðs:

Úlfar Hauksson.

Forstöðumaður nemendaskrár:

Stefán Jóhannsson.

Forstöðumaður markaðs- og kynningarsviðs:

Katrín Árnadóttir.

Forstöðumaður Rannsóknamiðstöðvar HA – RHA:

Guðrún Rósa Þórsteinsdóttir.

Forstöðumaður bókasafns og upplýsingaþjónustu:

Astrid Margrét Magnúsdóttir.

Forstöðumaður náms- og starfsráðgjafar:

Solveig Hrafnadóttir.

Forstöðumaður Kennslumiðstöðvar HA – KHA:

Auðbjörg Björnsdóttir.



REGLUR OG STEFNUMÁL SAMÞYKKTAR Í HÁSKÓLARÁÐI 2017

Háskólaráð samþykkti á fundi þann 19. janúar að reglur um leigu á bílum á vegum háskólans, sem gilt hafa frá 1. febrúar 2016, gildi áfram árið 2017. Reglurnar kveða á um að starfsfólki beri að leigja rafbíla skv. nánari skilgreiningu.

Háskólaráð samþykkti þann 19. janúar nýja námsleið í sjávarbyggðafræði sem verður boðin við Háskólasetur Vestfjarða.

Háskólaráð samþykkti þann 23. febrúar nýja námskrá fyrir nám í iðjuþjálfunarfræði. Um verður að ræða þriggja ára BS-nám og eins árs viðbótarnám til að öðlast full starfsréttindi sem iðjuþjálfari.

Háskólaráð samþykkti þann 23. febrúar reglur nr. 202/2017 um Heilbrigðisvísindastofnun Háskólans á Akureyri.

Háskólaráð staðfesti þann 23. mars náms- og kennsluskrá 2017 – 2018.

Háskólaráð staðfesti þann 23. mars kennslualmanak 2017 – 2018.

Háskólaráð samþykkti þann 23. mars fjöldatakmörkun í hjúkrunarfræði við heilbrigðisvísindasvið á vormisseri 2018, sbr. auglýsingu um fjöldatakmörkun í hjúkrunarfræði við heilbrigðisvísindasvið Háskólans á Akureyri nr. 309/2017.

Háskólaráð samþykkti þann 22. júní *Áætlun um jafna stöðu kynjanna við Háskólann á Akureyri 2017 – 2020*.

Háskólaráð samþykkti þann 17. ágúst Skipulagsskrá Végeirsstaðasjóðs dags. 17. ágúst 2017.

Háskólaráð samþykkti þann 17. ágúst að skrifstofa Rannsóknabings Norðursins, Northern Research Forum – NRF, tilheyri Háskólanum á Akureyri og verði samnefnari fyrir verkefni og rannsóknir á sviði norðurslóðamála innan HA.

Háskólaráð samþykkti 2. nóvember að halda áfram uppbyggingu doktorsnáms við Háskólann á Akureyri í samræmi við heimild skólans til að bjóða upp á doktorsnám, sbr. bréf mennta- og menningarmálaráðherra dags. 20. október 2017.

Háskólaráð samþykkti 2. nóvember *Umhverfis- og samgöngustefnu Háskólans á Akureyri 2018 – 2022*.

Háskólaráð samþykkti 2. nóvember samgöngusamninga sem lið í að hvetja starfsfólk til að nota vistvænan, hagkvæman og heilsusamlegan ferðamáta til og frá vinnu.

Háskólaráð samþykkti 2. nóvember Reglur um Vísindasjóð Háskólans á Akureyri.

Háskólaráð samþykkti 2. nóvember Siðareglur Háskólans á Akureyri.

Háskólaráð samþykkti 2. nóvember að ekki yrðu innritaðir nýir nemendur í nám við HA á vormisseri 2018 með þeirri undantekningu að nemendur sem áður höfðu verið innritaðir og væru að hefja nám við háskólann að nýju gætu innritast.



EYJÓLFUR GUÐMUNDSSON

FORMÁLI REKTORS

Háskólinn á Akureyri varð 30 ára þann 5. september 2017. Á þessum 30 árum hefur skólinn vaxið og dafnað sem háskólastofnun þar sem starfsemin hefur byggst upp jafnt og þétt. *Mjór er mikils vísir* á vel við um sögu háskólans þar sem stofnunin fór hægt af stað en námsbrautum fjölgaði og uppbygging framhaldsnáms varð fljótt eitt af meginmarkmiðum skólans. Þannig hefur háskólinn orðið öflugri bæði faglega og í nemendafjölda og er árið 2017 enn eitt metárið í nemendafjölda þar sem 2.074 nemendur voru skráðir til náms.

Hátíðardagskrá í tilefni afmælis skólans var metnaðarfull og stóð yfir allt árið. Í sérstökum kafla í ársskýrslunni má lesa um afmælisviðburði af ýmsum toga. Það sýndi sig vel á þessum tímamótum hvað skólinn hefur náð langt í þróun sinni og þroska, og hversu öflugan mannauð skólinn hefur náð að laða til sín á þessum 30 árum.

Það kom því í raun ekki á óvart að erlend úttektarnefnd mælti með því að Háskólinn á Akureyri gæti hafið doktorsnám á nokkrum af sínu helstu fræðasviðum en sú niðurstaða lá fyrir vorið 2017. Þann 20. október 2017 undirritaði mennta- og menningarmálaráðherra formlega heimild skólans til doktorsnáms á sex sviðum fræða, þ.e. hjúkrunarfræði, líftækni, sjávarútvegs- og fiskeldisfræði, viðskiptafræði, lögfræði og félagsfræði. Heimildin tekur því til náms á öllum þremur fræðasviðum háskólans, heilbrigðisvísindasviði, hug- og félagsvísindasviði og viðskipta- og raunvísindasviði.

Mikill áfangi náðist með viðurkenningu til doktorsnáms og var það þrotlaus vinna starfsfólks skólans sem skilaði þessum árangri. Með heimild til doktorsnáms er staðfest að Háskólinn á Akureyri er einn þriggja háskóla hér á landi sem standa faglega sjálfstætt að sínu námi á öllum þremur námsstigum háskólanáms, á bakkalárstigi, meistarastigi og doktorsnámsstigi. Í stefnumótun háskólans 2012 – 2017 var stefnt að þessu og hér hefur náðst eitt af meginmarkmiðum stefnunnar.

Ný stefna fyrir árin 2018 – 2023 er að sjálfsöðgu mótuð af nýtilkominni heimild til doktorsnáms.

Almenn starfsemi skólans var með hefðbundnum hætti. Fjölgun nemenda hefur verið mest á hug- og félagsvísindasviði með tilkomu lögreglufræða. Vinsældir þess náms hafa farið langt fram úr björtustu vonum og hefur þurft að grípa til aðgangstakmarkana. Þá hefur sálfræði einnig verið mjög vinsæl og munu verða aðgangstakmarkanir frá og með hausti 2018.

Það er áhyggjuefni að Háskólinn á Akureyri þurfi að beita frekari aðgangstakmörkunum án þess að fyrir liggja skýr stefna stjórnvalda um hvernig aðgengi að háskólanámi skuli vera háttáð.

Nemendahópur HA er þannig samsettur að 64% búa utan höfuðborgarsvæðisins en 36% innan þess. Konur eru 76,5% nemenda

og karlar 23,5% af hópnum. Aðgangstakmarkanir hafa sína ókosti og til eru aðrar aðferðir til að meta getu og færni umsækjenda um háskólanám. Ákvörðun um það hvernig aðgengi skuli háttáð verður að koma frá stjórnvöldum og Háskólinn á Akureyri kallar eftir skýrri stefnu í því efni.

Rekstur skólans hefur verið í jafnvægi síðastliðin tíu ár og er 2017 engin undantekning frá því. Skólinn skilar í ár um 20 milljón króna afgangi. Ríkisstofnanir hafa frá og með 2017 tekið upp nýja gerð ársreikninga samkvæmt fyrirætlum Fjárfestisráðs ríkisins sem byggja á nýjum lögum um fjármál hins opinbera. Mesta breytingin felst í því að nú hefur stofnunin formlegan efnahagsreikning og eru allar stærri fjárfestingar eignfærðar. Þessar breytingar hafa ekki í för með sér miklar breytingar á niðurstöðu efnahags og rekstrar fyrir árið 2017 en ljóst er að taka verður frekara tillit til þeirra í rekstri skólans á næstu árum. Þá hefur gerð langtímafjárfhagsáætlana, sem byggja á fimm ára fjármálaáætlun, gjörbreytt til hins betra því umhverfi sem opinberar stofnanir starfa í.

Gerð núverandi þriggja ára fjárfhagsáætlunar HA sýnir glögg að það fé sem ætlað er til reksturs háskóla á fimm ára fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar dugir ekki til þess að ná því mikilvæga markmiði að fjármagn á hvern nemenda sé nálægt meðaltali OECD landanna eða hinna Norðurlandanna. Aukið fé til háskóla á hvern nemanda þýðir einfallega að unnt er að ráða fleira starfsfólk og bæta aðstöðu nemenda til náms og einnig aðstöðu starfsfólks til að sinna kennslu og rannsóknum. Árið 2017 voru 193 starfsmenn í 181 stöðugildi við HA. Nærri liggur að það þyrftu að vera 250 stöðugildi miðað við nemendafjölda. Það vantar því um 50 stöðugildi við skólann, bæði svo að unnt sé að sinna námi nemenda með sambærilegum hætti og gert er á hinum Norðurlöndunum, og til að starfsfólk geti í ríkara mæli einbeitt sér að rannsóknum og uppbyggingu framhaldsnáms við skólann. Ákall háskólans til stjórnvalda er því skýrara en nokkru sinni fyrr – hversu marga nemendur fær skólinn greitt fyrir að mennta og hvert er framlagið á hvern nemanda?

Núverandi framlög duga ekki til þess að unnt sé, til skamms tíma litið, að halda upp samkeppnishæfu námi á Íslandi. Það verður því að endurskoða fimm ára fjármálaáætlun ríkisstjórnar strax á á næsta ári.

Í raun er það ótrúlegt, og sýnir hversu mikið starfsfólk skólans er tilbúið að leggja á sig, að þrátt fyrir skort á fjármagni hefur tekist að auka við starfsemi skólans hvað varðar námsframboð og nemendafjölda. Ekki síst hefur árangur í rannsóknum aukist þar sem heildarrannsóknastig hækka úr 1.626 stigum árið 2006 í 2.323 stig árið 2016. Það er þó ljóst að áframhaldandi vöxtur, sérstaklega námsframboðs

og nemendafjölda, er ekki sjálfbær nema unnt verði að ráða fleira starfsfólk á komandi árum.

Á árinu 2017 var mikið starf unnið á öllum fræðasviðunum sem ekki væri unnt nema með öflugum stuðningi frá stoðþjónustu háskólans. Í þessari ársskýrslu er ítarleg yfirlit um starfsemi allra sviða, deilda og annarra eininga skólans. Mæli ég með því að fólk kynni sér efni skýrslunnar því einungis þannig verður ljóst hversu öflug starfsemi skólans er orðin eftir þá þrjá áratugi sem hann hefur starfað.

Ég þakka starfsfólki Háskólans á Akureyri fyrir gott og viðburðaríkt ár, fyrir öflugt starf í þágu skólans og metnað í því að tryggja háskólanum viðurkenningu til doktorsnáms. Jafnframt vil ég þakka Góðvinum HA og öðrum þeim sem studdu okkur í því ferli fyrir þeirra framlag.

Nemendum þakka ég fyrir góð störf í þágu skólans og fyrir að velja Háskólann á Akureyri sem þeirra skóla.

Með vinsemd og virðingu,



Eyjólfur Guðmundsson, rektor.



STARFSMENN

Rannsóknarmissemurum fyrir skólaárið var úthlutað sem hér segir:

Þorbjörg Jónsdóttir lektor, haust 2017 og vor 2018

Hilmar Þór Hilmarsson prófessor, haust 2017

Helgi Kristínarson Gestsson lektor, vor 2018 og haust 2018

Sigríður Margrét Sigurðardóttir lektor, haust 2017 og vor 2018

Brynhildur Bjarnadóttir lektor, haust 2017

Þóroddur Bjarnason prófessor, haust 2017 og vor 2018

Andrea S. Hjálmsdóttir lektor, vor 2018 og haust 2018

Arnheiður Eyþórsdóttir aðjúnkt, vor 2018 og haust 2018

Hafðís Skúladóttir lektor, haust 2018

Sonja Stelly Gústafsdóttir lektor, haust 2018.

Framgangur

Rektor veitir akademísku starfsfólki framgang skv. Reglum nr. 1010/2016 um framgang og ótímabundna ráðningu akademískra starfsmanna við Háskólann á Akureyri. Framgangur er veittur frá 1. júlí ár hvert. Eftirtaldir starfsmenn fengu framgang árið 2017:

Hermína Gunnþórsdóttir – dósent í menntunarfræði við kennara-deild frá og með 1. júlí.

Margrét Hrönn Svavarsdóttir – dósent í hjúkrunarfræði við hjúkrunarfræðideild frá og með 1. júlí.

Einnig hlaut Eydís Kr. Sveinbjarnardóttir, forseti heilbrigðisvísindasviðs HA, hæfisdóm skv. Reglum nr. 258/2016 um störf dómnefndar og ráðningar akademískra starfsmanna við Háskólann á Akureyri. Eydís hefur stöðuheitið dósent í geðhjúkrunarfræði frá 1. júlí.



Eftirtaldir starfsmenn luku doktorsprófi:

Hjördís Sigursteinsdóttir, aðjúnkt við viðskipta- og raunvísindasvið Háskólans á Akureyri, varði doktorsritgerð sína í félagsvísindum við Félags- og mannvísindadeild Háskóla Íslands þann 11. desember. Doktorsritgerð Hjördísar ber heitið *Heilsa og liðan starfsfólks íslenskra*

sveitarfélaga í kjölfar efnahagshrunsins 2008 (e. *The health and well-being of municipal employees in Iceland in the wake of the financial collapse of 2008*).

Leiðbeinandi Hjördísar var Guðbjörg Linda Rafnsdóttir, aðstoðar- rektor vísinda og prófessor í félagsfræði í Félags- og mannvísinda- deild. Í doktorsnefnd sátu auk hennar Guðbjörg Andrea Jónsdóttir, forstöðumaður Félagsvísindastofnunar, Þorgerður Einarssdóttir, prófessor í kynjafræði í Stjórn málafræðideild Háskóla Íslands, og Asbjørn Grimsmo, vísindamaður hjá Work Research Institute í Oslo og Akershus University College of Applied Sciences.

Andmælendur við vörnina voru Helga Kristín Hallgrímsdóttir, dósent við University of Victoria í Kanada, og Álfgeir Logi Kristjánsson, lektor við West Virginia University í Bandaríkjunum.

Hjördís er fædd árið 1967. Hún starfaði sem sérfræðingur við Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri frá september 1997 til ágúst 2013, að undanskildu námsleyfi til að sinna doktorsnámi. Hjördís hefur starfað sem aðjúnkt við Háskólann á Akureyri frá ágúst 2013.

Hún hefur verið formaður stjórnar Félags háskólakennara á Akureyri síðan í júní 2011.



Arndís Bergsdóttir, aðjúnkt við hug- og félagsvísindasvið Háskólans á Akureyri, varði doktorsritgerð sína í safnafræði við Félags- og mannvísindadeild Háskóla Íslands þann 25. ágúst. Doktorsritgerð hennar ber heitið heitið *(Ó)sýnileg: Samofin fjarvera kvenna á íslenskum söfnum og mótun fémínískrar safnafræði*

(e. *Absence comes to matter. Entangled becomings of a feminist museology*). Arndís er fyrsti nemandinn sem brautskráist með doktorspróf í safnafræði frá Háskóla Íslands.

Leiðbeinandi Arndísar var Sigurjón Baldur Hafsteinsson, prófessor í safnafræði, Félags- og mannvísindadeild. Í doktorsnefnd sátu auk hans Amelia Jones prófessor, Robert A. Day prófessor, USC Roski School of Art and Design, University of Southern California, og Þorgerður Einarsdóttir, prófessor í kynjafræði við Stjórn málafræðideild, Háskóla Íslands.

Andmælendur við vörnina voru Janet Marstine, School of Museum Studies, University of Leicester, og Björn Þorsteinsson, prófessor í heimspeki, Sagnafræði- og heimspekideild Háskóla Íslands.

Arndís er fædd árið 1968. Hún hefur BA-gráðu í félagsfræði frá HÍ og meistara-gráðu í safnafræði frá sama skóla. Arndís hefur gegnt stöðu safnstjóra Iðnaðarsafnsins á Akureyri og unnið rannsóknarstörf og við birtingar innan auglýsingageirans. Hún var ráðin aðjúnkt við Háskólann á Akureyri haustið 2017.



Sigrún Sigurðardóttir, lektor við heilbrigðisvísindasvið Háskólans á Akureyri, formaður framhaldsnámsdeildar, varði doktorsritgerð sína í hjúkrunarfræði frá Hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands þann 9. júní. Doktorsverkefni Sigrúnar ber heitið *Kynferðislegt ofbeldi í æsku: Afleiðingar og heildræn meðferðarúrræði* (e. *Childhood Sexual Abuse: Consequences and Holistic Intervention*).

Umsjónarkennari og meðleiðbeinandi í verkefninu var Sóley S. Bender, prófessor við Hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands. Aðal-leiðbeinandi var Sigríður Halldórsdóttir, prófessor við heilbrigðisvísindasvið Háskólans á Akureyri. Auk þeirra sátu í doktorsnefnd Berglind Guðmundsdóttir, dósent við Læknadeild Háskóla Íslands, og Guðrún Agnarsdóttir lækni.

Andmælendur við vörnina voru Mary Jo Kreitzer, prófessor við Háskólann í Minnesota, og Guðrún Kristinsdóttir, prófessor emeritus við Menntavísindasvið Háskóla Íslands.

Sigrún er fædd árið 1968. Hún lauk lögreglumannsprófi frá Lögregluskóla ríkisins árið 1993. Sigrún hefur BS-gráðu í hjúkrunarfræði frá Háskólanum á Akureyri og MSc-gráðu í heilbrigðisvísindum frá sama skóla. Sigrún var stundakennari við framhaldsnámsdeild heilbrigðisvísindasviðs á árunum 2007 – 2009 og var ráðin lektor haustið 2012. Hún varð formaður framhaldsnámsdeildar heilbrigðisvísindasviðs haustið 2017.





GÆÐAMÁL

Við Háskólann á Akureyri starfar gæðaráð en meginhlutverk þess er að bera ábyrgð á framkvæmd gæðakerfis háskólans og tryggja að hann standist ávallt allar kröfur sem gerðar eru til gæða í starfi hans. Gæðaráð starfar eftir Reglum um gæðaráð sem samþykktar voru í háskólaráði 9. mars 2011. Ráðið heldur fundi að jafnaði einu sinni í mánuði yfir vetrartímann og hélt alls tíu fundi árið 2017.

Í gæðaráði áttu sæti árið 2017 Sigrún Magnúsdóttir gæðastjóri, sem er í forsæti, Anna Ólafsdóttir, dósent á hug- og félagsvísindasviði, hluta ársins en við hennar sæti tók Elín Díanna Gunnarsdóttir dósent og síðar Kristín Margrét Jóhannsdóttir lektor; Arnheiður Eyþórsdóttir, aðjúnt á viðskipta- og raunvísindasviði, Guðrún Pálmadóttir, dósent á heilbrigðisvísindasviði, Auðbjörg Björnsdóttir, forstöðumaður Kennslumiðstöðvar HA, og Stefán Jóhannsson, forstöðumaður nemendaskrár. Ennfremur fulltrúar starfsfólks þau Guðmundur Engilbertsson lektor og Ása Guðmundardóttir skrifstofustjóri en varamenn þeirra voru Sigrún Lóa Kristjánsdóttir verkefnastjóri og Sigríður Sía Jónsdóttir lektor. Fulltrúar nemenda í gæðaráði voru Valdemar Karl Kristinsson og Helga Margrét Jóhannesdóttir. Í mars tók Orri Kristjánsson sæti Helgu Margrétar sem þá lauk sínu tímabili. Sigrún Vésteinsdóttir, verkefnastjóri hjá RHA, var ritari gæðaráðs.

Vinna ársins í gæðaráði einkenndist af áframhaldandi umbóta-
starfi eftir síðustu stofnanaúttekt og markvissum undirbúningi
undir gæðastarf samkvæmt nýrri rammaáætlun sem kom út á
árinu skv. *Quality Enhancement Framework 2* (QEF2) sem lýst er
í *Quality Enhancement Handbook for Icelandic Higher Education*,
2. útgáfu.

Viðmið sem gæðastarf íslenskra háskóla byggja á skv. QEF2 voru
birt í 2. útgáfu *Standards and Guidelines for Quality Assurance in
the European Higher Education Area (EQUIS)* og hefur gæðaráðið
unnið að því að laga gæðakerfi Háskólans á Akureyri að þeim
breytingum.

Á árinu var samþykkt innan háskólans sjö ára áætlun um sjálfs-
mat deilda og stofnunarmat HA ásamt verkefnaáætlun til undir-
búnings þeim úttektum.

Nýja rammaáætlunin, QEF2, hefur í för með sér nokkrar mikil-
vægar breytingar því til viðbótar mati á kennslu, námsumhverfi
og prófgráðum nemenda bætist nú við mat á umgjörð rann-
sóknna en í því felst m.a. að skoða áhrif rannsókna í nærsamfélagi
háskólanna, rannsóknastefnu þeirra, rannsóknaniðurstöður og
ytri stuðning (styrki o.fl.).

Fundargerðir gæðaráðs eru birtar á innri vef háskólans, Uglu, á
slóðinni <https://ugla.unak.is/kerfi/view/page.php?sid=2052>





GÓÐVINIR HÁSKÓLANS Á AKUREYRI



GÓÐVINIR
HÁSKÓLANS Á AKUREYRI

Góðvinir eru samtök brautskráðra nemenda frá Háskólanum á Akureyri og annarra velunnara skólans. Markmið samtakanna er að auka tengsl háskólans við fyrrum nemendur sína og styðja við uppbyggingu skólans eftir fremsta megni, fjárhagslega og á annan hátt. Þetta gera Góðvinir meðal annars með því að heiðra nemendur við brautskráningu, innheimta félagsgjöld og styðja við háskólann með gjöfum.

Á afmælisári Háskólans á Akureyri var leitast við að efla félagið enn frekar, styrkja tengslin við félaga og vera í betra sambandi við fyrirtæki sem gátu styrkt Góðvini með svokallaðri fyrirtækja-aðild. Einnig var unnið að undirbúningi deildar fyrrverandi nemenda HA innan Góðvina, e. *Alumni*, til aðgreiningar frá þeim sem hafa fyrirtækjaaðild.

Í tilefni af 30 ára afmæli Háskólans á Akureyri ákváðu Góðvinir að setja á fót stofnfjársgjöld og safna fé til hans. Sjóður sem slíkur á sér fyrirmyndir í Bandaríkjunum og nefnast þar *endowment funds*. Stofnfjárhæð verður innistæða á reikningi Góðvina um áramót 2017 – 2018 sem samanstendur af félagsgjöldum. Það er von stjórnar Góðvina að upphæðin geti numið einni milljón króna. Stefnt er að því að sjóðurinn vaxi og dafni en einungis verður hægt að nota vextina til verkefna.

Vegna stofnunar sjóðsins veittu Góðvinir aðeins einn verkefna-styrk, það var styrkur til Vísindaskóla unga fólksins að upphæð kr. 150.000. Góðvinir hafa styrkt Vísindaskólann undanfarin ár. Aðrar styrkumsóknir voru til kaupa á húsbúnaði fyrir Kennslumiðstöð HA og til tækjakaupa fyrir náms- og starfsráðgjöf HA, en þeim umsóknum var sýnað af fyrrgreindri ástæðu.

Að vanda heiðruðu Góðvinir kandítata fyrir óeigingjarnt starf í þágu háskólans við brautskráningu á Háskólahátíð, sem að þessu sinni fór fram þann 10. júní. Viðurkenningin er gullnæla sem Kristín Petra Guðmundsdóttir gullsmiður hannaði og smíðar sérstaklega fyrir Góðvini. Eftir tilnefningar frá fræðasviðum og frá forstöðumanni markaðs- og kynningarsviðs var ákveðið að eftirtaldir nemendur fengju viðurkenningu: Telma Eiðsdóttir af hug- og félagsvísindasviði, Hrafnhildur Gunnþórsdóttir af heilbrigðisvísindasviði og Karen Björk Gunnarsdóttir af viðskipta- og raunvísindasviði.



Frá vinstri: Eyjólfur Guðmundsson rektor, Karen Björk Gunnarsdóttir, Telma Eiðsdóttir, Hrafnhildur Gunnþórsdóttir og Brynhildur Pétursdóttir, formaður Góðvina.

Aðalfundur fyrir árið 2016 var haldinn 17. nóvember. Hann var auglýstur eins og lög mæla fyrir um og hvatt var til stofnunar deildar fyrrverandi nemenda háskólans. Kjörin var ný stjórn fyrir Góðvini. Stjórnina skipa eftirtaldir:

Brynildur Pétursdóttir, formaður stjórnar
Berglind Ósk Guðmundsdóttir
Elva Gunnlaugsdóttir
Agnes Eyfjörð gjaldkeri
Ketill Sigurður Jóelsson, fulltrúi Félags stúdenta við Háskólann á Ak.
Katrín Árnadóttir forstöðumaður, starfsmaður Góðvina.

Til vara:

Eyrún Elva Marinósdóttir
Kristjana Hákonardóttir
Sólveig María Árnadóttir, fulltrúi Félags stúdenta við Háskólann á Ak.
Þorsteinn Gunnarsson
Árni V. Friðriksson

Fréttabréf Góðvina HA kom út í nóvember.

Vefsíða Góðvina er á slóðinni

<https://www.unak.is/is/samfelagid/godvinir>

HEILBRIGÐISVÍSINDASVIÐ

Hlutverk heilbrigðisvísindasviðs er að bjóða upp á grunnnám í hjúkrunarfræði og iðjuþjálfunarfræði og framhaldsnám til MS-gráðu í heilbrigðisvísindum ásamt því að standa fyrir rannsókn-um í þverfræðilegum heilbrigðisvísindum, *Interdisciplinary health sciences*. Á haustmisseri 2017 fékk háskólinn heimild til að bjóða doktorsnám frá og með hausti 2018. Heilbrigðisvísindasvið hefur leyfi til að bjóða nám til doktorsgráðu í hjúkrunarfræði.

Í rannsóknarstefnu heilbrigðisvísindasviðs segir: „Stofnað-ir verði rannsóknarhópar um tiltekin rannsóknarefni innan sviðsins.“ Í ljósi þessa, og vegna þess að næst þegar gæðamat verður framkvæmt á heilbrigðisvísindasviði verður fram-lag til rannsókna og birtinga meðal þess sem meta á, var ákveðið að kortleggja þá rannsóknarhópa sem fyrir eru innan sviðsins, og að stuðla að stofnun nýrra rannsóknarhópa um tiltekin rannsóknarefni innan sviðsins. Þá er einnig stefnt að auknum sýnileika rannsókna. Meðal annars verður heima-síða heilbrigðisvísindasviðs notuð til að birta upplýsingar um rannsóknarhópa og birtingar vísindagreina í tengslum við þá.

Á heilbrigðisvísindasviði er boðið nám í iðjuþjálfunarfræði sem ekki er við aðra háskóla hér á landi. Heilbrigðisvísindasvið er í ágætum samstarfi við háskóla á hinum Norðurlöndunum, í Banda-rikkjunum, Kanada og víðar.

Heilbrigðisvísindasvið skiptist í þrjár deildir: *Hjúkrunarfræði-deild, iðjuþjálfunarfræðideild og framhaldsnámsdeild*. Innan heilbrigðisvísindasviðs er einnig Heilbrigðisvísindastofnun Há-skólans á Akureyri – HHA, sem starfar í tengslum við Sjúkrahúsið á Akureyri og Rannsóknarmiðstöð gegn ofbeldi sem er þver-fræðileg rannsóknarmiðstöð

Beita þurfti fjöldatakmörkunum í hjúkrunarfræði haustið 2017 en 160 nemendur hófu þá nám. Af þeim fengu 56 nemendur námspláss í hjúkrunarfræði á vormisseri 2018.

Haustið 2017 var byrjað að kenna eftir nýrri námskrá í iðjuþjálf-unarfræði. Sú breyting varð að til viðbótar við þriggja ára nám til BS-gráðu í iðjuþjálfunarfræði þarf að ljúka fjórða árinu á meistarastigi (diplóma) til að öðlast starfsréttindi sem iðjuþjálf. Til að fá aðgang að diplómanáminu þarf að hafa einkunn að lágmarki 7.0 úr grunnnáminu.

Aðsókn hefur aldrei verið meiri í iðjuþjálfunarfræði frá upphafi og hófu 39 nemendur nám á haustmisseri 2017.

Niðurstöður viðhorfsskönnunar sem gerð var meðal nemenda við heilbrigðisvísindasvið árin 2014 og 2016 sýna að mikil ánægja er með flesta þá þætti sem metnir voru. Matsþættir voru 35 talsins fyrir bæði hjúkrunarfræðinema, iðjuþjálfunarfræðinema og nemendur í framhaldsnámsdeild.

Í þeim fáu tilvikum þegar ánægjuhlutfall mældist undir 50% var það skoðað sérstaklega. Þar var um að ræða þrjá mats-þætti í hjúkrunarfræðideild, tvo í iðjuþjálfunarfræði-deild og tvo í framhaldsnámsdeild árið 2014 en þeim fækkaði árið 2016.

Helstu niðurstöður þessara þátta í hjúkrunarfræðideild eru: Kennsluaðferðir efla ekki þátttöku nemenda nægj-anlega (e. *teaching methods motivate student participation*) og endurgjöf frá kennurum er ekki nægj-anlega ítarleg (e. *comments detailed enough*).

Niðurstaðan hjá iðjuþjálfunarfræðinemum: Nemend-um finnst ekki nægjanlega áhugaverð félagsleg starf-semi (e. *interesting social activities*) og þeim finnst námið ekki nægjanlega vel skipulagt og ekki ganga nógu vel (e. *well organized study programme and runs smoothly*). Nemendum í framhaldsnámsdeild finnst ekki nægjanlega áhugaverð félagsleg starfsemi (e. *interesting social activities*).

Markvisst er unnið að því að bæta námið og auka þannig ánægju nemenda.

Á árinu 2017 fóru sjö nemendur HA í hjúkrunarfræði í skiptinám ut-anlands í klínískum hluta námsins. Níu erlendir nemendur komu til HA í klínískt nám á vegum hjúkrunarfræðideilda. Tveir nemendur í iðjuþjálfunarfræði sóttu viku námskeið á vegum Nordplus. Fjórir er-lendir nemendur komu á vegum iðjuþjálfunarfræðideilda í vett-vangsnám hér á landi. Einn nemandi í framhaldsnámsdeild sótti námskeið erlendis á árinu 2017.

Fastir starfsmenn heilbrigðisvísindasviðs voru 34 í rúmlega 24 stöðugildum, þar af voru fjórir ráðnir við HHA. Auk fastra starfs-manna komu fleiri tugir stundakennara að kennslu á fræðasviðinu.

Stjórnskipulagi heilbrigðisvísindasviðs er lýst í reglum nr. 812/2013.



HEILBRIGÐISVÍSINDASVIÐ

HJÚKRUNARFRÆÐIDEILD

Markmið náms í hjúkrunarfræði er að búa nemendur undir að gegna almennum hjúkrunarstörfum sem og stjórnunar- og fræðslustörfum á flestum sviðum heilbrigðisþjónustu. Nám í hjúkrunarfræði tekur mið af þörfum íslenska heilbrigðiskerfisins jafnframt því að mæta alþjóðlegum staðli. Nám til BS- gráðu er fjögurra ára nám, 240 ECTS einingar. Það skiptist í raunvísindi, hug- og félagsvísindagreinar og hjúkrunarfræðigreinar. Klínískt nám hefst strax á fyrsta námsári. Nemendur í hjúkrunarfræði geta stundað nám sitt hvar sem er, en skyldumæting er í lotur í 5 – 10 daga einu sinni til tvisvar á misseri. Einnig stunda nemendur klínískt nám undir handleiðslu hjúkrunarfræðinga víða um land í samtals 24 vikur yfir námstímann.

IDJUPJÁLFUNARFRÆÐIDEILD

Nám í iðjupjálfunarfræði byggir á heilbrigðis- og félagsvísindum og snýst um iðju, heilsu og lífsgæði fólks. Nemendur tileinka sér þekkingu, viðhorf og leikni sem endurspeglar nýjustu þekkingu og þróun iðjupjálfunarfræði á hverjum tíma. Skoðað er hvernig umhverfi í víðum skilningi og einstaklingsþættir hafa áhrif á færni og þátttöku fólks í samfélaginu og fjallað um ólíkar leiðir til úrlausna. Löggð er áhersla á að nemendur séu virkir þátttakendur í faglegri þróun og samstarfi, bæði hér á landi og á alþjóðlegum vettvangi. Nám í iðjupjálfunarfræði er 180 ECTS einingar, tekur þrjú ár og lýkur með BS- gráðu. BS- próf í iðjupjálfunarfræði opnar möguleika til ýmissa starfa í velferðarþjónustu auk þess að veita aðgang að frekara námi á meistarastigi, diplómanámi í iðjupjálfun við Háskólann á Akureyri, lýðheilsufræði, fötunarfræði eða stjórnun.

Diplómanám í iðjupjálfun er eins árs 60 ECTS eininga nám á meistarastigi. Námið er framhald af BS- námi í iðjupjálfunarfræði og ætlað þeim sem stefna á að starfa sem iðjupjálfar. Áhersla er lögð á hlutverk iðjupjálfa og fagmennsku. Nemendur tileinka sér mats- og íhlutunaraðferðir og æfa sig í þjónustu við ólíka hópa við mismunandi aðstæður. Vettvangsnám er samtals 20 vikur þar sem nemendur vinna undir leiðsögn iðjupjálfa og í samstarfi við annað fagfólk og notendur. Diplómapróf í iðjupjálfun veitir starfsréttindi sem iðjupjálfi sem veitt er af embætti landlæknis.

FRAMHALDSNÁM Í HEILBRIGÐISVÍSINDUM

Leiðarljós í skipulagi framhaldsnáms í heilbrigðisvísindum er þverfagleg áhersla á *heilsu, virkni og vellíðan*. Markmið námsins er að þeir sem útskrifast úr náminu verði gagnrýnir greinendur, ígrundandi fagmenn, breytingarliðar, ásamt því að verða víðsýnir og skapandi leiðtogar. Þetta eru þeir námskrárþættir sem áhersla er lögð á og er sem rauður þráður í uppbyggingu og innihaldi námskeiða - er leiðarljós í kennsluháttum og námsmati. Þá er í öllum námskeiðum lögð áhersla á mikilvægi vísindarannsóknna. Löggð er áhersla á frelsi nemandans til að velja sér áherslur og að hann fái ráðgjöf við valið. Til viðbótar almennum framhaldsnámi í heilbrigðisvísindum eru í boði námsleiðir þar sem nemendum gefst kostur á að leggja áherslu á sitt áhugasvið.

Framhaldsnámsdeildin hefur eflst til muna við fjölgun nema um 10% frá árinu 2016. Nemendur við framhaldsnámsdeildina voru 130 talsins árið 2017, þar af 83 skráðir í meistaranám, sem eru 20 fleiri nemendur en árið áður og 47 nemendur í diplómanám í heilbrigðisvísindum.

Við framhaldsnámsdeild er 120 eininga meistaranám í heilbrigðisvísindum til MS- gráðu. Það er byggt upp af 30 – 60 einingum í námskeiðum og meistararitgerð sem er 30 – 60 einingar. Þrjú námskeið, samtals 30 einingar, eru skyldunámskeið, en hinar 30 einingarnar eru valnámskeið, þar af skal nemandi að öllu jöfnu taka tvö námskeið innan heilbrigðisvísindasviðs. Í meistaranáminu er lögð áhersla á að nemandi velji sér námskeið og sérhæfingu sem undirbyggja að mestum hluta meistaraverkefni þeirra.

Einnig er hægt að ljúka 40 eininga diplómagráðu í heilbrigðisvísindum. Kjörsvið í meistaranámi og diplómanámi voru:

- Almennt svið
- fötun og endurhæfing
- geðheilbrigðisfræði
- heilsugæsla í héraði – fræðileg
- heilsugæsla í héraði – klínísk
- krabbamein og líknarmeðferð



- langvinn veikindi og lífsglíman
- ljósmæður – heilbrigði kvenna
- sálræn áföll og ofbeldi
- sár og sárameðferð í samstarfi við University College of Southeast Norway
- starfsendurhæfing í samvinnu við HÍ
- stjórnun í heilbrigðisþjónustu
- öldrun og heilbrigði.

Tvö námskeið á meistarastigi eru í undirbúningi á við framhalds-námsdeild þ.e. námskeið um verki og verkjameðferð ásamt námskeiði í fjarheilbrigðisþjónustu.

RANNSÓKNIR VIÐ HEILBRIGÐISVÍSINDASVIÐ

Rannsóknarstarfsemi er öflug á heilbrigðisvísindasviði og kennarar sviðsins eru þar í samstarfi við erlenda og íslenska fræðimenn. Rannsóknarstefna sviðsins hefur verið í endurskoðun á árinu 2017 og unnið er að þróun rannsóknarhópa í samræmi við hana. Allt síðan síðan á árinu 2000 hafa rannsóknaráherslur á heilbrigðisvísindasviði verið þverfaglegar.

Í rannsóknarstefnu heilbrigðisvísindasviðs segir: „Stofnaðir verði rannsóknarhópar um tiltekin rannsóknarefni innan sviðsins.“ Í ljósi þessa og vegna þess að næst þegar gæðamat verður framkvæmt á heilbrigðisvísindasviði verður framlag til rannsókna og birtinga meðal þess sem meta á, var ákveðið að kortleggja þá rannsóknarhópa sem fyrir eru innan sviðsins, og að stuðla að stofnun nýrra rannsóknarhópa um tiltekin rannsóknarefni innan sviðsins. Þá er einnig stefnt að auknum sýnileika rannsókna. Meðal annars verður heimasíða heilbrigðisvísindasviðs notuð til að birta upplýsingar um rannsóknarhópa og birtingar vísindagreina í tengslum við þá.

Á starfsþróunardegri sviðsins þann 24. október voru undirbúnar hugmyndir að rannsóknarhópum. Stjórnendateymi heilbrigðisvísindasviðs tók við hugmyndunum og vann úr þeim og síðan tóku við keflinu þær Árún K. Sigurðardóttir prófessor, Margrét Hrönn Svavarsdóttir dósent, Sigríður Inga Karlsdóttir dósent, Sigríður Halldórsdóttir prófessor og Sara Stefánsdóttir lektor. Hópurinn undirbjó starfsþróunardag heilbrigðisvísindasviðs þann 13. febrúar 2018 þar sem áfram verður unnið með efnið. Stefnt er að kynningu rannsóknarhópanna þegar þeir hafa verið formlega myndaðir, og rannsóknum þeirra, bæði á heimasíðu og í ársskýrslu Háskólans á Akureyri.

Samkvæmt rannsóknarstefnu er stefnt að því að efla rannsóknarvirkni akademískra starfsmanna. Lægd var í rannsóknarvirkni við sviðið árið 2015 en 44% meiri árið 2016. Meðaltal rannsóknarstiga á hvern akademískan starfsmann var 16.4 fyrir árið 2016 en ef teknir eru út akademískir starfsmenn sem skila engri rannsóknarvirkni verður meðaltalið 24.3. Um 30% akademískra starfsmanna við sviðið skilaði engum rannsóknum á árunum 2014, 2015 og 2016. Vonast er til að mannauðsstefna og rannsóknarstefna með áherslu á rannsóknarhópa styðji við akademíska starfsmenn sem ekki hafa skilað rannsóknum við heilbrigðisvísindasvið.

Ráðstefnur sem haldnar voru á vegum heilbrigðisvísindasviðs árið 2017

<i>Rannsóknarráðstefna heilbrigðisvísindasviðs, þar sem meistaranemendur sem lokið höfðu ritgerð sinni og fræðimenn sviðsins kynntu vísindastarf sitt.</i>	Í maí
<i>Einn blár strengur, ráðstefna um kynferðislegt ofbeldi gegn drengjum.</i> Haldin á vegum Rannsóknarmiðstöðvar gegn ofbeldi. Erlendir fyrirlesarar frá Ástralíu og Bretlandi komu með nýjustu þekkinguna til HA um efnið.	Í maí

Samstarf HA og Sjúkrahússins á Akureyri – SAK

Heilbrigðisvísindastofnun HA – HHA er sameiginlegur vettvangur starfsmanna SAK og HA til eflingar kennslu, þjálfunar og rannsókna í heilbrigðisvísindum, til miðlunar þekkingar og til kynningar á rannsóknum starfsmanna. Þann 10. maí 2017 var skrifað undir nýjan rammisamning HA og SAK.

Á árinu voru fjórir starfsmenn í hlutastörfum við HHA. Auk forstöðumanns er ein staða prófessors, ein staða dósents og tvær stöður lektora. Starfsmenn HHA komu að kennslu við heilbrigðisvísindasvið.

Megináhersla var lögð á að gera rannsóknir starfsmanna sýnilegar og aðgengilegar auk þess að efla rannsóknarvirkni starfsmanna Sjúkrahússins á Akureyri og tengja verkefni nemenda HA við þarfir sjúkrahússins. Í september var haldinn vísindadagur í samstarfi HA og SAK þar sem starfsmenn kynntu rannsóknir sínar. Vísindadagurinn var vel sóttur að venju.

HUG- OG FÉLAGSVÍSINDASVIÐ

Hlutverk hug- og félagsvísindasviðs er að bjóða upp á háskólanám og standa fyrir rannsóknum í hug- og félagsvísindum, þar með talið félagsvísindum, lögfræði og menntavísindum.

Á hug- og félagsvísindasviði er að finna námsframboð sem ekki er við aðra háskóla hérlandis. Það er BA-nám í fjölmiðlafræði og nútímafræði. Þá býður Háskólinn á Akureyri einn íslenskra háskóla upp á nám á íþróttakjörsviði sem hluta af almennu kennaranámi til leikskóla- og grunnskólakennararéttinda, og nám í heimskautarétti á framhaldsstigi. Loks ber að nefna nám í lögreglu- og löggæslufræði sem hófst haustið 2016 og er eingöngu boðið við HA.

og Háskóla Íslands í gegnum Erasmus+ en einnig Nordplus (kennara- og nemendaskiptaáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar), North2North (kennara- og nemendaskiptaáætlun University of the Arctic) og tvíhliða samstarfssamninga utan Evrópu. Þá fóru nemendur einnig til Bandaríkjanna, Kanada og Kína. Allar nemendaskiptaáætlanir og samstarfssamningar fólu í sér niðurfellingu á skólagjöldum hjá samstarfsskóla svo nemendur HA greiddu einungis innritunargjöld hér.

Stjórnskipulagi hug- og félagsvísindasviðs er lýst í reglum nr. 416/2012.

Hægt er að innritast í nám í heimskautalögfræði annað hvert ár. Í heimskautarétti er lögð áhersla á umhverfisvernd og fjölbreytni lífríkisins, mannréttindi, hafrétt, reglur um sjálfbæra þróun og auðlindir, réttindi frumbyggja í norðri, sjálfsstjórn, stjórnfestu svo og landa- og auðlindakröfur á heimskautasvæðunum. Námið fer alfarið fram á ensku. Það er kennt innan ramma samstarfssamnings um West Nordic Studies.

Á haustmisseri 2017 fékk háskólinn heimild til að bjóða doktorsnám frá og með hausti 2018. Innan félagsvísinda- og lagadeildar verður boðið rannsóknartengt doktorsnám á sviðum lögfræði og félagsvísinda og er reiknað með að fyrstu doktorsnemarnir hefji nám haustið 2018.

Hug- og félagsvísindasvið skiptist í *félagsvísinda-* og *lagadeild* og *kennaradeild*. Miðstöð skólaþróunar við Háskólann á Akureyri – MSHA er starfrækt innan hug- og félagsvísindasviðs og starfar hún í gagnvirkum tengslum við kennaradeild.

Fastir starfsmenn hug- og félagsvísindasviðs voru 56 haustið 2017. Auk þeirra kom að starfi sviðsins fjöldi stundakennara, að viðbættum kennurum á öllum skólastigum víðs vegar um land sem tóku að sér að veita nemendum leiðsögn í vettvangsnámi og æfingakennslu.

Hug- og félagsvísindasvið tók sem fyrr á móti stórum hluta þeirra erlendu skiptinema sem stunduðu nám við HA. Fjöldmörg námskeið innan félagsvísinda- og lagadeildar voru kennd á ensku, þar með talin námsbraut í heimskautarétti. Auk þess voru sérnámskeið fyrir erlenda skiptinema vísuð á sviðinu. Nemendur frá báðum deildum sviðsins fóru í skiptinám við erlenda háskóla

FÉLAGSVÍSINDA- OG LAGADEILD

Félagsvísinda- og lagadeild var fjölmennasta deild háskólans hvað nemendur varðar. Í náminu var áhersla á verkefnavinnu nemenda og námið fól í sér fjölbjóðlegar tengingar. Ráðstefnur og opnir fyrirlestrar um félagsvísindaleg og hugvísindaleg efni voru fastir liðir á svokölluðum torgum. Kennarar félagsvísinda- og lagadeildar tóku virkan þátt í slíkum viðburðum á árinu sem fyrirlesarar á viðburðum við HA og annars staðar.

Nám í lögfræði til BA-prófs við HA er um margt með öðru sniði en tíðkast við aðra íslenska háskóla. Sérstaðan felst meðal annars í alþjóðlegri nálgun. Nám í heimskautarétti er á framhaldsstigi og fer það alfarið fram á ensku. Frá hausti 2015 hefur námið verið innan samstarfs fimm háskóla um alþjóðlegt, þverfaglegt meistaranám í vestnorrænum fræðum, *West Nordic Studies Masters Programme*, <http://westnordicstudies.net/>.

Á haustmisseri 2017 innrituðust nýnemar í lögreglufræði í annað sinn við háskólann og líkt og haustið 2016 var mikil aðsókn í námið.

Við félagsvísinda- og lagadeild voru boðnar sex námsleiðir til BA-gráðu, þ.e. í félagsvísindum, fjölmiðlafræði, lögreglu- og löggæslufræði, lögfræði, nútímafræði og sálfræði. Innan félagsvísinda var hægt að velja um sex áherslusvið, sjá nánar í umfjöllun um félagsvísindi hér á eftir.

Á grunnstigi var einnig boðið 120 ECTS eininga diplómanám í lögreglufræði og voru tvær leiðir: Starfstengt nám fyrir þá sem hyggjast starfa innan lögreglunnar og nám fyrir starfandi lögregumenn. Að loknu diplómanáminu geta nemendur bætt við 60 eininga námi til BA-gráðu.



HUG- OG FÉLAGSVÍSINDASVIÐ

Í framhaldsnámi var boðið 120 ECTS eininga rannsóknartengt nám til MA-gráðu í félagsvísindum og í fjölmiðla- og boðskiptafræði. Einnig 120 eininga nám til ML-gráðu í lögfræði og enn fremur 120 eininga nám til MA-gráðu í heimskautarétti. Boðið var 90 eininga nám til LLM-gráðu í heimskautarétti og einnig 60 eininga diplómanám í heimskautarétti. Ennfremur var boðið 30 eininga diplómanám í fjölmiðla- og boðskiptafræði ofan á grunnnám.

Fjölmiðlafræði

Fjölmiðlafræði skoðar gangvirki fjölmiðlanna og stöðu þeirra og áhrif í samfélaginu. Námið tekur mið af þróun sem orðið hefur á þessu sviði í helstu háskólum á Vesturlöndum. Leitast er við að samþætta faglega þekkingu sem kennd er í svonefndum blaðamannaskólum og fræðilega þekkingu og aðferðafræði sem kennd er í hefðbundnu háskólanámi. Slík samtvinnun er eftirsóknarverð í námi af þessu tagi og til þess ætluð að gera nemendur hæfari til að takast á við samfélagsbreytingar sem fylgja upplýsingatæknibyltingunni og síhækkandi almennu menntunarstigi. Nemendur tóku þátt í gerð ýmiss konar fjölmiðlaefnis í prent- og ljósvakamiðlum. Áberandi er hve margir útskriftarnemar hafa fengið störf á fjölmiðlum eða sinna fjölmiðlatengdum störfum.

Nútímafræði

Nútímafræði er þverfaglegt nám á sviði félags- og hugvísinda. Það er blanda af heimspeki, siðfræði, sagnfræði, íslensku og samfélagsgreinum. Mörg valnámskeið voru í boði og góðir möguleikar á skiptinámi, bæði á Íslandi og erlendis. Námið er heppilegur kostur fyrir þá sem vilja afla sér víðtækrar menntunar og öðlast traustan grunn fyrir framhaldsnám í ýmsum greinum hug- og félagsvísinda. Nemendur ljúka 120 ECTS einingum í kjarnanámskeiðum. Auk þess er valið á milli fjögurra áherslusviða: Nútímafræði, sagnfræði, heimspeki og íslensku.

Sálfræði

Sálfræði leitast við að skilja og útskýra mannlega hegðun, hugsun og tilfinningar. Sálfræðinám við Háskólann á Akureyri er fjölbreytt og veitir grunnþekkingu á sálfræði sem fræðigrein. Í náminu er meðal annars lögð áhersla á að veita almenna þekkingu á mismunandi sviðum fræðigreinarinnar, bæði hvað varðar kenningar og rannsóknaraðferðir. BA-próf í sálfræði veitir því ekki sérhæfingu á ákveðnu sviði innan sálfræðinnar, heldur fá nemendur gott tækifæri til að kynna sér hin margvíslegu svið hennar. Það auðveldar val á áhugasviði sem nemendur geta síðan

lagt stund á í framhaldsnámi. Nemendur frá HA sem vilja öðlast starfsréttindi sem sálfræðingar hafa einkum sótt sér framhaldsmenntun hér á landi og á hinum Norðurlöndum.

Félagsvísindi

BA-námið byggir á kenningalegum og aðferðafræðilegum grunni félagsvísinda. Það byggir einkum á félagsfræði, mannfræði og stjórnmálafræði. Nemendur öðlast innsýn í eðli mannslegrs samfélags og hreyfilögmál félagsgerðar, menningar, stjórnmála og efnahagslífs. Námið veitir umtalsverða þjálfun í aðferðafræði félagsvísinda, skipulagningu rannsóknarverkefna og framsetningu á niðurstöðum fyrir almenning og fræðimenn. Það er sambærilegt við BA-nám í einstökum undirgreinum félagsvísinda við aðra innlenda og erlenda háskóla. Að námi loknu hafa nemendur traustan grunn til framhaldsnáms og margvíslegra starfa á innlendum og alþjóðlegum vettvangi. BA-nám í félagsvísindum var hægt að stunda með eftirtöldum áherslugreinum:

- Almenn félagsvísindi með valnámskeiðum að eigin vali.
- Byggðfræði, áhersla á byggðaðróun á Íslandi, fólksflutninga innanlands og utan, áhrif samgöngubóta á afskekkt samfélög, nýsköpun og atvinnuuppbyggingu á landsbyggðinni, stjórnmál, stjórnsýslu og stefnumótun í byggðamálum.
- Ferðamálafræði með áherslu á samfélagsrýni og skilning á samtímamenningu, í samhengi við markaðssetningu og stjórnun í ferðaþjónustu í dreifðum byggðum Íslands og á sambærilegum jaðarsvæðum við Norður-Atlantshaf.
- Kynjafræði, áhersla á kynjun og kyngervi, stöðu kynjanna í dreifbýli og þéttbýli, breytingar á jafnréttisviðhorfum og verkaskiptingu á heimilum, fjölskyldugerðir og líðan barna, kynhegðun unglunga og stöðu samkynhneigðra í samfélaginu.
- Norðurslóðafræði, áhersla á félagslega, hagræna, menningarlega og pólitíska þætti þróunar á norðurslóðum, í samhengi við hnattvæðingu, umhverfisbreytingar, auðlindanýtingu, atvinnu- og byggðamál, mannauð og sjálfbærni.
- Æskulýðsfræði með áherslu á unglíngamenningu, áhættuhegðun, kynheilbrigði, íþróttar- og tómstundastarf, framtíðaráform og tengsl milli kynslóða í samhengi við sérstöðu Íslands og almenna þjóðfélagsþróun á Vesturlöndum.

Lögfræði

Meginmarkmið BA-náms í lögfræði er að nemendur öðlist þekkingu í undirstöðuatriðum lögfræðinnar með áherslu á lagafram-



kvæmd á Íslandi, annars staðar í Evrópu og í alþjóðlegu samhengi. Nemendur takast á við grunngreinar íslenskrar lögfræði og kynnast lögum og rétti í sögulegu, félagslegu og heimspeki- legu samhengi og nýta ennfremur aðferðir samanburðarlögfræði þar sem það á við. Í meistaranáminu er lögð áhersla á íslenska lögfræði. Tveggja ára meistaranám til ML-gráðu í framhaldi af þriggja ára BA-prófi í lögfræði jafngildir hefðbundnu fimm ára námi til embættisprófs í lögfræði.

Hægt er að innritast í nám í heimskautilögfræði annað hvert ár. Í heimskautilögfræði er lögð áhersla á umhverfisvernd og fjölbreytni lífríkisins, mannréttindi, hafrétt, reglur um sjálfbæra þróun og auðlindir, réttindi frumbyggja í norðri, sjálfsstjórn, stjórnfestu svo og landa- og auðlindakröfur á heimskautilögfræðunum. Námið fer alfarið fram á ensku. Það er kennt innan ramma samstarfssamnings um *West Nordic Studies*. Nemendur hafa val um að taka eitt misseri í skiptinámi við einhvern samstarfsskólanna: Háskólinn í Færeyjum, háskólinn á Grænlandi, Nordland-háskólinn í Noregi og Háskóla Íslands.

Lögreglufræði

Lögreglufræði fjallar um viðfangsefni löggæslu í víðu samhengi. Nám í lögreglufræði miðar að því að veita nemendum haldgóða undirstöðufærni í því að fyrirbyggja og upplýsa um brot á lögum og að tryggja almennt öryggi borgaranna. Námið er fjölbreytt og veitir grunnþekkingu á lögreglufræði sem fræðigrein, en er jafnframt tengt starfi lögreglu á grundvelli laga, reglna, þjálfunar og alls verklags sem er mikilvægt í starfi lögreglunnar.

BA-nám í lögreglu- og löggæslufræði leggur grunn að ólíkum leiðum í námi og starfi. Það er góður kostur fyrir nemendur sem vilja afla sér víðtækrar menntunar á sviði lögreglu- og löggæslufræði.

Diplómanám í lögreglufræði er skipulagt til tveggja ára. Diplómanám fyrir verðandi löggreglumenn undirbýr nemendur fyrir störf í mesta þéttbýlinu sem og til að starfa á fámennum og víðfeðmum svæðum þar sem viðkomandi lögreglumaður þarf að geta gengið í nánast öll störf. Hluti af náminu er starfsnám sem veitir starfsréttindi til að hljóta skipun hjá lögregluembætti- um landsins.

Diplómanám fyrir starfandi löggreglumenn er ætlað þeim sem vilja kynnast fræðigreininni betur og dýpka þekkingu sína á löggæslu og rannsóknum afbrota, eða vilja prófa nýja nálgun að faginu. Það felur ekki í sér starfsþjálfun. Nemendur geta bætt 60 eininga námi ofan á diplómanámið til BA-gráðu.

Mennta- og starfsþróunarsetur lögreglu – MSL annast starfsnám nemenda í lögreglufræði í samstarfi við Háskólinn á Akureyri. Nemendur sem sækja um starfsnám í lögreglufræði þurfa að fullnægja almennum skilyrðum sem kveðið er á um í 38. gr. lög- reglulaga nr. 90/1996, standast fræðileg námskeið, þrekpróf, læknisskoðun og fleira. Meginmarkmið námsins er að mennta nemendur sem stefna á störf í lögreglu.

KENNADEILD

Kennaradeild skiptist í kennarabraut og menntavísindabraut.

Aðsókn að námi á bakkalárstigi í kennaradeild haustið 2017 dróst lítillega saman frá árinu áður en jókst aftur á móti í meistaranámi í menntunarfræði. Alls hófu um 60 nemendur nám á bakkalárstigi og 55 nýnemar voru skráðir í MEd-nám. Á menntavísindabraut hófu 32 nemendur nám haustið 2017, 15 í námi til MA-gráðu og 17 í námi til viðbótardiplóma.

Vorið 2017 lagði kennaradeild áherslu á auknið samstarf við leik- og grunnskóla á Eyjafjarðarsvæðinu með því að bjóða skólunum að senda kennara í 30 ECTS eininga nám. Áhersla var á starfstengda leiðsögn með kennaranemum á vettvangi og með nýjum kennurum í starfi. Þetta fór fram á menntavísindabraut og var skólunum að kostnaðarlausu.

Alls nýttu níu skólar sér tilboðið og sendu þeir tólf kennara á fyrsta námskeiðið. Þeir munu ljúka náminu í síðasta lagi vorið 2019. Stefnt er að því að í hverjum skóla verði kennari sem lokið hefur 30 einingum í faglegri, starfstengdri leiðsögn á vettvangi sem skilar sér í auknum faglegum stuðningi bæði við nýja kennara og við kennaranema. Með þessu samstarfi er kominn mjög góður grundvöllur fyrir samtal og samvinnu háskólans sem menntar kennara og skólanna sem eru starfsvettvangur þeirra.

Kennaradeild HA og Kennarasamband Íslands gerðu með sér samning um samstarfsnefnd aðila árið 2015. Einnig hafa kennaradeild og Miðstöð skólaþróunar við Háskólinn á Akureyri formlegt samstarf við Samstarf íslenskra sveitarfélaga frá sama ári. Þessum samningum var báðum fylgt eftir á árinu 2017, til dæmis hélt samstarfsnefnd HA og KÍ sameiginlegan fund á vordögum.

Samstarf af þessu tagi er nauðsynlegt en meðal þess sem helst var til umfjöllunar var yfirvofandi kennaraskortur í leik- og grunnskólum og hvað unnt sé að gera til þess að auka nýliðun í kennarastétt. Kennaradeild, auk Menntavísindasviðs HÍ og Sambands íslenskra sveitarfélaga, á jafnframt fulltrúa í nefnd sem

HUG- OG FÉLAGSVÍSINDASVIÐ

ætlað er að ræða það málefni sérstaklega og leggja fram tillögur til úrbóta.

Í febrúar kom út hjá Ríkisendurskoðun skýrslan *Kostnaður og skilvirkni kennaramenntunar*. Háskóli Íslands og Háskólinn á Akureyri. Markmið úttektarinnar var annars vegar að draga fram stöðu kennaramenntunar í opinberu háskólunum og hins vegar að kanna kostnað og skilvirkni kennaramenntunar í skólunum.

Í skýrslunni er að finna gagnlegar upplýsingar sem ekki er unnt að gera tæmandi skil á þessum síðum. Þó er mikilvægt að nefna að úttektin dregur fram alvarlegar vísbendingar um yfirvofandi kennaraskort í landinu ef ekki verður tekið í taumana.

Gripið hefur verið til margvíslegra aðgerða í kennaradeild til að stemma stigu við þessari þróun. Má þar nefna fjölgun námskosta verðandi kennara, áherslu á góðar námsaðstæður staðarnema og þróun leiða til að koma sem best til móts við þarfir fjarnema. Einnig má nefna skipulagða handleiðslu fyrsta árs nema en það verkefni hefur verið í gangi um nokkurra ára skeið. Tilgangur handleiðslu er að hlúa betur að nýnemum til að draga eins og kostur er úr brotthvarfi. Í því efni hefur athyglinni verið sérstaklega beint að fjarnemum. Frá því að verkefnið hófst hefur fjarnemum sem nýta sér handleiðslu fjölgað og margir hverjir nýtt sér þennan stuðning áfram í náminu eftir fyrsta árið sem segir sitt um gagnsemi verkefnisins.

Skýrslu Ríkisendurskoðunar má finna á vefslóðinni <https://rikisendurskodun.is/wp-content/uploads/2017/02/SU-kostnadur-og-skilvirkni-kennaramenntunar-HI-og-HA.pdf>

Kennaradeild tók þátt í alþjóðlegu samstarfi af ýmsum toga. Má þar nefna sem dæmi kennaraheimsóknir í tengslum við Erasmus-samninga HA og áframhaldandi þátttöku deildarinnar í samnorrænu Baltic Nordplus verkefni kennaramenntunarstofnana, *Network for Teacher Education*. Samstarfið felur meðal annars í sér sameiginlegt námskeiðahald þeirra skóla sem taka þátt en þeir eru, auk Íslands, frá Finnlandi, Danmörku, Svíþjóð, Norgei, Eistlandi, Lettlandi og Litháen. Í samstarfinu felst hönnun námskeiðanna, kennsla og þátttaka nemenda þátttökuskólanna í þeim, sem geta mest orðið fjórir frá hverju landi. Haustið 2017 var boðið upp á námskeiðið *Comparative Aspects of Social Justice Equity, Diversity and Inclusion in Education in Baltic-Nordic Countries*, CASED, og tóku þrír nemendur frá kennaradeild þátt í því.

Á kennarabraut var boðið heildstætt fimm ára kennaranám sem skiptist í þriggja ára 180 ECTS eininga kennaranám til BEd gráðu og tveggja ára 120 eininga nám í menntunarfræðum til MEd gráðu.

Í BEd-náminu er hægt að velja um þrjú kjörsvið: Leikskólakjörsvið – grunnskólakjörsvið – íþróttakjörsvið. Í MEd-náminu sérhæfa nemendur sig til kennslu á leikskólastigi, grunnskólastigi eða framhaldsskólastigi.

MEd-námið er einnig opið þeim sem lokið hafa BA- eða BS-gráðu á öðrum námssviðum. Að því loknu geta nemendur sótt um leyfisbréf til kennslu á því skólastigi sem þeir hafa sérhæft sig til.

Haustið 2017 hófst lokanámsár þeirra sem stunda nám samkvæmt eldra námsskipulagi til BEd- gráðu og verða þeir því síðasti árgangur nemenda sem útskrifast samkvæmt því skipulagi.

Á grunnstigi var boðið upp á tveggja ára 120 eininga diplómanám í leikskólafræði.

Á framhaldsstigi var boðið 60 eininga diplómanám í menntunarfræði ætlað þeim sem lokið hafa meistaraþrófi í kennslugrein í framhaldsskóla og vilja afla sér kennsluréttinda á framhaldsskólastigi.

Á menntavísindabraut fer fram nám sem ætlað er kennurum og öðrum þeim sem vilja efla starfshæfni sína og sérþekkingu á sviði menntavísinda. Námið er sniðið fyrir þá sem þegar hafa öðlast leyfisbréf til kennslu og vilja dýpka þekkingu sína og efla sig sem kennara, eða stunda rannsóknir og fræði á þekkingarsviðinu. Tvær mislangar námsleiðir eru innan brautarinnar. Annars vegar er 120 ECTS rannsóknartengt meistaranám til MA-gráðu fyrir þá sem vilja sérhæfa sig á tilteknu sviði til ýmissa starfa í menntakerfinu og/eða stunda rannsóknir og fræðistörf.

Hins vegar er 60 ECTS viðbótarnám (DiplEd). Það er ætlað þeim sem vilja sérhæfa sig á tilteknu áherslusviði og auka hæfni sína til starfa. Á árinu 2017 var innritað á eftirtalin áherslusvið:

- Almennt svið
- Nám og læsi – lestrarfræði
- Nám og margbreytileiki – sérkennslufræði
- Stjórnun og forysta í lærdómssamfélagi
- Upplýsingatækni í námi og kennslu

Rannsóknir við hug- og félagsvísindasvið:

Starfsfólk við fræðasviðið var virkt í rannsóknum eins og meðfylgjandi töflur sýna. Þær eru þó ekki tæmandi fyrir rannsóknir og þátttöku í ráðstefnum eða fræðileg skrif.



Félagsvísinda- og lagadeild:

Global Arctic Programme: https://www.globalarctic.org/
Natural resources, risk-based due diligence, stakeholder engagement and public participation in decision-making: building comparative Arctic-Global South sustainability research
Slow Adventure in Northern Territories (SAINT): http://saintproject.eu/
Arctic Climate Predictions – Pathways to Resilient, Sustainable Societies (ARCPATH): http://www.ncoe-arcpa.org/
Philosophy of Law in the Arctic: www.uarctic.org
Patterns of Dysfunction in Contemporary Democracies; Impact on Human Rights and Governance: http://nordic.university/
Critique in the Age of Populism 2018 – 2020: http://nordic.university/
RECPOL – Recruitment, Education and Careers in the Police: A European Longitudinal Study
Lögregla í landsbyggðunum
Mobilities and Transnational Iceland: http://mobileiceland.hi.is
Enhancing labour opportunities for women in the Nordic Countries http://www.nikk.no/en/gender-equality-fund/search-projects/projects/enhancing-labour-opportunities-for-women-in-the-nordic-countries/
Explaining regional differences in adaptation and satisfaction among immigrant population in Iceland. Styrkt af Bygðarannsóknarsjóði.
Arctic Youth and Sustainable Futures (ARCTIC YOUTH): http://www.svs.is/en/projects/arctic-youth-and-sustainable-futures
NUNATARYUK – : https://www.awi.de/en/science/geosciences/periglacial-research/projects/nunataryuk.html
Resource Extraction and Sustainable Arctic Communities (REXSAC): https://www.rexsac.org/
Reflections of Change: The Natural World in Literary and Historical Sources from Iceland ca. AD 800 to 1800 (ICECHANGE): Verkefninu var hrundið af stað í nóvember 2017 og heima-svæði á netinu er undirbúningi.
Arctic Sustainability: A Synthesis of Knowledge (ASUS): http://grantome.com/grant/NSF/PLR-1532655

Arctic Frontiers of Sustainability: Resources, Societies, Environments and Development in the Changing North (ArcticFrost): https://arctic-frost.uni.edu/about/
Resources and Sustainable Development in the Arctic (ReSDA): http://yukonresearch.yukoncollege.yk.ca/resda/
Sustainable Adaptation to Climate Change and Globalization in Disko Bugt, West Greenland – Identifying Opportunities and Threats.
Circum-Arctic Coastal Communities Knowledge (CACCON): https://www.caccon.org/
Marine Resource Governance in the Arctic: https://www.sdu.dk/en/Om_SDU/Institutter_centre/c_arctic
Rural Behavioral Consultation: A Quantitative and Qualitative Analysis of the Effects of Telehealth on Child and Family Progress and Satisfaction (PhD- verkefni).
Gender in the Nordic Research and Innovation area: http://www.samfunnsforskning.no/core/nordicore/english/index.html
NORDICORE - Gender balance in academia.
Synaesthesia – the Roles of Association Learning and of Differential Brain Development. https://synesthesiaproject.wordpress.com/
The effects of phasic arousal on attention, perception and memory.
Are the information in visual short-term memory revealed by varying probing methods?
Sexuality and the internet in the second half of life: https://www.rvvi.cz/cep?s=jednoduchevyhledavani&s-s=detail&n=0&h=GA17-11384S
New behavioral addictions: games and sexuality online: https://www.rvvi.cz/cep?s=jednoduchevyhledavani&s-s=detail&n=0&h=GA15-19221S
HBSC – rannsóknin, Heilsa og líðan skólánema: http://www.hbsc.is/

Kennaradeild:

Makerspaces in the early years: Enhancing digital literacy and creativity (MakeY): http://makeyproject.eu/
Íslenska sem námsgrein og kennslutunga.

Ytri úttektir á íslenskum framhaldsskólum. Sjá útgáfuskrá Menntamálastofnunar: https://mms.is/framhaldsskolar-1	Greinin „Visions and Divides in Icelandic Contemporary Art í Digital Dynamics in Nordic Contemporary Art“. Ritstjóri Tanya Toft. Útgefandi Chicago University Press. Áætluð útgáfa nóvember 2018.
<i>Immigrants in Education: A New Challenge:</i> http://english.unak.is/research/moya/page/immigrants-in-education-a-new-challenge	S.I.á.t.u.r. (vinnutitill). Fyrir bókina <i>The Avant-Garde in the Nordic Countries: 1975 – 2000s History, Culture and Aesthetics</i> . Útgefandi Rodopi. (Í vinnslu.)
Lok á ritun bókar <i>Skólar og Lýðræði: Um borgaramenntun</i> , yfirferð athugasemda ritrýna og frágangur texta til útgáfu hjá Háskólaútgáfunni.	<i>CRISTAL – Creative Regions for Innovation, Skills, Technology, Accessibility and Learning</i> . Alþjóðlegt rannsóknarverkefni (Erasmus+) um þróun á námskrá sem leggur áherslu á sjálfbærni, sköpun og frumkvöðlafræði á öllum skólastigum.
Norrænt rannsóknarverkefni með áherslu á að skilja væntingar kennara til starfa skólastjóra. Gerð spurningalista og forprófun. Samstarf aðila frá Íslandi, Svíþjóð, Noregi, Danmörku og Finnlandi.	Rannsókn á meistaranámi við HA: <i>Meistaránám: Námsframvinda og atvinnutækifæri á landsbyggðunum</i> . Rannsóknin var styrkt af Jafnréttissjóði 2016.
Unnið að því að þróa mælitæki til að meta stöðu skóla sem lærdómssamfélags. Samstarf HA og HÍ. Spurningalista-könnun send út til kennara í tveimur sveitarfélögum.	Rannsóknarhópur um stöðu og þróun skóla án aðgreiningar, skólaþjónustu við skóla og gæði kennslu. Hópurinn hefur fékk styrk frá Rannsóknarsjóði HA til að rannsaka stefnu, umgjörð, fjármögnun og starfshætti skólaþjónustu sveitarfélaga. Einnig er hópurinn aðili að styrkumsókn til NORDFORSK með fulltrúum Norðurlandanna með áherslu á að rannsaka gæði kennslu, <i>Quality in Nordic Teaching (QUINT)</i> .
Rannsókn á stöðu lærdómssamfélags og teymisvinnu í einum skóla fimm árum eftir innleiðingarferli.	Rannsóknarhópur sem er aðili að styrkumsókn til Nordforsk/New learning and teaching environments and practices. A Call for Proposals for a Nordic Centre of Excellence : Education for Diversity and Inclusion: transforming educational practices (editEDU). Þátttakendur frá Norðulöndum og fleiri þjóðum.
Rannsóknarhópur sem vinnur að nokkrum greinum þar sem áframhaldandi vinna eru unnin úr hreyfingagögnum, sem safnað var í öðrum fasa <i>Öldrunarrannsóknar Hjartaverndar</i> .	Inclusive societies? The integration of immigrants in Iceland. (Rannís- styrkur 2018).
Lok á ritun bókar <i>Byrjendalæsi: Rannsókn á innleiðingu og aðferð</i> sem byggir á rannsókn sem unnið hefur verið að í nokkur ár. Upplýsingar um rannsóknina á vef: http://staff.unak.is/runar/Rannsoknir/BL_rannsokn.htm	Áhrif verkefnisins <i>Sögur</i> (KrakkaRÚV – verðlaunahátíð barnanna) á læsinnám í 1. – 7. bekk.
Rannsókn á forystu fræðslufirvalda sveitarfélaga um málefni grunnskólans.	Tímatáknun í vesturíslensku. Notkun tíðar og horfs í máli afkomenda vesturfarana.
Rannsókn á stuðningi við skólastjóra leik- og grunnskóla í námi og starfi.	Um ofnotkun í íslensku máli. Merkingarleg og setningarleg greining á því hvernig Íslendingar tákna óhóf, svo sem ofát og það að borða yfir sig.
Samanburðarrannsókn á skólakerfum 14 landa þar sem áhersla er á stofnanir á vegum menntamálayfirvalda og hlutverk þeirra við að styðja við skólastarf.	Námshengi að loknu skyldunámi út frá félagslegri stöðu nemenda og einkennum framhaldsskóla. Yfirstandandi doktorsrannsókn.
<i>Orðaforði, nám og læsi.</i> Rannsókn á hvaða aðferðir grunnskólakennarar nota í því skyni að efla orðaforða og læsi nemenda á mið- og unglingastigi.	Universities and Democracy: A Critical Analysis of the Civic Role and Function of Universities in a Democracy – Litterature review and Rannís application. Rannsóknin fékk styrk frá Rannsóknarsjóði HA á árinu 2017.
<i>Áhrif innleiðingar Orð af orði kennslufræðinnar (Vocabulary Oriented Literacy Approach (VOLA), á nám og kennslu í grunnskóla.</i> Rannsókn á áhrifum Orð af orði kennslufræðinnar á nám og kennslu á mið- og unglingastigi í grunnskóla.	
Greinin „Early Expressionism in Icelandic Art: Jón Stefánsson, Jóhannes Kjarval, and Finnur Jónsson“ birtist í ritinu <i>The Routledge Companion to Expressionism in a Transnational Context</i> . Ritstjóri Isabel Wünche. Tilbúið handrit bíður útgáfu. https://www.routledge.com/The-Routledge-Companion-to-Expressionism-in-a-Transnational-Context/Wunsche/p/book/9781138712553	



MIÐSTÖÐ SKÓLAÞRÓUNAR - MSHA MIÐSTÖÐ SKÓLAÞRÓUNAR

Miðstöð skólaþróunar er starfrækt innan hug- og félagsvísinda-sviðs Háskólans á Akureyri. Hlutverk hennar er að efla leik-, grunn- og framhaldsskóla sem faglegar stofnanir og vera farvegur þekkingar til starfandi kennara á öllum skólastigum og frá þeim til háskóla.

Meginviðfangsefni sérfræðinga MSHA lúta að þróunar- og um-bótastarfi á vettvangi skólastarfs og annast þeir ráðgjöf og fræðslu til starfandi kennara og skólastjórnenda. Innan MSHA hefur byggst upp margvísleg þekking á stjórnun og forystu, starfsþróun og fagmennsku, fjölbreyttum starfsháttum í skól-um, námskrárgerð, mati á skólastarfi og læsi. Í samstarfi við sérfræðinga innan kennaradeildar Háskólans á Akureyri hefur miðstöðin forgöngu um að kynna kennurum nýjungar á sviði skólaþróunar. MSHA stendur auk þess fyrir rannsóknum á starfs-háttum í skólum (starfendarannsóknum) og heldur ráðstefnur, námskeið og fræðslufundi. Þá sinna sérfræðingar MSHA kennslu í kennaradeild og hafa umsjón með lokaverkefnum bakkalár- og meistaranema.

MSHA hefur með höndum sérfræðipjónustu við leik- og grunn-skóla Akureyrarbæjar skv. sérstökum samningi þar um. Fleiri sveitarfélög víðsvegar um landið hafa að auki gert tímabundna samninga við MSHA um ýmis áhugaverð skólaþróunarverkefni. Unnið er samkvæmt starfs- og þróunaráætlunum viðkomandi sveitarfélags/skóla. Í starfi MSHA á vettvangi skólastarfs er lögð áhersla á fræðslu, ráðgjöf, samræðu, samvinnu og ígrundun. Skólaþróunarverkefnum er ætlað er að leiða til starfsþróunar og eflingar skólastarfs á öllum skólastigum.

Helstu verkefni hjá Miðstöð skólaþróunar á árinu 2017:

- *Byrjendalæsi, Læsi til náms og Orð af orði* – þróun starfshátta í læsiskennslu í leik- og grunnskólum
- Málörvun nemenda af erlendum uppruna – þróunar-verkefni í leikskólum
- Mótun læsisstefnu Akureyrarbæjar og Eyjafjarðar – þróunarverkefni undir hatti lærdómssamfélagsins
- Þróun starfshátta í stærðfræðikennslu
- *Samskipti stúlkna* – þróun fyrirbyggjandi aðgerða gegneinelti, sérstaklega hjá stúlkum
- *Krakkaspjall* – samskiptaverkefni á yngsta- og miðstigi
- *Unglingaspjall* – samskiptaverkefni á unglingastigi

- *Hugleikur* – samræður til náms – þróunarverkefni á öllum skólastigum
- *Bekkjarfundir* – ráðgjöf og stuðningur við starfandi kennara á grunn- og framhaldsskólastigi
- Forvarnir gegn einelti – stuðningur og ráðgjöf við gerð forvarnaáætlana gegn einelti
- Leiðsagnarmat – þróun fjölbreyttra leiða í námi, kennslu og námsmati á öllum skólastigum
- *Snjallvagninn* – notkun snjalltækja í námi og kennslu í leikskólum og á yngsta stigi grunnskóla
- *Skapandi skólastarf* – þróunarverkefni í upplýsinga-tæknimennt á öllum skólastigum með sérstakri áherslu áforritun
- *Leiðtogar í eigin námi* – þróunarverkefni með grunn-skólunum í Hrísey og Grímsey
- Ráðgjöf og stuðningur við stefnumótun og námskrárgerð á öllum skólastigum
- Úttektir og mat á skólastarfi
- Námssefnisgerð í tengslum við málörvun og læsi

Ráðstefnur, námsstefnur, málþing og samræðusmiðjur.

MSHA stendur árlega fyrir ráðstefnum um skólamál með þátt-töku sérfræðinga úr háskólum bæði hérlandis og erlendis. Haustráðstefna um læsi er haldin annað hvert ár, auk þess hefur miðstöðin í samstarfi við bókasafn og upplýsingaþjónustu HA og Amtsbókasafnið á Akureyri staðið fyrir ýmiss konar viðburðum á Alþjóðadegi læsis 8. september.

Árleg vorráðstefna MSHA var haldin þann 1. apríl og bar yfirskrift-ina *Jafnrétti í skólastarfi*. Rúmlega 100 þátttakendur sóttu ráð-stefnuna. Ráðstefnan var haldin í samstarfi við Jafnréttisstofu.

Nokkrar samræðusmiðjur voru haldnar á vorönn 2017 og tengd-ust þær vinnu við læsisstefnu Akureyrarbæjar fyrir leik- og grunn-skóla. Samræðusmiðjur leikskólakennara voru sem hér segir:

- Þann 8. mars kynnti leikskólinn Kiðagil hvernig unnið er með læsi í skólanum
- Þann 4. apríl sögðu leikskólarnir lðavöllur og Kiðagil frá því hvernig unnið er með Lubbaefnið í leikskólunum
- Þann 4. maí kynnti leikskólinn Krummakot *Söguaðferðina* og *Orðaspjall* og leikskólinn Pálmholt greindi frá sinni læsisvinnu sem þau kalla Lesleik.

Samræðusmiðja með foreldrum leik- og grunnskólabarna á Akureyri um þátt foreldra í læsisnámi barna var haldin þann 16. mars.

Samræðuþing Hugleiks var haldið í HA þann 17. maí. Á þinginu leiddi Jason Buckley, samræðukennari og kennari við SAPERE-verkefnið, þátttakendur í gegnum skemmtileg og hagnýt samræðuverkefni. Þátttakendur voru 35.

Á fyrri hluta árs störfuðu níu sérfræðingar hjá MSHA í 6,2 stöðugildum, á síðari hluta árs voru þeir átta í 6,1 stöðugildi. Forstöðumaður er Laufey Petrea Magnúsdóttir

www.msha.is





VIÐSKIPTA- OG RAUNVÍSINDASVIÐ

Hlutverk viðskipta- og raunvísindasviðs er að mennta nemendur til starfa á sviði góðrar auðlindanýtingar í anda sjálfbærni, sem og að veita nemendum þekkingu og þjálfun í viðskiptafræði til ábyrgðarstarfa við rekstur fyrirtækja, stofnana og samtaka.

Viðskipta- og raunvísindasvið hefur námsframboð sem ekki er að finna við aðra háskóla hér á landi. Það er sérhæft nám í líftækni og sjávarútvegsfræðum á BS-stigi og nám til MS-gráðu í auðlindafræðum á sömu sviðum. Ennfremur nám til MRM-gráðu í haf- og strandsvæðastjórnun í samstarfi við Háskólasetur Vestfjarða. Á haustmisseri fékk háskólinn heimild til að bjóða doktorsnám frá og með hausti 2018. Viðskipta- og raunvísindasvið mun bjóða doktorsnám í auðlindastjórnun – *Natural Resource Science and Management*.

Árið 2017 fóru tíu nemendur af viðskipta- og raunvísindasviði til skiptináms við erlendar háskólastofnanir á vegum Erasmus og Nordplus. Kennarar sviðsins sóttu ráðstefnur og fundi erlendis vegna ýmiss konar tengsla. Nefna má að þrír kennarar fóru til Rúmeníu á vegum EFTA-sjóðsins og aðrir tveir til Danmerkur, Lettlands, Litháen og Svíþjóðar á vegum Nordplus (Nobanet). Þá voru haldnir þrír fundir í tengslum við ESPON (Evrópska rannsóknaráætlunin um byggða- og svæðarannsóknir) í Belgíu, í Eistlandi og á Möltu.

Vegna breytinga á fyrirkomulagi náms við Sjávarútvegsskóla Sameinuðu þjóðanna voru engir nemendur þaðan að vinna við lokaverkefni sín á viðskipta- og raunvísindasviði, sem hefur þó verið síðari ár.

Samstarf við aðra íslenska háskóla hefur farið vaxandi. Í samstarfi við Háskólann í Reykjavík er boðið nám í tölvunarfræði í HA og einnig diplómanám í haf- og tengdri nýsköpun, sem fram fer í Vestmannaeyjum. Á árinu var undirbúið enn frekara samstarf um grunnnám og framhaldsnám með Háskólanum í Reykjavík og Háskóla Íslands. Mikið samstarf við fyrirtæki í atvinnulífi um rannsóknir og kennslu gefur námi á sviðinu hagnýta vídd. Kennarar stunda öflugar rannsóknir í alþjóðlegu samhengi og í samstarfi við innlendar og erlendar rannsóknarstofnanir og fyrirtæki. Það styrkir verulega grundvöll rannsóknartengds meistaranáms við fræðasviðið.

Fastir kennarar við viðskipta- og raunvísindasvið voru 25 að meðtöldum kennurum sem sviðið deilir með rannsóknarstofnunum sem aðsetur hafa á Borgum. Meðal kennara sviðsins eru átta prófessorar.

Stjórnskipulagi viðskipta- og raunvísindasviðs er lýst í reglum nr. 864/2009.

Sjávarútvegsfræði

Markmið námsins er að veita nemendum góðan þekkingargrunn til að starfa í sjávarútvegi og tengdum greinum og breiðan grunn til frekara náms. Námið veitir þverfaglega þekkingu sem nýtist sérstaklega vel til stjórnunarstarfa. Kennnd eru undirstöðunámskeið raun- og viðskiptagreina. Sérnámskeið sjávarútvegsfræði eru um vistkerfi sjávar og um veiðar og vinnslu sjávarafurða. Mikil áhersla er lögð á samvinnu við fyrirtæki og stofnanir sem vinna við sjávarútveg og stoðgreinar hans, ekki síst í tengslum við lokaverkefni nemenda.

Viðskipta- og raunvísindasvið skiptist í tvær deildir, *auðlinda-deild* og *viðskiptadeild*. Náð samstarf er við Sjávarútvegsmiðstöðina við Háskólann á Akureyri – SHA og sviðið tekur einnig þátt í samstarfi um Sjávarútvegsskóla Sameinuðu þjóðanna – UNU – FTP.

Erlendir skiptinemar til sviðsins voru 27 talsins frá Finnlandi, Ítalíu, Japan, Kanada, Póllandi, Slóvakíu, Slóveníu, Svíþjóð, Tékklandi og Þýskalandi. Námskeið á vegum Nordplus (EkoTekNord) var haldið í Háskólanum á Akureyri dagana 27. febrúar – 4. mars. Í því tóku þátt 32 nemendur, þar af fjórir íslenskir, auk þess sem níu erlendir kennarar voru með í för og sinntu þeir kennslu ásamt kennurum frá HA. Viðskipta- og raunvísindasvið tók einnig á móti gestum frá samstarfsskólum í Póllandi, Rússlandi og Ungverjalandi.

AUÐLINDAEILD

Innan auðlindadeilda eru tvær námsbrautir, líftækni og sjávarútvegsfræði.

Lögð er áhersla á að auka þekkingu á auðlindum norðurslóða í víðum og þverfaglegum skilningi. Í starfi deildarinnar fara saman nám og rannsóknir í líftækni, sjávarútvegsfræðum og öðrum náttúruvísindum samhliða áherslum á hagfræði, viðskiptafræði og stjórnun. Slík menntun er forsenda góðrar auðlindastjórnunar og styður sjálfbæra nýtingu auðlinda til verðmætasköpunar. Starfsemi deildarinnar var svipuð og undanfarin ár.



VIÐSKIPTA- OG RAUNVÍSINDASVIÐ

Í auðlindadeild var boðið þriggja ára 180 ECTS eininga nám til BS-gráðu í sjávarútvegsfræði og einnig í líftækni.

Í fyrsta sinn var boðið upp á að nemendur gætu lokið tvöfaldri (240 eininga) námsgráðu í sjávarútvegs- og viðskiptafræðum til BS-gráðu sem lengir námstímann um að lágmarki eitt ár. Þá var einnig boðið tveggja ára 120 eininga diplómanám í náttúru- og auðlindafræði á BS-stigi.

Á framhaldsstigi var boðið 120 eininga einstaklingsmiðað nám til MS-gráðu í auðlindafræðum með áherslu á annað hvort líftækni eða sjávarútvegsfræði. Námið er alþjóðlegt og rannsóknartengt og er skipulagt til tveggja ára. Námskeið eru tekin að hluta til við HA og að hluta til við aðra háskóla hér á landi eða erlendis. Meistaraverkefni geta verið annað hvort 60 eða 90 einingar. Meistaránámsnefnd viðskipta- og raunvísindasviðs tryggir að námskrá standist ítrustu gæðakröfur.

Nemendur sem brautskrást með BS-gráðu og MS-gráðu í sjávarútvegsfræðum bera starfsheitið sjávarútvegsfræðingur.

Auðlindadeild býður 120 eininga meistaranám til MRM-gráðu (*Master of Resource Management*) í haf- og strandsvæðastjórnun í samvinnu við Háskólasetur Vestfjarða á Ísafirði.

Í fyrsta sinn var einnig boðið 120 eininga meistaranám í sjávarbyggðafraeði til MA-gráðu og ennfremur 90 eininga diplómanám í sjávarvæðingri nýsköpun á meistarastigi, hvorttveggja er kennt við Háskólasetur Vestfjarða.

Líftækni

Nám í líftækni er samsett af ýmsum námskeiðum á sviði náttúruvísinda og auðlindalíftækni, ásamt viðskiptagreinum og greinum af heilbrigðisvísindasviði. Lögð er rík áhersla á að kynna nemendum líftæknilegar aðferðir við að nýta auðlindir með nýjum hætti og koma afurðum slíkrar þróunar á markað. Áhersla er lögð á umhverfis- og orkulíftækni, einkum:

- niðurbrot lífræns úrgangs og nýmyndun orkuríkra efna
- líftæknilega þætti fiskeldis hvað varðar heilbrigði og næringu/fóður
- lífvirk efni
- efni með lyfjavirkni
- fæðubótarefni
- aukaeftir í matvælum og efni sem styrkja ónæmiskerfið
- grunnrannsóknir á erfðaauðlindum íslenskrar náttúru

Af sérnámskeiðum má nefna erfðafræði og sameindaerfðafræði, líftækni, lífefnafræði, ónæmisfræði, líftæknilega örverufræði, matvælafræði, gena- og gagnasöfn og gæðaframleiðsluferli.

Sjávarútvegsfræði

Markmið námsins er að veita nemendum góðan þekkingargrunn til að starfa í sjávarútvegi og tengdum greinum og breiðan grunn til frekara náms. Námið veitir þverfaglega þekkingu sem nýtist sérstaklega vel til stjórnunarstarfa. Kennnd eru undirstöðunámskeið raun- og viðskiptagreina. Sérnámskeið sjávarútvegsfræði eru um vistkerfi sjávar og um veiðar og vinnslu sjávarafurða. Mikil áhersla er lögð á samvinnu við fyrirtæki og stofnanir sem vinna við sjávarútveg og stoðgreinar hans, ekki síst í tengslum við lokaverkefni nemenda.

Kennarar og nemendur viðskipta- og raunvísindasviðs hafa árlega séð um móttöku og kennslu fyrir nemendahóp Sjávarútvegsskóla Sameinuðu þjóðanna. Nemendurnir koma víðs vegar að úr heiminum. Annars vegar er um að ræða grunnþjálfun í viðskiptafræði og markaðsfræði og hins vegar sérhæft nám um rekstur og markaðssetningu sjávarútvegsfyrirtækja, *A specialist course on Management of Fisheries Companies and Marketing*.

VIÐSKIPTADEILD

Viðskiptafræði við Háskólann á Akureyri er hagnýtt nám. Nemendur öðlast þekkingu á grunnatriðum viðskiptafræða og eru þjálfaðir í faglegum vinnubrögðum og gagnrýnni hugsun, sem gerir þá hæfa til að beita viðurkenndum aðferðum við ákvarðanatöku, stjórnun og stefnumótun. Samhliða því eru nemendur æfðir í fræðilegum vinnubrögðum sem nýtast í framhaldsnámi og starfi. Í grunnnáminu öðlast nemendur góða grunnþekkingu á viðskiptafræði. Starfsemi deildarinnar var með svipuðu sniði og undanfarin ár.

Nám til BS-gráðu í viðskiptafræði er 180 ECTS einingar, skipulagt til þriggja ára. Í boði voru þrjár námsleiðir: Stjórnun og markaðsfræði – stjórnun og fjármál – áhersla á sjávarútvegsfræði. Síðastnefnda námsleiðin var boðin í fyrsta skipti 2017.

Þá var boðið upp á tvöfalda námsgráðu í sjávarútvegsfræðum og viðskiptafræðum til BS-gráðu, sjá ofar í umfjöllun um nám í auðlindadeild.



Stjórnun og markaðsfræði

Lögð er áhersla á að mennta fólk til stjórnunar- og markaðsstarfa. Fjallað er um stjórnun skipulagsheilda, mannauðsstjórnun og stefnumótun. Einnig um auglýsinga- og kynningarmál, þjónustumarkaðsfræði, neytendahegðun, almannatengsl og markaðsrannsóknir. Farið er yfir aðferðir til markaðsgreiningar, sem og gerð markaðs- og kynningaráætlana, þjónustumælinga og almannatengslaferða. Að auki eru kennd námskeið í vörubrúun og áætlanagerð.

Stjórnun og fjármál

Lögð er áhersla á að mennta fólk til almennra stjórnunarstarfa í fyrirtækjum og til að gegna ábyrgðarstöðum í fjármálafyrirtækjum. Meðal annars er fjallað um stjórnun skipulagsheilda, mannauðsstjórnun, stefnumótun, hagnýta stærðfræði, hagrannsóknir og þjóðhagfræði. Einnig er fjallað ítarlega um fjármála- stjórnun, áhættustýringu og verðbréfalogfræði.

Meistaránám í viðskiptafræði til MS-gráðu er 120 ECTS einingar. Námið er einstaklingsmiðað, rannsóknartengt og skipulagt til tveggja ára. Nemandi fylgir eigin námskrá sem sniðin er að þörfum hans og rannsóknarverkefninu. Meistaránámsnefnd viðskipta- og raunvísindasviðs tryggir að námskrá standist ítrustu gæðakröfur.

Tvær leiðir eru til MS-gráðu. Annars vegar vegur meistaraverkefni 90 einingar og námskeið 30 einingar og hins vegar vega báðir þættir jafnt, 60 einingar hvor. Tíu einingar hið minnsta af námskeiðshluta meistaránáms skulu vera námskeið í rannsóknaraðferðum. Önnur námskeið tekur nemandi við HA eða samstarfsháskóla, erlenda jafnt sem innlenda. Einnig er mögulegt að nemandi taki lesnámskeið í samráði við aðalleiðbeinanda sinn og að fengnu samþykki meistaránámsnefndar sviðsins.

Rannsóknir við viðskipta- og raunvísindasvið

Kennarar viðskipta- og raunvísindasviðs starfa að rannsóknum í alþjóðlegu samhengi og náið samstarf er við innlendar og erlendar rannsóknastofnanir og ýmsa vísindamenn. Kennarar af sviðinu tóku á árinu virkan þátt í verkefnum undir merkjum Erasmus, NordNatur, Nordplus (EkoTekNord, Nobanet), norræns samstarfsnets um byggðaþróun (SIPLAS) og ESPON (Evrópska rannsóknaráætlunin um byggða- og svæðarannsóknir). Fjöldi erlendra samstarfsskóla heimsótti sviðið og háskólann á árinu, m.a. frá Japan og Rússlandi.

Samstarf var um nám og rannsóknir við fjölda fyrirtækja og rannsóknastofnana hérlendis. Má þar telja aðila sem eru til húsa á Borgum, svo sem Hafrannsóknastofnun, Náttúrufræðistofnun Íslands, Matís ohf. og Fiskistofu. Ennfremur var virkt samstarf við



aðra íslenska og erlenda háskóla, svo sem Háskólann í Reykjavík, Háskóla Íslands, Landbúnaðarháskóla Íslands og Háskólann á Hólum. Einnig við fjölda fyrirtækja, svo sem Norðurorku hf., Biopol ehf., Samherja hf. og Landsvirkjun auk fjölda annarra.

Prófessor á viðskipta- og raunvísindasviði er tengiliður fyrir hönd Háskólans á Akureyri og íslensks rannsóknarsamfélags við Evrópsku rannsóknaráætlunina um byggða- og svæðarannsóknir (ESPON, www.espon.eu). Þetta er samkvæmt samningi við Bygðastofnun sem gildir út árið 2020.

Rannsóknargreinar birtar í ritrýndum tímaritum og bókum árið 2017 (fjöldi tímaritsgreina sem birtar eru með alþjóðlegum meðhöfundum er tilgreindur í sviga):

Rannsóknaráhersla	Tímaritsgreinar	Bækur / Bókar - kaflar	Samtals
Íslenskur sjávarútvegur, fiskveiðistjórnun	-	3	3
Umhverfi og auðlindir sjávar, fiskeldi	9	1	10
Líftækni og erfðarannsóknir	3	4	7
Ferðapjónusta	3	1	4
Alþjóðastofnanir, viðskipti	7	3	10
Norrænn vinnumarkaður	2	-	2
Stjórnsmál, sveitarstjórnarmál	3	2	5
Fjármál, markaðsmál	4	-	4

Fyrirlestrar á málþingum og ráðstefnum:

Inngangsfyrirlestrar á alþjóðlegum ráðstefnum (3), boðsfyrirlestrar (13)	16
Erindi á alþjóðlegum (40) og innlendum (38) ráðstefnum og málþingum (68)	146
Veggspjöld á alþjóðlegum (6) og innlendum (2) ráðstefnum	8



MARKAÐS- OG KYNNINGARSVIÐ

Markaðs- og kynningarstarf fór fram með hefðbundnum hætti líkt og undanfarin ár. Þrír starfsmenn eru við markaðs- og kynningarsvið, Katrín Árnadóttir forstöðumaður, Kristjana Hákonardóttir vefstjóri og Rúnar Gunnarsson, verkefnisstjóri alþjóðamála.

Kynningar á námsframboði háskólans voru haldnar í framhaldsskólum víða um land. Kynningarfulltrúi nemenda var Bergdís Sigfúsdóttir og tók hún virkan þátt í undirbúningi og framkvæmd auk þess sem fjarnemar háskólans voru fengnir til að taka þátt í kynningum þar sem það átti við.

Að venju var lögð áhersla á vandaðar auglýsingar í fjölmiðlum fyrir innritun skólaárið 2017 – 2018. Áherslur voru í takt við árin á undan, til dæmis varðandi aukna notkun vefmiðla í kynningarstarfinu og notkun ljósmynda úr skólastarfinu. Kristjana Hákonardóttir vefstjóri hafði yfirumsjón með markaðsstarfi á vef- og samfélagsmiðlum. Birtingaáætlun var faglega unnin í samstarfi við ABS birtingarhús. Grafísk hönnun auglýsinga var í höndum Margrétar Káradóttur, tilfallandi einnig Dagnýjar Reykjalin.

Vefstjóri og forstöðumaður sviðsins unnu kynningarefni háskólans í samstarfi við deildir hans og var byggt á hönnun Íslensku auglýsingastofunnar við gerð bæklinga, vefborða og auglýsinga fyrir ljósvakamiðla. Ráðist var í að leiðrétta rauða litinn í merki háskólans og unnið var að hönnunarstaðli. Einnig hófst vinna að uppfærslu auglýsinga og bæklinga. Grafísk hönnun bæklinga var í höndum Margrétar Káradóttur hönnuðar og Ásprent prentaði.

Háskólar landsins héldu áfram samstarfi um Háskóladaginn sem er árlegur viðburður þar sem allt háskólanám landsins er kynnt á einum degi á höfuðborgarsvæðinu. Háskóladagurinn var að þessu sinni haldinn laugardaginn 4. mars. Allir sjö háskólar landsins kynntu þar námsframboð sitt. Kynning Háskólans á Akureyri fór fram á neðri hæð á Háskólatorgi HÍ. Rúmlega 50 manns frá HA kynntu þar námið og sýndu valin verkefni.

Eftirfarandi svipmyndir eru frá Háskóladeginum.





Í Vestmannaeyjum.



Úr Ísafjarðarferð.

Í kjölfar Háskóladagsins voru haldnar sameiginlegar kynningar á völdum stöðum á landinu, í Reykjanesbæ, á Ísafirði, Akranesi, Egilsstöðum og Akureyri, í Vestmannaeyjum og á Selfossi.

Hér eru svipmyndir frá því.



Í Fjölbrotaskóla Suðurlands.



Í Menntaskólanum á Egilsstöðum.

Opnir dagar í HA stóðu tvo daga í röð, 21. og 22. september. Þá var öllum framhaldsskólum á Norðurlandi boðið að koma og kynnst fjölbreyttu námsframboði háskólans. Nemendur sáu um kynninguna en markaðs- og kynningarsvið sá um skipulagningu og utnumhald. Kynningin gekk vel og áfram verður haldið með þetta fyrirkomulag.

Markaðs- og kynningarsvið sá um skipulagningu fjölmargra annarra viðburða innan háskólans. Nefna má þjóðfund 1. desember og nýnemadaga í ágúst. Sviðið kom einnig að undirbúningi og framkvæmd Háskólahátíðar í júní sem og að undirbúningi hátíðar á 30 ára afmælisári HA.

Að venju var sendur út markpóstur til stúdentsefna um allt land til að vekja athygli á Háskólanum á Akureyri.

Verkefnastjóri alþjóðamála hefur umsjón með nemenda-, kennara- og starfsmannaskiptum, ásamt öðrum verkefnum sem tengjast alþjóðlegu samstarfi.

Á árinu 2017 voru alls 100 erlendir skiptinemar skráðir í HA, bæði í venjulegt skiptinám og í verknám, en það er sambærilegur fjöldi við árið á undan. Nemendurnir komu frá eftirtöldum löndum: Austurríki, Bandaríkjunum, Danmörku, Englandi, Finnlandi, Frakklandi, Færeyjum, Grænlandi, Ítalíu, Japan, Kanada, Kína, Lettlandi, Noregi, Póllandi, Slóvakíu, Slóveníu, Spáni, Svíþjóð, Tékklandi, Ungverjalandi og Þýskalandi.

Alls stundaði 31 nemandi frá HA skiptinám eða verknám erlendis í eftirtöldum löndum: Bandaríkjunum, Belgíu, Búlgaríu, Danmörku, Grænlandi, Kanada, Noregi, Póllandi, Spáni, Svíþjóð og Þýskalandi. Auk þess tóku nemendur og kennarar þátt í samstarfsverkefnum í formi örnámskeiða innan Nordplus sem yfirleitt vara í um það bil viku. Fimmtán kennarar og starfsmenn stöðþjónustu háskólans fóru utan í kennara- eða starfsmannaskiptum í gegnum Erasmus eða Nordplus, og HA tók á móti 23 erlendum kennurum og öðrum starfsmönnum í skiptum.

Alþjóðaskrifstofa HA sá um móttöku og skipulagði kynningar á háskólanum fyrir fjölmargt starfsfólk frá erlendum samstarfskólum og sendiráðum. Einnig var tekið á móti ýmsum öðrum erlendum gestum sem komu í óformlegar heimsóknir. Háskólinn hefur nemenda- og kennaraskiptasamninga við marga erlenda háskóla. Háskólinn á Akureyri er einnig þátttakandi í hinum ýmsu alþjóðlegu samstarfsnetum sem oft eru þematengd eða fyrir ákveðnar námslínur. Samtals eru samningar og samstarfsnet um og yfir 200 talsins. Samstarf þetta er unnið í gegnum

eftirfarandi skiptiáætlanir: Erasmus, Nordplus, North2North og tvíhliða samninga.

Unnið er að því auka fjölda skiptinema frá HA og hefur Alþjóðadagur HA verið liður í því. Alþjóðadagur HA var haldin í lok október en hafði verið felldur niður vegna dræmrar þátttöku árin á undan. Einnig hélt alþjóðaskrifstofa sérstaka fundi og kynningar fyrir nemendur sem hafa áhuga á að fara erlendis í skiptinám eða framhaldsnám. Sem dæmi má nefna kynningar Fulbright – stofnunarinnar á Íslandi (Fulbright-styrkir), kynningar frá erlendum sendiráðum á Íslandi, kynningar á HA – deginum og nýnemadögum og kynningar á sumarnámskeiðum og möguleikum til skiptináms.

Háskólinn á Akureyri hélt sumarnámskeið í samstarfi við Western Kentucky University – WKU í Bandaríkjunum og fór það að hluta til fram á Akureyri. Rúmlega tuttugu nemendur frá WKU hittu fyrir kennara frá HA en því miður tók enginn nemandi frá HA þátt í námskeiðinu að þessu sinni. Námskeiðið bar yfirskriftina *Climate change and socio-economic impacts in the North* og er þetta í þriðja skiptið sem námskeiðið er haldið. Áhugi á samstarfi við HA er stöðugt að aukast og eru bandarískir háskólar og skólar frá fleiri löndum sérstaklega að skoða samstarf í gegnum sumarskóla á Akureyri.

Vert er að benda á að þátttaka nemenda og kennara í ráðstefnunni Arctic Circle um norðurslóðamál sem haldin er í október hvert ár, var framúrskarandi góð. Um 40 – 50 nemendur frá HA tóku þar þátt í ráðstefnunni og unnu þar sem sjálfboðaliðar. Margir kennarar og rannsakendur frá HA voru með erindi á ráðstefnunni. Einnig stóð markaðs- og kynningarsvið HA fyrir almennum kynningarbás meðan á ráðstefnunni stóð, fyrir nemendur sem hafa áhuga á að fara út í skiptinám eða framhaldsnám.



FJÁRMÁLA-, STARFSMANNA- OG REKSTRARSVIÐ

Fjármála-, starfsmanna- og rekstrarsvið annast helstu sameiginleg verkefni á sviði fjármála. Má þar nefna umsjón með gerð rekstraráætlana til lengri og skemmri tíma, vinnslu bókhalds og launa, miðlun fjárhagslegra upplýsinga, svo og eftirlit og ráðgjöf um fjárhagsleg málefni háskólans. Jafnframt annast sviðið rekstur og umsjón fasteigna og búnaðar háskólans, þar á meðal rekstur tölvukerfa og símakerfa.


Á árinu 2017 var starfsemi fjármála-, starfsmanna- og rekstrarsviðs með hefðbundnu sniði.






Eftirfarandi eru lykiltölur sem lúta að starfsfólki Háskólans á Akureyri:


Fjöldi starfsmanna Háskólans á Akureyri 1. desember



Akademískir starfsmenn



Heildarfjöldi ársverka alls starfsfólks (án yfirvinnu, með stundakennslu)



NEMENDASKRÁ

Meginmarkmið nemendaskrár er að tryggja gott skipulag á daglegu starfi háskólans, ásamt því að veita nemendum og starfsfólki almennar upplýsingar og þjónustu. Nemendaskrá annast meðal annars innritun nýnema, skráningu í og úr námskeiðum og prófum, og prentun og frágang brautskráningargagna.

Afgreiðslustjóri og fulltrúar nemendaskrár annast almenna þjónustu, upplýsingagjöf, símsvörun, útgáfu vottorða og innkaup og afgreiðslu á skrifstofuvörum fyrir starfsfólk háskólans. Ennfremur utanumhald ferðabeidna og flugbókana. Afgreiðslustjóri og fulltrúar hafa umsjón með allri nemendaskráningu og skjalavistun henni tengda. Þá hafa fulltrúar með höndum bókanir og leigu á stofum og fundaherbergjum í húsnæði skólans.

Skipulag og umsjón prófhalds fer fram á nemendaskrá undir stjórn verkefnastjóra prófa og fjarkennslu. Hann gefur út próftöflur og hefur yfirumsjón með prófhaldi og einkunnaskilum. Reglulegar próftíðir eru í desember og apríl/maí og sjúkra- og endurtökupróf eru að lokinni viðkomandi próftíð.

Nemendaskrá hefur umsjón með framkvæmd fjarkennslu á vegum háskólans og annast samskipti við símenntunar- og fræðslumiðstöðvar um allt land.

Forstöðumaður nemendaskrár hefur umsjón með innra upplýsingakerfi skólans, Uglu, sem og gagnamiðlun milli tölvukerfa háskólans, ásamt vefumsjón. Forstöðumaður sér ennfremur um uppsetningu og birtingu námskrár. Hann annast framkvæmd námskeiðsmats og annarra kannana og veitir ýmsar tölfræðilegar upplýsingar úr gögnum nemendaskrár.

Starfsmenn nemendaskrár voru fimm og gegndi Stefán Jóhannsson stöðu forstöðumanns.





NÁM OG NEMENDUR

Háskólinn á Akureyri leggur áherslu á að bjóða nám með sveigjanlegu námsformi.

Sveigjanlegt nám er nemendamiðað nám án kröfu um daglega viðveru á háskólasvæðinu á Akureyri. Nemendur geta stundað námið óháð búsetu þar sem verkefni og verkefnaskil eru rafræn. Samskipti í sveigjanlegu námi eiga sér stað með margvíslegum hætti: Með samskiptum í rauntíma með líkamlegri viðveru eða í gegnum svonefndar fjærverur (*Telepresence Robots*) í háskólanum, með notkun hinna ýmsu samskiptaforrita í rauntíma eða óháð tíma, með netpósti eða einfaldlega í gegnum síma.

Námsefni getur verið á ýmsu formi, til dæmis upptökur af fyrirlestrum, texti, rafrækur og hlaðvörp. Efnið er aðgengilegt fyrir nemendur á kennsluferfi skólans, Moodle. Í sveigjanlegu námi við HA er notast við fjölbreyttar kennsluaðferðir eins og til dæmis samvinnunám, vendikennslu og blandað nám.

Kennslulotur eru haldnar reglulega yfir skólaárið en þær eru ólíkar milli námsleiða; stundum ein, tvær til þrjár lotur á misseri. Námskeið eru mismunandi og geta lotur því verið í tvo til fimm daga í senn. Kennslulotur eru vettvangur til þess að stuðla að og styðja við námssamfélag háskólans, þar sem nemendur og kennarar vinna saman. Í lotum eru verkefni og umræður í forgrunni. Þess er krafist af nemendum að þeir mæti í kennslulotur og séu virkir meðan á þeim stendur. Í ákveðnum aðstæðum, eins og til dæmis ef ófærð hamlar, geta nemendur í samráði við kennara mætt í lotur í gegnum fjærverur.


Próf í sveigjanlegu námi er hægt að taka við Háskólanum á Akureyri, í símenntunar- og fræðslustöðvum um allt land eða í viðurkenndum háskólastofnunum eða sendiráðum erlendis. Sveigjanlegt nám er í boði fyrir allt grunnnám í háskólanum en það er ólíkt milli námsleiða.

Sveigjanlegt nám við Háskólanum á Akureyri er í sífelldri þróun, stuðst er við kennslufræði sem hentar og leitast við að nota þá tækni sem virkar á hverjum tíma til að styðja við kennslufræðina.

Umfram allt er sveigjanlegt nám mótað að þörfum nemenda við Háskólanum á Akureyri.

Lögheimili nemenda á haustmisseri 2017

Lögheimili	Karlar	Konur	Samtals	Hlutfall
Norðvestur	50	162	212	10,22%
Norðaustur	170	554	724	34,91%
Suður	72	234	306	14,75%
Suðvestur	84	273	357	17,21%
Reykjavík	94	305	399	19,24%
Erlendis	18	58	76	3,66%
Samtals	488	1.586	2.074	100,00%




Helstu samstarisaðilar háskólans árið 2017 voru Miðstöð Símenntunar á Suðurnesjum, Námsflokkar Hafnarfjarðar - Miðstöð símenntunar, Símenntunarmiðstöðin á Vesturlandi Háskólasetur Vestfjarða, Farskólinn - Miðstöð símenntunar á Norðurlandi vestra, Þekkingarnet Þingeyinga, Austurbrú, Háskólafélag Suðurlands og Víska - Fræðslu- og símenntunarmiðstöð Vestmannaeyja.

Fjarnám hófst við háskólann haustið 1998, fyrst í litlum mæli en síðan mjög aukið. Langt er síðan svo var komið að stór hluti

nemendahópsins var búsettur utan Akureyrar og nærsveita. Fram til þessa hefur námsform verið skilgreint sem staðarnám, fjar-nám og lotunám. Með því að mestallt námsframboð skólans er nú boðið með sveigjanlegu formi er notast við þá skilgreiningu.


Eftirfarandi súlurit sýna lykiltölur háskólans 15. október.

Heildarfjöldi nemenda eftir námsformi







Heildarfjöldi nemenda eftir kyni



Heildarfjöldi nemenda eftir sviðum



Nemendur eftir námsstigi





Við háskólann var eftirfarandi nám boðið árið 2017, til gráðu og diplómanám. Einingafjöldi er gefinn upp í ECTS einingum
(*European Credit Transfer System*):

Heilbrigðisvísindasvið:

BS	hjúkrunarfræði	240 ECTS	grunnstig
BS	iðjuþjálfunarfræði	180 ECTS	grunnstig
MS	heilbrigðisvísindi	120 ECTS	framhaldsstig
Diplómanám	iðjuþjálfunarfræði	60 ECTS	framhaldsstig
Diplómanám	heilbrigðisvísindi	40 ECTS	framhaldsstig

Hug- og félagsvísindasvið:

BA	félagsvísindi	180 ECTS	grunnstig
BA	fjölmíðlafræði	180 ECTS	grunnstig
BA	lögreglu- og löggæslufræði	180 ECTS	grunnstig
BA	lögfræði	180 ECTS	grunnstig
BA	nútímafræði	180 ECTS	grunnstig
BA	sálfræði	180 ECTS	grunnstig
BEd	kennarafræði	180 ECTS	grunnstig
Diplóma	lögreglufræði fyrir verðandi lögreglumenn	120 ECTS	grunnstig
Diplóma	lögreglufræði fyrir starfandi lögreglumenn	120 ECTS	grunnstig
Diplóma	leikskólafræði	120 ECTS	grunnstig
MA	félagsvísindi	120 ECTS	framhaldsstig
MA	fjölmíðla- og boðskiptafræði	120 ECTS	framhaldsstig
ML	lögfræði	120 ECTS	framhaldsstig
MA	heimskautaréttur	120 ECTS	framhaldsstig
LLM	heimskautaréttur	90 ECTS	framhaldsstig
MA	menntavísindi	120 ECTS	framhaldsstig
MEd	menntunarfræði	120 ECTS	framhaldsstig
Diplóma	fjölmíðla- og boðskiptafræði	30 ECTS	framhaldsstig
Diplóma	heimskautaréttur	60 ECTS	framhaldsstig
Diplóma	menntavísindi	60 ECTS	framhaldsstig
Diplóma	menntunarfræði	60 ECTS	framhaldsstig



Viðskipta- og raunvísindasvið:

BS	líftækni	180 ECTS	grunnstig
BS	sjávarútvegsfræði	180 ECTS	grunnstig
BS	sjávarútvegsfræði og viðskiptafræði	240 ECTS	grunnstig
BS	viðskiptafræði	180 ECTS	grunnstig
Diplóma	náttúru- og auðlindafræði	120 ECTS	grunnstig
MS	auðlindafræði	120 ECTS	framhaldsstig
MRM	haf- og strandsvæðastjórnun	120 ECTS	framhaldsstig
MS	viðskiptafræði	120 ECTS	framhaldsstig
MA	sjávarbyggðafræði	120 ECTS	framhaldsstig
Diplóma	sjávertengd nýsköpun	90 ECTS	framhaldsstig

RANNSÓKNAMIÐSTÖÐ HÁSKÓLANS Á AKUREYRI

Rannsóknamiðstöð Háskólans á Akureyri er fjárhagslega sjálfstæð eining innan Háskólans á Akureyri. RHA nýtur ekki fastra fjárframlaga heldur aflar sér tekna með rannsóknarverkefnum og ráðgjöf fyrir fyrirtæki, stofnanir, ráðuneyti og félagasamtök og með innlendum og erlendum rannsóknarstyrkjum. Í skipuriti Háskólans á Akureyri tilheyrir RHA háskólaskrifstofu.

Árið 2017 störfuðu að jafnaði níu starfsmenn í 7,7 stöðugildum hjá RHA. Forstöðumaður er Guðrún Rósa Þórsteinsdóttir.

Auk þess að stunda fjölbreyttar rannsóknir fyrir og í samstarfi við samfélagið og atvinnulífið er það hlutverk RHA að efla rannsóknarstarfsemi við Háskólann á Akureyri sem og að styrkja tengsl háskólans við fyrirtæki í atvinnulífi. Einnig hefur miðstöðin það hlutverk að vinna að þróun nýrra verkefna innan háskólans og koma þeim í réttan farveg.

Markmiðið með rekstri RHA er í meginatriðum fjórbætt:

- Að vera tengiliður Háskólans á Akureyri við atvinnulífið með því að sinna verkefnum fyrir það og stuðla að þekkingaryfirfærslu milli HA og atvinnulífsins.
- Að veita stuðning og þjónustu við rannsóknir innan HA og stuðla þannig að auknum rannsóknum og fjármagni til rannsókna úr samkeppnisjóðum.
- Að vinna að þróunar- og sérverkefnum á vegum HA á skilvirkan og markvissan hátt.
- Að vera tengiliður við setur og stofnanir sem starfa innan eða í tengslum við HA og skapa umgjörð til að hægt sé að hýsa litlar einingar og setur á sem skilvirkastan og hagkvæmastan hátt.

RHA hefur um nokkurt skeið unnið eftir rammasamningi við HA um kaup háskólans á þjónustu frá RHA. Samningurinn er í þremur liðum:

- a) Almenn rannsóknarþjónusta við sérfræðinga HA og uppbygging tengslanets vegna umsókna í samkeppnisjóði
- b) Rekstur stjórnsýslu rannsókna
- c) Þátttaka í verkefnum fyrir hönd HA

B-liður samningsins er viðamestur. Undir stjórnsýslu rannsókna fellur:

- Umsjón með stigamati og rannsóknarskýrslum. Auglýsing umsóknarfrests, utanumhald umsókna um vinnumat og þjónusta við matsnefndir. Náin samvinna við vísindasvið Háskóla Íslands. Þá grunnmetur starfsmaður stjórnsýslu rannsókna rannsóknir nýrra starfsmanna.
- Umsjón með umsóknum í Vísindasjóð HA og verkefnasjóð HA. Starfsmaður auglýsir umsóknarfrest, tekur á móti umsóknum, boðar stjórnir sjóðanna á fundi og er starfsmaður þeirra. Stjórnsýsla rannsókna sér um að senda út svarbréf stjórnar og heldur utan um styrkgreiðslur.
- Vinna með vísindaráði HA.
- Þjónusta við dómnefnd HA vegna grunnmats og framgangs akademískra starfsmanna.
- Utanumhald um umsóknir og úthlutanir á rannsóknarmisserum.
- Vinna við lykiltölur um rannsóknir með lykiltöluteymi HA.
- RHA hefur undanfarin ár verið þátttakandi í ESPON byggðarannsóknarverkefnum og Rannsóknamiðstöðin úmsýslar íslenskan ESPON – ECP tengilið í umboði Háskólans á Akureyri.

RHA fékk eftirfarandi styrki á árinu:

- Frá ESPON vegna verkefnisins *ESPON BRIDGES*. Verkefnið er unnið af Hjalta Jóhannessyni og Grétari Þór Eyþórssyni.
- Frá Rannsóknasjóði Háskólans á Akureyri, styrkur til RHA og Vífils Karlssonar dósents við HA vegna verkefnisins *Fjarbúar og fasteignamarkaður á landsbyggðunum*.

Rannsóknarverkefni:

Rannsóknarverkefni sem unnin voru af starfsmönnum RHA voru fjölbreytt að vanda. Eftirfarandi listi yfir rannsóknarskýrslur er ekki tæmandi en sýnir þær skýrslur sem eru aðgengilegar á vefsíðu RHA, www.rha.is. Ekki lýkur öllum rannsóknarverkefnum með skýrslu, svo sem minniháttar ráðgjafarverkefnum. Þá eru skýrslur um innri mál stofnana og fyrirtækja ekki birtar. Einnig er nokkuð um að áfangaskýrslur séu ekki birtar, sérstaklega í erlendum rannsóknarverkefnum. Starfsmenn kynna gjarnan rann-



sóknir og starfsemi RHA á ráðstefnum innanlands og utan þótt slík erindi séu ekki talin upp hér.

Rannsóknarskýrslur og aðrar birtingar starfsmanna RHA 2017:

Áhrif Svartárvirkjunar í Bárðardal – Þingeyjarsveit á ferðaþjónustu og ferðamennsku/útivist. Útgefið af og í samstarfi við Rannsóknamiðstöð ferðamála – RMF.

Höfundar: Gunnþóra Ólafsdóttir, Hjalti Jóhannesson og Guðrún Þóra Gunnarsdóttir.

Bakpokar og bæjarsjóðir: Að hve miklu leyti hefur fjölgun ferðamanna haft áhrif á tekjur og kostnað íslenskra sveitarfélaga, ef nokkur?

Höfundar: Vífill Karlsson, Hjalti Jóhannesson og Jón Óskar Pétursson. Höfundar unnu grein upp úr skýrslunni sem birtist í tímaritinu Stjórnsmál og stjórnsýsla.

Becromal, stöðumat umhverfismála 2017.

Höfundar: Gunnar Þór Halldórsson, Hjalti Jóhannesson og Erlendur Bogason.

Þjarnarflagsvirkjun. Lýsing á völdum samfélagsþáttum vegna undirbúnings mats á umhverfisáhrifum. Verkefnið var unnið fyrir Landsvirkjun.

Höfundar: Hjalti Jóhannesson.

Breiðdalshreppur – Samfélagsgreining og sameiningarkostir. Verkefni unnið fyrir Breiðdalshrepp.

Höfundar: Hjalti Jóhannesson og Arnar Þór Jóhannesson.

Herjólfur, þjónustugreining. Verkefni unnið fyrir Vestmannaeyjabæ og samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið.

Höfundar: Hjalti Jóhannesson og Arnar Þór Jóhannesson.

Sameining Eyþings og atvinnuþróunarfélaganna á Norðurlandi eystra. Verkefni unnið fyrir Eyþing.

Höfundar: Hjalti Jóhannesson og Arnar Þór Jóhannesson.

Skýrsla um ráðstöfun aflamagns sem dregið er frá heildarafla og áhrif þess á byggðafestu.

Höfundar: Vífill Karlsson og Hjalti Jóhannesson.

Vestfjarðavegur. Samanburður á samfélagsáhrifum leiða D2 og Þ-H. Verkefni unnið fyrir Reykhólahrepp.

Höfundar: Hjalti Jóhannesson og Jón Þorvaldur Heiðarsson.

Viðhorf Akureyringa til þjónustu Strætisvagna Akureyrar, snjó-moksturs, hálkuvarna, svífryks og hreinsunar gatna á Akureyri.

Höfundar: Marta Einarsdóttir, Eva Halapi og Anna Soffía Víkingsdóttir.

RHA sér um nokkur langtíma- og skammtímaverkefni fyrir háskólann. Má þar nefna skrifstofu Rannsóknabings Norðursins, Northern Research Forum – NRF og umsýslu vegna Sjávarútvegs-miðstöðvarinnar við Háskólann á Akureyri – SHA.

Rannsóknamiðstöð HA rekur ráðstefnuþjónustu og umsýslar ráðstefnur og fundi sem haldnir eru í háskólanum í samstarfi við ýmsa aðila. Þá hefur RHA haft umsjón með skipulagi og framkvæmd Vísindaskóla unga fólksins í samstarfi við stjórnendur hans.

RHA tók að sér umsýslu nokkurra ráðstefna og hélt eina málstofu þann 27. apríl um eigin rannsóknir. Að neðan eru talin upp helstu ráðstefnuverkefni sem RHA tók þátt í sem umsýsluaðili eða að öllu leyti. Hér eru ekki meðtalín önnur málþing eða ráðstefnur sem starfsmenn RHA voru með erindi á.

- *Eyfirðingurinn í hnotskurn*, 27. apríl
- *Einn blár strengur*, 20. maí
- *Arctic Circle*, 13. – 15. október
- *Mál og kyn*, 20. – 21. október
- *Þjóðfundur með grunnskólanemum*, 1. desember.

Á vef RHA, www.rha.is má finna nánari upplýsingar um starfsemi miðstöðvarinnar.

BÓKASAFN OG UPPLÝSINGAÞJÓNUSTA

Bókasafn og upplýsingaþjónusta Háskólans á Akureyri

Bókasafn og upplýsingaþjónusta rekur bókasafn háskólans og annast sérsöfn eins og lista- og steinasöfn. Fastráðnir starfsmenn í árslok 2017 voru fimm talsins í fimm stöðugildum. Í október lét Júlíana Þórhildur Lárusdóttir af störfum sökum aldurs og í september hóf Sigríður Ásta Björnsdóttir störf. Bókasafnið sinnir einnig bókasafnsþjónustu við Háskólann á Hólum, ígildi hálfstöðugildis, sem meðal annars felur í sér upplýsingaþjónustu, millisafnalán og kennslu í upplýsingalæsi (UL). Forstöðumaður er Astrid Margrét Magnúsdóttir.

Starfsfólk bókasafns veitir ráðgjöf og aðstoð við upplýsingaleit og leggur áherslu á að veita nemendum, starfsfólki háskólans og öðrum lánþegum faglega og persónulega þjónustu. Bókasafnið leggur áherslu á að bjóða aðgang að vönduðu úrvali gagnasafna og rafrænna tímarita á fræðasviðum háskólans og hefur reynt að byggja safnkostinn upp jafnt og þétt þannig að hann endurspegli fræðasvið skólans. Á bókasafni er starfrækt kennslugagnasafn sem er ætlað að þjóna jöfnum höndum nemendum og kennurum kennaradeildar og einnig grunnskóla- og leikskólakennurum á Norðurlandi eystra. Safninu berast samkvæmt samningi eintök alls efnis sem út kemur á vegum Menntamálastofnunar.

Hlutverk bókasafns og upplýsingaþjónustu er að annast kennslu og þjálfun í UL, en það er sú færni sem gerir mönnum kleift að leita upplýsinga, leggja mat á gæði þeirra og hagnýta þær í námi, kennslu og rannsóknum. Mikil áhersla er lögð á kennslu og þjálfun nemenda í UL auk þess sem boðið er upp á fræðslu fyrir starfsfólk. Kennsla og þjálfun fyrir nemendur í UL fer meðal annars fram í völdum námskeiðum í samráði við kennara en einnig er nemendum og starfsfólki boðið upp á viðtöl við upplýsingafræðing. Starfsfólk háskólans getur einnig óskað eftir kynningum og stuttum námskeiðum. Fræðsla í UL á vegum bókasafns (kennslustundir í deildum, viðtöl og námskeið fyrir nemendur og starfsfólk) fór samtals fram í 106 kennslustundum á árinu og náði til um 1.300 manns.

Forstöðumaður bókasafns og upplýsingaþjónustu situr í verkefnisstjórn Skemmunar, skemman.is, sem er rafrænt gagnasafn þar sem varðveitt eru lokaverkefni nemenda í grunn- og framhaldsnámi. Skemman er samvinnuverkefni allra háskóla í landinu og Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns sem sér um hýsingu og rekstur gagnasafnsins. Fjöldi verkefna í Skemmu frá árinu 1999 til ársloka 2017 er 3.417.

Árið 2016 var komið á fót stafrænu varðveislusafni fyrir ritrýndar vísindagreinar og efni sem birtist í opnum aðgangi á vegum háskólanna og Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns, opinvisindi.is. Forstöðumaður situr í verkefnisstjórn safnsins en vístun þar er varanleg og ætlað að tryggja aðgang að útgefnu vísindaefni íslensks rannsóknasamfélags um ókomna tíð.

Forstöðumaður er einnig fulltrúi HA í samráðshópi um ritstuldarvarnir, sem allir háskólar landsins hafa samstarf um, og hefur auk þess haft umsjón með innleiðingu á Turnitin hugbúnaðinum, turnitin.com, sem hefur það meginmarkmið að koma í veg fyrir ritstuld. Bókasafnið sér um námskeið, kynningar og daglega aðstoð á Turnitin fyrir nemendur og kennara.

Meðal nýjunga í starfseminni á árinu má nefna stofnun Ritvers HA sem er samstarfsverkefni hug- og félagsvísindasviðs, bókasafns og Kennslumiðstöðvar HA. Ritverið er staðsett á bókasafni og hefur það meginmarkmið að efla fræðileg skrif við stofnunina. Þar fá nemendur aðstoð á öllum stigum ritunarferlisins en markmiðið er fyrst og fremst að styrkja þá til sjálfshjálpar.

Meðal annarra samstarfsverkefna á árinu má nefna þátttöku starfsmanna bókasafnsins í fræðslufundi bókavarda í samvinnu við Upplýsingu – félag bókasafns- og upplýsingafræða. Farið var í heimsókn til Verkenntaskólans á Akureyri og FAB LAB smiðjan skoðuð. Fyrir haustprófin var í samvinnu við Kennslumiðstöð haldinn Prófkósídagur fyrir nemendur þar sem meðal annars var boðið var upp á kaffi og piparkökur, sýndarveruleika og jólamyndatöku. Einnig héldu bókasafn og Kennslumiðstöð menntabúðir í byrjun nýs skólaárs fyrir kennara þar sem kynntur var ýmis hugbúnaður og verkfæri sem nýtast við kennslu.

Í maí héldu starfsmenn bókasafnsins í kynnisferð til Hollands til að skoða starfsemi háskólabókasafna.

Á árinu voru haldnar fjórar listsýningar á bókasafninu en aðstaða til sýningahalds á safninu er góð. Sýning Jónborgar Sigurðardóttir, *Jónborg – Sólborg*, var opnuð 13. janúar, í upphafi afmælisdagskrár HA. Auk þess sýndu listamennirnir Kalli og Rósa og Hrönn Einarsdóttir verk sín á árinu.

Í desember var steinasafn Ágústs Jónssonar opnað í HA en hann gaf háskólanum steinasafnið árið 1995 á 95 ára afmælisdegi sínum. Það er eitt af stærstu steinasöfnum landsins. Sýnishornum úr steinasafninu hefur verið komið fyrir varanlega í háskólanum þar sem það er til sýnis fyrir gesti og gangandi.



Starfsfólk bókasafnsins haustið 2017: Frá vinstri: Helga Björk Gunnarsdóttir, Astrid Margrét Magnúsdóttir, Sigríður Ásta Björnsdóttir, Kristín Konráðsdóttir, Júlíana Þórhildur Lárusdóttir, Sigríður Vilhjálmsdóttir og Pia Viinikka.



KENNSLUMIÐSTÖÐ HA - KHA

Kennslumiðstöð Háskólans á Akureyri – KHA veitir kennurum faglega aðstoð við þróun kennsluhátta í sveigjanlegu námi. Það er gert með almennri ráðgjöf, á námskeiðum og í þróunarstarfi með áherslu á upplýsingatækni og kennslufræði. Dagleg störf Kennslumiðstöðvar felast í að veita nemendum og starfsfólki háskólans ýmiss konar tækni- og kennsluráðgjöf.

Á árinu 2017 var mikið um að vera hjá Kennslumiðstöð. Staða kerfisstjóra HA færðist yfir til KHA og mynduð var kerfisstjórn háskólans. Með breytingunni verða öll tölvumál skólans hýst á sama stað. Það gerir starfið markvissara og faglegra. Allar ákvarðanir um rafræn kerfi skólans eru teknar af teymi þar sem þekking á kennslufræði og notendaaðstoð er fyrir hendi.

Þverfaglegt samstarf kennslufræðinga og tæknimanna er nauðsynlegt fyrir háskóla sem ætla að skara fram úr í sveigjanlegu námi.

Töluverðar mannbreytingar urðu á árinu. Tveir nýir starfsmenn voru ráðnir að Kennslumiðstöð, kennsluráðgjafi og starfsmaður í kerfisstjórn. Þrír starfsmenn létu af störfum. Fastráðnir starfsmenn í árslok voru sex í átta stöðugildum.

KHA býður kennurum háskólans á hverju misseri að taka þátt í þróunarnámskeiðum þar sem þeir fá aðstoð við að breyta námskeiðum sínum með tilliti til kennslufræði og -tækni.

Einnig voru fjórum sinnum haldnar menntabúðir í samstarfi við bókasafn og upplýsingaþjónustu HA. Í menntabúðum kemur fólk saman til þess að miðla af eigin reynslu og þekkingu og afla sér fróðleiks frá öðrum þátttakendum.

Árið 2017 voru haldin alls 35 námskeið um kennslufræði og -tækni þar sem starfsmenn KHA, bókasafns HA og kennarar háskólans komu að.

Þá hefur starfsfólkið haldið kynningar utan skólans, til dæmis hjá VISKU símenntunarstöð Vestmannaeyja og á *UTÍs2017* tækniráðstefnunni á Sauðárkróki.

Á vordögum var Kennsluráðstefna KHA haldin í annað sinn, að þessu sinni undir yfirskriftinni *Hvað er góð háskólakennsla?* Sigrún Stefánsdóttir dósent setti ráðstefnuna og framsögu höfðu ellefu kennarar og annað starfsfólk frá íslenskum háskólum.

Starfsfólk Kennslumiðstöðvar tók þátt í starfi háskólans á ýmsan hátt fyrir utan ofantalin verkefni. Nefna má skipulagningu og kynningu á stoðþjónustu fyrir nemendum á nýnemadögum og einnig þátttöku í framkvæmd Vísindaskóla unga fólksins en þar var veitt tækniaðstoð og aðgangur að búnaði og kennslu.

Starfsfólk KHA kom að stundakennslu í grunnnámi í fjölmiðlafræði og einnig í námi á framhaldsstigi í kennaradeild. Kennslumiðstöð tók líka á móti nemendum úr grunnskólum Akureyrar í valfaginu *Margmiðlun og snjalltæki*.

Tveir starfsmenn KHA sóttu mennta- og tækniráðstefnuna *Bett* sem haldin var í London í janúar. Þá fluttu starfsmenn Kennslumiðstöðvar nokkur erindi á innlendum sem erlendum ráðstefnum.

Af þeim má nefna árlega Kennsluþróunarráðstefnu Háskóla Íslands og einnig Fund fólksins á Akureyri, ennfremur árlega ráðstefnu samtaka um upplýsingatækni (e. *Association for Learning Technology*), sem haldin var í Liverpool, og loks ráðstefnu um virkt nám (e. *Active Learning*) sem fram fór í Cambridge.

Í október fékk háskólinn fyrstu fjærveruna, sem svo er nefnd, (e. *Telepresence Robot*) og voru þær orðnar fjórar í árslok. Fjærverur gera nemendum og kennurum kleift að vera „viðstaddir“ í mynd og máli á skjá, til dæmis í kennslustund. Viðkomandi getur ekið fjærverunni og þar með farið um kennslustofuna eða fylgt hópnum um skólann ef um það er að ræða. Skipulagt var innleiðingarferli fyrir notkun fjærvera í námi og kennslu.

Nemendur og kennarar fá persónulega þjálfun fyrir fyrstu notkun og áframhaldandi stuðning sem sjá má á vefslóðinni <https://www.thinglink.com/scene/994562645803663362>

Fjærverurnar hafa vakið athygli. Á slóðinni <http://www.ruv.is/frett/hvada-verur-eru-i-haskolanum-a-akureyri> má sjá umfjöllun um þær í þættinum Landinn á RÚV.

Á haustmisseri fór fram undirbúningur á innleiðingu forrits sem nota á í klínísku mati í hjúkrunarfræði en formleg innleiðing mun hefjast í ársbyrjun 2018.

Forstöðumaður kennslumiðstöðvar er Auðbjörg Björnsdóttir.



FÉLAG STÚDENTA VIÐ HÁSKÓLANN Á AKUREYRI - FSHA



Félag stúdenta við Háskólan á Akureyri er félag allra innritaðra stúdenta við Háskólan á Akureyri. Félagið er fyrst og fremst hagsmunafélag stúdenta, bakland og sameiningartákn deildarfélaga þess og þeirra aðila sem sinna trúnaðarstörfum á vegum félagsins. Félag stúdenta við Háskólan á Akureyri hefur yfirumsjón með atburðum á sviði skemmtana-, íþrótt- og fjölskyldumála og stendur á bakvið undirfélög sín til þess að sinna þessum málaflökkum innan sinna deilda. Félagið stendur vörð um hagsmuni heildarinnar, stuðlar að bættri heilsu og líðan stúdenta og vinnur náið með starfsfólki skólans að kynningarmálum, hagsmunamálum og öðru því sem snertir stúdenta beint eða óbeint.

Aðildarfélög FSHA eru deildarfélög háskólans og er það val stúdenta hvort þeir skrá sig í aðildarfélag eða ekki. Aðildarfélög sjá um hagsmunagæslu sinna félagsmanna og sitja formenn þeirra deildarfundi, deildarráðsfundi og fræðasviðsfundi fyrir hönd þeirra stúdentahóps. Þá tilnefna aðildarfélög einnig fulltrúa sína í náms- og matsnefndir sinna deilda. Auk þess standa aðildarfélögin fyrir gleðskap fyrir félagsmenn, halda fjölskyldudaga, íþróttadaga og svo mætti lengi telja. Aðildarfélögin eru:

- Data, félag tölvunarfræðinema
- Eir, félag heilbrigðisnema
- Kumpáni, félag hug- og félagsvísindanema
- Magister, félag kennaranema
- Reki, félag viðskiptafræðinema
- Stafnbúi, félag nema í auðlindafræðum
- Þemis, félag laganema og lögreglufræðinema

Stúdentaráð fer með æðsta vald í málefnum félagsins. Það er skipað 13 einstaklingum. Þrír eru kosnir á aðalfundi félagsins, formaður, varaformaður og fjármálastjóri. Þá eiga sæti í ráðinu formenn allra aðildarfélaga og fastanefndanna þriggja en þær eru: Alþjóðanefnd, kynningarnefnd og félags- og menningarlífsnefnd.

Framkvæmdastjórn stúdentaráðs er skipuð formanni, varaformanni og fjármálastjóra ráðsins. Daglegur rekstur stúdentaráðs er í höndum framkvæmdastjórnar og ber hún ábyrgð á því að halda réttindaskrifstofu félagsins opinni fyrir stúdenta.



Stúdentaráð 2017 – 2018. Frá vinstri: Kristín Gerðalíð, Heiða Björg Guðjónsdóttir, Páll Hólm Sigurðarson, Sólveig María Árnadóttir varaformaður, Berglind Hannesdóttir, Andrés Tryggvi Jakobsson, Ketill Sigurður Jóelsson formaður, Bergdís Sigfúsdóttir, Thelma Rut Káradóttir fjármálastjóri, Hörður Ingi Kristjánsson, Sigurbjörg Arna Stefánsdóttir og Pétur Már Jónsson. Á myndina vantar Lísu Margréti Rúnarsdóttur.

Stúdentaráð hélt sjö fundi á starfsárinu, þann fyrsta 9. mars. Að þessu sinni áttu 13 nemendur sæti í stúdentaráði en ekki 10 eins og síðustu ár. Ástæða þess er lagabreyting sem samþykkt var á aðalfundi félagsins 2017 þar sem kveðið er á um að formenn fastanefnda skuli eiga sæti í stúdentaráði. Markmiðið með þeirri breytingu var meðal annars að auka tengsl og samtal milli nefnda og aðildarfélaga. Vel hefur tekist til varðandi það og til framtíðar mun breytingin verða til þess að fleiri aðilar komi að hagsmunabaráttu stúdenta en áður. Það er mikilvægt að forsvarsmenn fastanefnda séu upplýstir um öll þau mál sem falla undir stúdentaráð hverju sinni og því má segja að um jákvæða breytingu sé að ræða. Enn er þó samtali og upplýsingaflæði við nemendur í nefndum og ráðum háskólans ábótavant og má velta því fyrir sér hvort þeir nemendur sem sinna þeim störfum ættu að eiga áheyrnarsæti í stúdentaráði.

Við upphaf starfsárs greindi framkvæmdastjórn stúdentaráði frá markmiðum sínum fyrir starfsárið (sjá kafla um framkvæmdastjórn) og tók stúdentaráð vel í þau markmið. Það var einnig eindregið markmið ráðsins að unnið yrði á faglegum grundvelli og að hagsmunabarátta ætti að vera í fyrsta sæti þegar kemur að störfum stúdentaráðs.

Aukið samstarf við Stúdentaráð Háskóla Íslands – SHÍ hefur skilað miklu. Má þar nefna þjónustusamning við lánasjóðsfulltrúa SHÍ þess eðlis að hann þjónustar stúdenta HA og talar fyrir hönd beggja háskólanna innan stjórnar Lánasjóðs íslenskra námsmanna – LÍN. Áður hafa stúdentar HA ekki átt rödd innan LÍN og er þjónustusamningurinn því stórt skref í rétta átt. Það er von stúdentaráðs að samningurinn verði endurnýjaður á nýju starfsári.

Ragnar Auðun Árnason lánasjóðsfulltrúi heimsótti stúdentaráð á starfsárinu og fræddi ráðið um LÍN og fleiri mál tengd sjóðum. Var það mjög upplýsandi fyrir meðlimi ráðsins og gerði heim-sóknin það að verkum að stúdentaráð FSHA gat tekið virkan þátt í umræðu um LÍN í samfélaginu en hún var hávær á starfsárinu.

Lilja Alfreðsdóttir mennta- og menngarmálaráðherra hefur lofað því að á kjörtímabilinu verði lagt fram frumvarp um ný lög um LÍN og munu stúdentar eiga tvo fulltrúa í starfshóp sem kemur að gerð þess. Það er mikið fagnaðarefni, sérstaklega þegar horft er á þá staðreynd að þegar frumvarp um LÍN lá fyrir árið 2016 var aðkoma stúdenta engin fyrir en eftir á.

Aukinn krafur FSHA í starfsemi Landssamtaka íslenskra stúdenta – LÍS hefur einnig skilað stúdentaráði miklu hvað varðar hagsmunabaráttu stúdenta. Stúdentaráð tók virkan þátt í áttakinu #kjóstumenntun sem aðildarfélag LÍS stóðu saman að í aðdraganda kosninga til Alþingis sem fram fóru 28. október. Stúdentaráð tilnefndi þrjá nemendur til þess að skrifa pistla fyrir hönd FSHA í aðdraganda kosninganna, þau Ketil Sigurð Jólsson, formann FSHA, Sólveigu Maríu Árnadóttur, varaformann FSHA, og Berglindi Ósk Guðmundsdóttur, fulltrúa FSHA í háskólaráði HA. Auk þess stóð stúdentaráð fyrir pallborðsumræðum þar sem frambjóðendum stjórnmálaflokka var boðið að koma og eiga samtal við stúdenta um menntamál. Sá viðburður var vel sóttur, bæði af stúdentum og starfsfólki skólans.

Átakið #kjóstumenntun skilaði nemendum því að ný ríkisstjórn boðaði til stórsóknar í menntamálum og telur stúdentaráð það vera fagnaðarefni. Stúdentar vænta þess að ríkisstjórn Katrínar Jakobsdóttur muni standa við stóru orðin. Stúdentaráð FSHA og LÍS munu veita aðhald og berjast áfram af heilum hug fyrir íslenska stúdenta.

Berglind Ósk Guðmundsdóttir, meistaranemi í lögfræði, sat sitt fjórða og síðasta starfsár í háskólaráði fyrir hönd stúdenta. Berglind Ósk kom reglulega á stúdentaráðsfundi þar sem formenn aðildarfélaga höfðu tækifæri til þess að upplýsa hana um einstök málefni stúdenta sem gerði að verkum að hún gat betur talað fyrir hönd heildarinnar. Það er mikilvægt að fast verklag verði í framtíðinni um samtöl stúdentaráðs og fulltrúa háskólaráðs.

Þess vegna verður lögð fram tillaga að breytingu á lögum á aðalfundi FSHA þess eðlis að fulltrúi nemenda í háskólaráði skólans eigi áheyrnarsæti í stúdentaráði.

Lögð var áhersla á það að efla stúdentaráðsliða í hagsmunabaráttu stúdenta. Háskólinn hvetur nemendur til þátttöku í trúnaðarstörfum, svo sem þátttöku í nefndum og ráðum háskólans, þar sem þeir hafa möguleika á að láta rödd stúdenta heyrast þegar kemur að ákvarðanatöku. Það er mikilvægt að stúdentar taki því ekki sem sjálfsögðum hlut og haldi rödd stúdenta á lofti innan skólans.

Stúdentaráð hefur einnig á starfsárinu tekið aukinn þátt í umræðu samfélagsins hverju sinni og er það mikilvægt og stórt skref sem ætti að efla enn frekar. Þar ber helst að nefna verlagsreglur sem stúdentaráð setti í kjölfar #metoo- umræðunnar.



Gæðadagur nemenda er haldinn árlega í samstarfi gæðastjóra HA og framkvæmdastjórnar stúdentafélagsins. Tilgangurinn er að kalla saman nemendur sem gegna trúnaðarstörfum í þágu nemenda. Markmiðið er að koma fulltrúunum vel inn í þau störf sem þar bíða og að auka tengsl á milli allra fulltrúa og undirbúa nemendur fyrir starfsár sitt. Myndin er frá gæðadegi nemenda 2017.

Ársskýrslu FSHA í fullri lengd má lesa á innri vef Háskólans á Akureyri, Uglu, á vefslóðinni <https://ugla.unak.is/kerfi/view/page.php?sid=1751>







FÉLAGSSTOFNUN STÚDENTA Á AKUREYRI - FÉSTA



Félagsstofnun stúdenta á Akureyri er sjálfseignarstofnun sem Háskólinn á Akureyri, skráðir nemendur og Akureyrarbær eiga aðild að. Tilgangur FÉSTA er að eiga og reka námsmannaíbúðir og annast aðra þjónustu við námsmenn. Sérstakar reglur gilda um úthlutun nemendahúsnæðis. Umsóknarfrestur um sumarvist er til 1. mars og fyrir vetrarvist til 20. júní.

Félagsstofnun rekur stúdentagarða við:

Skarðshlíð 46, með 14 herbergjum og 10 íbúðum sem teknar voru í notkun 1989,

Klettastíg, með 12 herbergjum og 18 íbúðum sem teknar voru í notkun 1993 – 1994,

Drekagil, þar sem 29 íbúðir voru teknar í notkun 2000,

Tröllagil, með 36 tveggja og þriggja herbergja íbúðum sem teknar voru í notkun í september 2004,

Kjalarsíðu, með 40 íbúðum sem teknar voru í notkun í ágúst 2008.

Framkvæmdastjóri Félagsstofnunar stúdenta er Jónas Steingrímsson.

Stjórn FÉSTA skipuðu:

Halla Margrét Tryggvadóttir, fulltrúi Akureyrarbæjar

Ólafur Búi Gunnlaugsson, fulltrúi háskólaráðs HA

Ólafur Halldórsson, fulltrúi háskólaráðs HA

Alberta Runný Aðalsteinsdóttir nemi, skipað af Félagi stúdenta við Háskólann á Akureyri – FSHA

Sandra Kristinsdóttir nemi, skipað af Félagi stúdenta við Háskólann á Akureyri – FSHA

Til vara:

Sigrún Lóa Kristjánsdóttir, fulltrúi háskólaráðs HA

Úlfar Hauksson, fulltrúi háskólaráðs HA

Guðmundur Ólafsson nemi, skipaður af Félagi stúdenta við Háskólann á Akureyri – FSHA

Orri Kristjánsson nemi, skipaður af Félagi stúdenta við Háskólann á Akureyri – FSHA

www.festaha.is





SÍMENNTUN HÁSKÓLANS Á AKUREYRI

Símenntun Háskólans á Akureyri skal leitast við að bjóða upp á alhliða sí- og endurmenntun á háskólastigi með þarfir viðskiptavina og hagkvæmni í rekstri að leiðarljósi. Símenntun nýtur ekki opinberra fjárveitinga og því þarf starfsemin að standa undir útlögðum kostnaði og taka tillit til samkeppnislaga. Umsýsla þjónustu er lýtur að kennsluhúsnæði og fjárhagslegum rekstri er á vegum háskólaskrifstofu.

Á vormánuðum gerði Háskólinn á Akureyri samning við Starfsmenntasjóð Samtaka atvinnulífsins og Samband stjórnendafélaga um umsýslu, framkvæmd og rekstur stjórnendafræðslu sem Starfsmenntasjóðurinn hefur þróað. Símenntun var falin umsýsja með þessari fræðslustarfsemi og var ráðinn starfsmaður í fullt starf sem sinnir stjórnendanáminu í 80% stöðuhlutfalli. Námið er á þriðja og fjórða hæfniprepi íslenska hæfnirammans um menntun og námslok. Skiptist það í fimm lotur og er kennt með sveigjanlegu námsformi.

Starfsemi ársins var að öðru leyti nokkuð hefðbundin. Starfsárið byrjar jafnan í ágúst með aðfaranámskeiðum fyrir nýja háskólanemendur. Námskeiðum fjölgaði nokkuð milli ára og nemendum sömuleiðis en þeir voru um 630 talsins.

Eins og undanfarin ár sóttu fleiri konur en karlar námskeið hjá Símenntun. Þátttakendur á námskeiðum eru á öllum aldri en fjölmennustu hóparnir eru á aldursbilinu 35 til 55 ára. Námskeiðsframboðið var fjölbreytt og má þar nefna svið eins og félags- og heilbrigðisvísindi, uppeldis- og kennslufræði, persónulega færni, fjármál og rekstur og menningartengd námskeið. Af tungumálum voru kínverska, spænska og ítalska kennd, það síðastnefnda með styrk frá ítalska utanríkisráðuneytinu sem hefur styrkt ítölskukennslu við skólann í mörg ár. Það hefur gert nemendum háskólans mögulegt að stunda ítölskunám sér að kostnaðarlausu.

Þá hafa aukist vinsældir og möguleikar einstaklinga, með til þess bærán grunn, til að taka stök námskeið við háskólann bæði á grunn- og framhaldsstigi.

Jafnan er það svo að einhver hluti námskeiða fellur niður árlega vegna ónógrar þátttöku sem veldur tekjutapi vegna kostnaðar sem hefur orðið vegna undirbúnings.

Tuttugu og einn nemandi útskrifaðist sem leiðsögumaður í maí. Námið var boðið í samstarfi við Leiðsöguskólann, Samtök ferðaþjónustunnar og SBA – Norðurleið og veitir það rétt til aðildar að Félagi leiðsögumanna. Námið spannar tvö misseri, alls 400 klukkustundir. Það er byggt á námskrá fyrir leiðsögunám og tekur mið af ólíkum þörfum ferðaþjónustunnar í takt við breytilegt ferðamynstur ferðamanna. Nemendur fræddust um leiðsögu-

tækni, helstu ferðamannastaði, íslenskt samfélag, jarðfræði landsins, sögu og menningu, gróður og náttúruvernd, atvinnuvegi, bókmenntir og listir auk þjálfunar í erlendu kjörmáli svo nokkuð sé nefnt. Kennt var síðdegis eftir hefðbundinn vinnudag og farnar vettvangsferðir um helgar auk hringferðar um landið í námslok. Við útskriftarathöfnina var flutt tónlist og ávörp fluttu meða annarra Bragi Guðmundsson, staðgengill háskólarektors, Kristín Hrönn Þráinsdóttir, fagstjóri Leiðsöguskólans, og María Guðmundsdóttir, fræðslustjóri Samtaka ferðaþjónustunnar.

Fjórtán manna hópur lauk námi í *Verkefnastjórnun – leiðtogaþjálfun (Vogl)* sem kennd var fimmta veturinn í samstarfi við Nordica ráðgjöf ehf. Í þessu vinsæla námi er lögð áhersla á að samtvinnu stjórnun og samskiptafærni. Útskrift hópsins fór fram á Egilsstöðum en námið hefur verið vel sótt af Austfirðingum. Sjötti hópurinn, 18 manns, hóf svo nám haustið 2017.

Sem fyrr komu kennarar víða að, bæði frá háskólum og úr atvinnulífinu. Óskir komu frá ýmsum, bæði einstaklingum, stofnunum og sveitarfélögum, um námskeið á ákveðnum sérsviðum sem Símenntun leitast við að mæta ásamt því að bjóða upp á námsefni sem höfðar til mismunandi starfsstétta og einnig breiðs hóps af báðum kynjum. Símenntun mun áfram leitast við að leita leiða til að höfða betur til karla en tekist hefur hingað til.

Elín Margrét Hallgrímsdóttir er forstöðumaður Símenntunnar.

Verkefnastjóri Símenntunnar er Stefán Guðnason.



SJÁVARÚTVEGSMIÐSTÖÐIN VIÐ HÁSKÓLANN Á AKUREYRI - SHA

Samantekið má segja að starfsemi SHA hafi verið með hefðbundnum hætti. Áhersla var lögð á Sjávarútvegsskóla Norður- og Austurlands, sérverkefni um úttekt strandveiða sem unnið var fyrir atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, samstarf við erlenda háskóla, sem og skipulag og umsjúna námskeiða sem kennd eru á sviði sjávarútvegsfræða.

Einn starfsmaður var við Sjávarútvegsmiðstöðina, verkefnastjóri í 100% stöðu. Nemendur í sjávarútvegsfræði við háskólann tóku virkan þátt í starfseminni.

Á meðal helstu verkefna verkefnastjóra á árinu má nefna:

- **Sjávarútvegsskóli Austurlands, skipulag og utnumhald.**

Sjávarútvegsmiðstöðin tók við því verkefni sumarið 2016. Því tilheyrir skipulag kennslu og gerð kennsluefnis, skýrslugerð og uppgjör við verkefnislok og samskipti við fyrirtæki og sveitarfélög sem styrkja Sjávarútvegsskólann meðan á verkefninu stendur. Fimm fyrirtæki í sjávarútvegi á Austurlandi styrktu verkefnið með framlögum að upphæð samtals rúmlega 3 m.kr. Aðrir styrkir til verkefnisins námu samtals kr. 1.150.000. Nemendur í sjávarútvegsfræðum við HA sinntu kennslu við skólann í sumarstörfum.

- **Sjávarútvegsskóli Norðurlands.**

Verkefnastjóri SHA stofnaði Sjávarútvegsskóla Norðurlands sumarið 2017 og sá alfarið um skipulag og utnumhald hans. Nemendur eru nokkuð fleiri en við Sjávarútvegsskóla Austurlands. Fimm fyrirtæki styrktu Sjávarútvegsskóla Norðurlands um alls 3.6 m.kr. Aðrir styrkir numu 750.000 krónum. Nemendur á lokaári í sjávarútvegsfræðum við HA sinntu kennslu við skólann í sumarstörfum. Nemendur báru ennfremur ábyrgð á sjávarútvegsskólunum tveimur í sumarleyfi verkefnastjóra.

Sjávarútvegsskólarnir eru framtíðarverkefni sem skila tekjum til Sjávarútvegsmiðstöðvarinnar.

Á haustmánuðum hófst undirbúningur fyrir sjávarútvegskólana báða sumarið 2018.

- **Samstarf við erlenda háskóla.**

Áfram var unnið að uppbyggingu samstarfs við Western Kentucky University – WKU. Meðal annars var tekið á móti nemendum frá WKU í tveggja vikna langri heimsókn í maí/júní. Nemendurnir unnu að því að skilgreina og móta

lausnir tengdar umhverfismálum, sjálfbærni og fleiri mál-efnum í tengslum við Háskólann á Akureyri og Akureyrarbæ.

Haldið var áfram samstarfi við IWATE University í Japan. Meðal annars sá verkefnastjóri SHA um skipulagningu og framkvæmd fjögurra daga heimsóknar starfsmanna frá IWATE í mars.

- **Sjávarútvegsskóli Sameinuðu þjóðanna – UNU – FTP.**

Sjávarútvegsmiðstöðin hefur almenna umsjón með skólanum og heldur utan um nemendur meðan á dvöl þeirra á Akureyri stendur. Nemendahópur kemur í nokkurra daga heimsókn seint á haustmisseri og situr fyrirlestra sem ætlaðir eru hópnum öllum. Í framhaldi af því vinna 2 – 5 nemendur að verkefnum sínum við Háskólann á Akureyri yfir rúmlega 3ja mánaða tímabil.

- **Húni II, Frá öngli í maga.**

Í tvær vikur í lok sumars vann verkefnastjóri SHA, ásamt nokkrum nemendum í sjávarútvegsfræði og Hollvínafélagi Húna II, að verkefninu Frá öngli í maga. Nemendum í sjötta bekk grunnskóla á Akureyri og í nágrenninu er boðið í sjóferð með Húna II til að kynna sjávarútvegi og sjávarlíf- fræði Eyjafjarðar. Fengu nemendurnir að prófa sjóstöng og var aflinn grillaður og slegið upp veislu um borð.

- **Becromal Iceland ehf.**

Í sumarlok vann verkefnastjóri SHA úttekt á lífríki og mengun fyrir Becromal og var þar meðal annars stuðst við neðansjávarmyndatökur í kringum útblástursrör fyrirtækisins. Erlendur Bogason kafari sá um myndatökur. Skýrsla um lífríki sjávarbotns við útblástursopin var unnin af SHA og Rannsóknamiðstöð Háskólans á Akureyri.

- **Fyrirlestrar fyrir ferðamenn.**

Á tímabilinu maí – október voru því nær daglega haldnir fyrirlestrar fyrir ferðamannahópa sem hingað komu frá Bandaríkjunum á vegum ferðaskrifstofunnar OAT. Verkefnastjóri SHA hélt utan um vinnslu kynningarefnis og skipulag fyrirlestranna. Kynningarnar voru um klukkutíma langar og var fjallað um íslenskan sjávarútveg og kvóta-kerfið.

Verkefnið skilaði tekjum til SHA og til viðskipta- og raunvísindasviðs. Átta nemendur við auðlindadeild, fyrst og fremst sjávarútvegsfræðinemar, fengu hlutastörf við kynningarnar

yfir sumartímann. Sáú þeir að mestu leyti um kynningarnar en verkefnastjóri SHA var til reiðu þegar nemendur komust ekki vegna annarrar vinnu.

- **Samstarf við Verkmennaskólann á Akureyri.**

Verkefnastjóri SHA kom að skipulagi og samantekt í tengslum við samstarfsverkefni HA og Verkmennaskólans á Akureyri – VMA sem komið var á laggirnar haustið 2016. Markmið samstarfsins er í fyrstu umferð að útfæra möguleika á að áfangar og/eða hluti áfanga á lokastigi í vélstjórn við VMA verði metnir inn í nám í sjávarútvegsfræðum við HA.

- **Kennsla.**

Verkefnastjóri SHA hafði umsjón með áfanganum *Auðlinda- og umhverfishedgfræði* sem kenndur var í sjávarútvegsfræði á vormisseri 2017. Verkefnastjóri var einnig umsjónarmaður með umfangsmiklu verkefni í þeim áfanga (15% námskeiðs). Verkefnastjóri hafði einnig umsjón með áfanganum *Fiskifræði* og kom auk þess að verklegri kennslu í áföngunum *Fiskifræði* og *Stofnstærðarfræði*.

- **Námskeið haldin við Háskólann á Akureyri.**

Verkefnastjóri SHA sá um skipulag og framkvæmd námskeiða sem haldin voru fyrir sjávarútvegsfræðinema og áhugasama sérfræðinga við HA. Um var að ræða námskeið frá fyrirtækjunum Wise, Marel og Marko Partners sem voru haldin í janúar og febrúar.

- **Sérverkefni – úttekt á strandveiðum fyrir atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið.**

Unnin var úttekt á strandveiðum á árinu 2017 og samanburður gerður við úttekt frá árinu 2009, fyrsta ári strandveiðanna. Úttektin var unnin af Fannari Frey Magnússyni sjávarútvegs- og viðskiptafræðingi og kom verkefnastjóri SHA að umsjón, skipulagningu og frágangi verkefnisins.





RANNSÓKNAMIÐSTÖÐ FERÐAMÁLA - RMF



RANNSÓKNAMIÐSTÖÐ FERÐAMÁLA

Rannsóknamiðstöð ferðamála er miðstöð rannsókna, fræðslu og samstarfs í greinum sem tengjast ferðamálum. RMF er starfrækt af Háskóla Íslands, Háskólanum á Akureyri og Háskólanum á Hólum í samstarfi við Samtök ferðaþjónustunnar og Ferðamálastofu. RMF sinnir fjölbreytilegum viðfangsefnum á sviði ferðamálarannsókna í tengslum við atvinnulíf og innlenda sem erlenda háskóla. Höfuðstöðvar RMF eru í Háskólanum á Akureyri, en frá árinu 2012 hefur jafnframt verið starfrækt skrifstofa við Háskóla Íslands.

Starfsemi RMF var með hefðbundnum hætti árið 2017 þar sem meginþungi starfsins fólst í undirbúningi rannsóknaverkefna, gagnasöfnun, úrvinnslu, skýrsluskrifum og kynningu niðurstaðna. Mikil áhersla var á að efla tengsl og styrkja samstarf bæði innanlands og utan. Þá stóð RMF fyrir ýmiss konar viðburðum á árinu, ýmist ein og sér eða í samstarfi við aðrar stofnanir.

Einn umfangsmesti viðburður ársins var alþjóðlegt málþing um mismunandi leiðir til að takast á við mikinn vöxt í ferðamennsku. Málþingið var hluti af alþjóðlegri ráðstefnuröð um ábyrga ferðamennsku á áfangastöðum. Í kjölfar ráðstefnunnar voru stofnaðir rannsóknarhópar með innlendum og erlendum rannsækendum en markmiðið með hópunum er að yfirfæra reynslu og þekkingu milli landa og ýta undir frekari rannsóknir á sviði ferðamála. Ferðamálin koma víða við og áhrifa ferðaþjónustu gætir víða. Því er mikilvægt að efla þverfaglegt og þverfræðilegt rannsóknarstarf sem getur stuðlað að öflugri þekkingarsamfélagi á sviði ferðamála. Starfsfólk RMF bæði stýrði og tók þátt í gerð nokkurra umsókna í erlenda og innlenda sjóði, meðal annars fyrir forverkfni til undirbúnings rannsóknarsamstarfs.

Nokkrar breytingar urðu á mannauði RMF á árinu. Á vormánuðum hvarf Edward H. Huijbens til starfa hjá Háskólanum á Akureyri. Í sumarlok lét Gunnþóra Ólafsdóttir af störfum og Auður H. Ingólfssdóttir var ráðin í stöðu sérfræðings. Rannsóknaráherslur Auðar lúta meðal annars að sjálfbærri ferðamennsku, tengslum loftslagsbreytinga og ferðamennsku og að samfélagsábyrgð fyrirtækja í ferðaþjónustu.

Starfsfólk RMF á árinu 2017:

Guðrún Þóra Gunnarsdóttir forstöðumaður

Auður H. Ingólfssdóttir sérfræðingur, frá 1. september

Edward H. Huijbens sérfræðingur, til 1. apríl

Eyrún Jenný Bjarnadóttir sérfræðingur

Gunnþóra Ólafsdóttir sérfræðingur, til 31. ágúst

Þórný Barðadóttir sérfræðingur

Valeriya Posmitnaya sumarstarfsmaður

Valtýr Sigurbjarnarson sumarstarfsmaður.

Stjórnarfundir á árinu voru þrír.

Í árslok 2017 sátu í stjórn Rannsóknarmiðstöðvar ferðamála:

Guðrún Pétursdóttir (Háskóli Íslands), formaður stjórnar

Svanfríður Jónasdóttir (Háskólinn á Akureyri) varaformaður

Jón Þorvaldur Heiðarsson (Háskólinn á Akureyri)

Rannveig Ólafsdóttir (Háskóli Íslands)

Laufey Haraldsdóttir (Háskólinn á Hólum)

Bjarnheiður Hallsdóttir (Samtök ferðaþjónustunnar)

Oddný Þóra Óladóttir (Ferðamálastofa)

Á aðalfundi urðu breytingar á stjórn. Guðrún Pétursdóttir, framkvæmdastjóri Stofnunar Sæmundar fróða, var þá skipuð fulltrúi Háskóla Íslands og tók hún við formennsku í stjórninni. Fráfarandi formaður var Rögnvaldur Ólafsson, forstöðumaður Rannsóknasetra HÍ. Svanfríður Jónasdóttir var skipuð fulltrúi Háskólans á Akureyri og tók við af Guðrúnu Rósu Þórsteinsdóttur, forstöðumanni RHA.



Rannsóknarverkefni ársins

Verkefni	Verkefnastjórar	Samstarfsaðilar
<i>Ferðavenjukönnun erlendra ferðamanna</i>	Lilja Berglind Rögnvaldsdóttir	Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Húsavík
<i>Talningar ferðamanna: Dreifing eftir landsvæðum</i>	Guðrún Þóra Gunnarsdóttir, Rögnvaldur Ólafsson og Gyða Þórhallsdóttir	Háskóli Íslands
<i>Viðhorf Íslendinga til ferðamanna og ferðaþjónustu</i>	Eyrún Jenný Bjarnadóttir	Rannsóknamiðstöð Háskólans á Akureyri
<i>Markhópagreining fyrir íslenska ferðaþjónustu</i>	Edward H. Huijbens og Guðrún Þóra Gunnarsdóttir	Íslandsstofa, Háskólinn á Bifröst og Háskólinn á Akureyri
<i>Móttaka skemmtiferðaskipa</i>	Þórný Barðadóttir	Auckland University of Technology og Nord Universitet
<i>Yndisævintýri (Slow Adventure Tourism / SAINT)</i>	Edward H. Huijbens	Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Hornafirði
<i>Viðhorf ferðamanna í flugi KEF – AK</i>	Eyrún Jenný Bjarnadóttir	Markaðsstofa Norðurlands, Air Iceland Connect og Rannsóknamiðstöð Háskólans á Akureyri
<i>Áhrif orkuvinnslu í Kröflu á upplifun ferðamanna</i>	Auður H. Ingólfssdóttir	Landsvirkjun
<i>Könnun á viðhorfum útvistarfólks og ferðamanna til virkjana á Henglinum</i>	Edward H. Huijbens	Orkuveita Reykjavíkur
<i>Ferðamál á virkjanasvæði við Þeistareyki</i>	Auður H. Ingólfssdóttir og Guðrún Þóra Gunnarsdóttir	Landsvirkjun
<i>Áhrif Svartárvirkjunar á ferðamennsku og útivist</i>	Gunnþóra Ólafsdóttir og Hjalti Jóhannesson	SSB Orka og Rannsóknamiðstöð Háskólans á Akureyri

Nánari lýsingar á verkefnunum er að finna í ársskýrslu á vef RMF. Þar gefur ennfreður að líta yfirlit yfir útgefið efni, fyrirlestra, erindi, ráðstefnur, málþing o.fl.

www.rmfi.is

<https://www.facebook.com/rannsoknamidstod/>



RANNSÓKNARÞING NORÐURSINS, NORTHERN RESEARCH FORUM – NRF



Markmið

Markmið NRF er að skapa vettvang fyrir umræður um málefni norðurslóða og að auka samvinnu vísindamanna og hagsmunaaðila á norðurslóðum. Viðfangsefnið eru margvísleg, svo sem loftslagsbreytingar, sjálfbær þróun, nýting auðlinda, menntun, heilsa og öryggi.

Að NRF standa sex norðurskautslönd, þ.e. Ísland, Finnland, Norvegur, Kanada, Bandaríkin og Rússland. Átta manna stjórn er yfir NRF með fulltrúum frá ofangreindum löndum og eru Ísland og Bandaríkin með tvo fulltrúa hvort. Stjórnarformaður er Lasse Heininen frá Finnlandi. Stjórnun NRF er að mestu í höndum framkvæmdastjórnar NRF sem skipuð er fjórum aðilum úr aðalstjórninni, þeir eru auk formannsins, frá Íslandi, Bandaríkjunum og Kanada.

Skrifstofa NRF er staðsett hjá Rannsóknamiðstöð Háskólans á Akureyri – RHA, sem rekur skrifstofuna samkvæmt þjónustusamningi við Háskólann á Akureyri. Framkvæmdastjóri skrifstofunnar er Guðrún Rósa Þórsteinsdóttir, sem jafnframt er forstöðumaður RHA.

Til að uppfylla markmið sín skipuleggur NRF rannsóknarþing á tveggja til þriggja ára fresti í aðildarríkjum Norðurskautsráðsins. Forsvarsmenn NRF hvetja til að tekið sé heildrænt á málefnum norðursins og að sjónarmið og velferð samfélaga og fólks á svæðinu séu höfð að leiðarljósi. Því er leitast við að tryggja þátttöku frá sem flestum sviðum samfélagsins á rannsóknarþingunum. Þátttakendur eru m.a. vísindamenn, stjórnmalamenn, embættismenn, sveitarstjórnarmenn, frumbyggjar og síðast en ekki síst ungir vísindamenn. Nokkrir ungir vísindamenn hljóta styrk til að sækja hvert þing og gegna þar veigamiklu hlutverki. Að auki miðlar NRF upplýsingum í gegnum heimasíðu sína, www.nrf.is, og fésbókarsíðu, <https://www.facebook.com/NorthernResearchForum/>.

Þátttaka í ráðstefnum

Alþjóðaráðstefnan Arctic Circle (Hringborð Norðurslóða) var haldin í fjórða sinn í ráðstefnu- og menningarhúsinu Hörpu í Reykjavík 13. – 15. október. NRF tók virkan þátt í undirbúningi eins og áður og stóð fyrir tveimur málstofum og var í samvinnu með aðrar þrjár. Yfirskrift málstofanna var:

A world without ice – geopolitical imagination or a vision for the future? Leidd af NRF í samstarfi við Háskólann á Akureyri.

Contemporary issues of gender in the arctic. Leidd af NRF í samstarfi við Norðurslóðanet Íslands og Rannsóknasetur um norðurslóðir við Háskóla Íslands.

Þrjár málstofur í samvinnu við Thematic Network – TN on Geopolitics and Security. Yfirskrift þessara málstofa var:

- *Arms race, arms control and disarmament in the arctic – russian-us dialogue.*
- *Climate change and security – searching for a paradigm shift.*
- *New nexus of arctic security – from elimination of environmental damage to regional security.*

Málstofurnar tókust allar vel og voru vel sóttar.

Þess má einnig geta að NRF er hluti af hóp sem kallast Arctic Akureyri. Um er að ræða aðila sem vinna að norðurslóðamálum á Akureyri og voru með sameiginlegan kynningarbás á norðurslóðamálum í Hörpu.

Önnur verkefni

Að venju var NRF þátttakandi í árlegum verkefnum eins og Calotte Academi og Jokkmokk- vetrarráðstefnunni í Finnlandi. Skrifstofa NRF hélt að auki kynningarfundum á árinu og tók á móti gestum og sendinefndum.

NRF tók þátt í útgáfu á Arctic Yearbook 2017 ásamt Háskóla Norðurslóða og Arctic Portal á Akureyri. Ritstjóri Arctic Yearbook er Lasse Heininen. Bókin er aðgengileg hér: <http://www.arcticyearbook.com/>

Framtíð NRF

Á árinu var unnið að stefnumótun og breytingum á hlutverki NRF. Ljóst er að miklar breytingar hafa orðið á sviði norðurslóðamála á undanförunum árum. NRF var brautryðjandi hvað varðar að leiða saman vísindamenn, fólk úr viðskiptalífinu og stjórnendur á opnum málþingum. Einnig vann NRF frumkvöðlastarf með því að bjóða ungum vísindamönnum til málþinganna og gera þeim kleift að vera með framsögur og taka virkan þátt í samræðum við hlið reyndra vísindamanna.

Árið 2013 setti þáverandi forseti Íslands og einn stofnenda NRF, Ólafur Ragnar Grímsson, á fót Hringborð Norðurslóða – Arctic Circle, sem hann byggði á hugmyndafræði og reynslu NRF. Ólafur Ragnar hafði verið mikill stuðningsmaður NRF frá stofnun þess en vildi á þessum tímamarki færa hugmyndafræði NRF upp á annað plan og ná til fleiri. Úr varð Hringborð Norðurslóða sem er árlegur viðburður og sá stærsti á norðurslóðum þar sem fjallað er um málefni þeirra svæða.

Framkvæmdastjóri skrifstofu NRF hóf undirbúningsvinnu að nýrri stefnumótun og breyttu hlutverki NRF í samvinnu við marga aðila þegar árið 2016. Unnið var ötullega að stefnumótuninni á árinu í samvinnu við rektor HA og framkvæmdastjórn NRF. Hugmyndin að nýju NRF var kynnt í framkvæmdastjórn HA á árinu. Afrakstur ofangreindrar vinnu, NRF Háskólans á Akureyri, sem verður regnhlíf yfir norðurslóðastarfsemi HA mun taka til starfa snemma árs árið 2018.



SAMNINGAR

Í skránni hér á eftir er getið nokkurra helstu samninga sem Háskólinn á Akureyri gerði á árinu. Fyrst er getið um samningsaðila, þá eðli samnings og síðast dagsetningu undirritunar. Auk þessa hafa deildir og svið háskólans gert fjölda samstarfssamninga, meðal annars við erlendar stofnanir og háskóla.

Háskólinn á Akureyri og Deloitte hf.

Samningur um kennslu á vormisseri 2017. 7. mars 2017.

Háskólinn á Akureyri og Mentor Education Consulting.

Samningur um stefnumótunarvinnu. 15. mars 2017.

Háskólinn á Akureyri og Heilbrigðisstofun Norðurlands.

Rammasamningur um samstarf. 21. september 2017.

Háskólinn á Akureyri og Sjúkrahúsið á Akureyri.

Rammasamningur um samstarf. 10. maí 2017.

Háskólinn á Akureyri, Starfsmenntasjóður Samtaka atvinnulífsins og Samband stjórnendafélaga.

Samningur um umsýslu, framkvæmd og rekstur stjórnendafræðslu. 1. júní 2017.

Háskólinn á Akureyri, Fjarðabyggð, Alcoa Fjarðaál hf., Síldarvinnslan í Neskaupstað hf., Eskja hf., Loðnuvinnslan Fáskrúðsfirði hf., Launafl og Brammer á Íslandi.

Yfirlýsing um samstarf í menntamálum. 23. júní 2017.

Háskólinn á Akureyri og AkureyrarAkademían.

Samstarfssamningur. 17. maí 2017.

Háskólinn á Akureyri og Deloitte ehf.

Samningur um kennslu á haustmisseri 2017. 16. október 2017.

Samningar Háskólans á Akureyri, hug- og félagsvísindasviðs, við starfsþróunarskóla um vettvangsnám og æfingakennslu í HA:

Leikskólinn Tröllaborgir. 21. september 2017.

Leikskólinn Krílakot. 12. júní 2017.

Leikskólinn Kiðagil. 12. Júní 2017.

Hraunvallaskóli. 27. september 2017.

Grunnskóli Seltjarnarness. 28. mars 2017.

Álftanesskóli. 27. september 2017.

Samningar Miðstöðvar skólaþróunar við Háskólann á Akureyri – MSHA:

MSHA og Leikskólinn Ylur. Samningur um skólanámskrágerð í leikskóla. 9. janúar 2017.

MSHA og Leikskólinn Krummakot. Samstarfssamningur um þróunarverkefni. Október 2017.

MSHA og Grunnskóli Grindavíkur. Samningur um Byrjendalæsi. Október 2017.

Háskólinn á Akureyri og Elías Ingi Björgvinsson. Verksamningur um söfnun talmálgagna í tengslum við Máltækniáætlun fyrir íslensku 2018 – 2022, sameiginlegt verkefni HA og Háskólans í Reykjavík. 11. ágúst 2017.

Háskólinn á Akureyri og University of Southern Maine. Institutional Collaboration Agreement. 18. desember 2017.

Háskólinn á Akureyri og Orkustofnun.

Samningur um rannsóknir á örverulífri gasaugna í Öxarfirði. 11. nóvember 2017.

Norðurslóðanet Íslands og utanríkisráðuneytið.

Samningur um Norðurslóðanet Íslands – þjónustumiðstöð norðurslóðamála (Icelandic Arctic Cooperation Network). 28. desember 2017.



STYRKIR

Eftirfarandi er yfirlit yfir ýmsa styrki til verkefna á vegum Háskólans á Akureyri eða starfsfólks háskólans. Yfirlitið er ekki tæmandi fyrir allar styrkveitingar.

Styrkir til Vísindaskóla unga fólksins:

Eimur, samstarfsverkefni um bættu nýtingu orkuauðlinda og aukna nýsköpun í orkumálum á Norðurlandi eystra, kr. 250.000

Norðurorka kr. 200.000

Rótaryklúbbur Akureyrar kr. 90.000

Lionsklúbburinn Ösp kr. 70.00

Lionsklúbburinn Hængur kr. 100.000

Efla ehf. kr. 250.000

Góðvinir Háskólans á Akureyri kr. 150.000

Akureyrarbær kr. 500.000

Verkefnasjóður Háskólans á Akureyri kr. 150.000

Rannsóknasjóður Háskólans á Akureyri:

Stjórn Vísindasjóðs Háskólans á Akureyri úthlutaði styrkjum úr rannsóknasjóði HA í byrjun árs. Úthlutað var styrkjum að upphæð samtals kr. 14.700.000.

Árni Gunnar Ásgeirsson lektor, *Stofnun tilraunastofu í hugrænum taugavísindum*, kr. 401.000

Ársæll Már Arnarsson prófessor, *Heilsa og lífskjör skólabarna*, kr. 800.000

Árún Kr. Sigurðardóttir prófessor, *Health and well-being in Northern Iceland: Does residency, urban or rural, affect health and well-being in community dwelling Icelandic people age ≥ 65 years?* Kr. 800.000

Elísabet Hjörleifsdóttir dósent, *Býðing á fjórum rannsóknargreinum úr íslensku yfir á ensku*, kr. 280.000

Hafðís Skúladóttir lektor, *Áhrif verkjameðferða á þremur endurhæfingardeildum á Íslandi á liðan og daglegar athafnir*, kr. 400.000

Hermína Gunnþórsdóttir dósent, *Viðbrögð við sértækum námsþörfum í skóla án aðgreiningar: Forsendur, fyrirkomulag og árangur [VIÐNÁM]*, kr. 700.000

Hilmar Þór Hilmarsson prófessor, *Crisis Response and Post Crisis Results in the Nordic Countries and Baltic States: Successes, Failures, Lessons Learned and Future Challenges*, kr. 500.000

Joan Nymand Larsen prófessor, *Arctic Youth and Sustainable Future. The Case of Iceland*, kr. 800.000

Jóhann Örlygsson prófessor, *Framleiðsla á lípiðum með Rhodococcus bakteríum*, kr. 750.000

Kristín Margrét Jóhannsdóttir lektor, *Tímanotkun í vesturíslenskum frásögnum*, kr. 100.000

Kristín Þórarinsdóttir lektor, *Notkun persónumiðaða heilsufarmatsins Hermes í endurhæfingu fólks með langvinna verki*, kr. 700.000

Margrét Auður Sigurbjörnsdóttir aðjúnt, *Þrífast plöntusýklar í fléttum?* Kr. 975.000

Oddur Þór Vilhelmsson prófessor, *Örverusamfélag á EcoMars – HABIT prófunarsvæðinu*, kr. 1.319.000

Sean Michael Scully aðjúnt, *Novel Tunable Catalysts for the Petursson Alkylation*, kr. 750.000

Sigfríður Inga Karlsdóttir dósent, *Áhrif alvarlegra atvika í fæðingu á liðan og störf ljósmæðra*, kr. 350.000

Sigríður Sía Jónsdóttir lektor, *Sálræn vanlíðan, mat ljósmæðra og vandamál í meðgöngu og fæðingu*, kr. 1.500.000

Sigurður Kristinnsson prófessor, *Hlutverk háskóla í lýðræðissamfélagi*, kr. 700.000

Stefán B. Gunnlaugsson dósent, *Íslensku veiðigjöldin – tilraun til að skattleggja auðlindarentu*, kr. 500.000

Vífill Karlsson dósent, *Fjarbúar og fasteignamarkaður á landsbyggðunum*, kr. 700.000

Þorbjörg Jónsdóttir lektor, *Langvinnir verkir og heilsutengd lífsgæði, þróun og tengsl á 6 ára tímabili*, kr. 1.500.000

Menningar- og viðurkenningarsjóður KEA:

Halldór Jóhannsson, framkvæmdastjóri KEA, afhenti styrki úr Menningar- og viðurkenningarsjóði KEA föstudaginn 1. desember. Alls var úthlutað 15 milljónum króna til 64 aðila. Úr flokknum Styrkir til rannsókna og menntamála fengu eftirtaldir styrki:

Margrét Hrönn Svavarsdóttir lektor, *Rannsókn um lífsstíl, dhættuþætti og sjálfsumönnun einstaklinga með kransæðasjúkdóma*.

Miðstöð skólaþróunar við Háskólann á Akureyri, til ráðstefnu um samstarf heimila og skóla í HA.

Stephanie Barillé verkefnastjóri, *PhD project explores the experiences of family separation among transnational immigrant parents in the North of Iceland, with a particular focus on emotions.*

Hermína Gunnþórsdóttir dósent, *Verkfærakista fyrir grunnskólakennara sem gerir þeim kleift að vinna með íslenskan orðaforða barna af erlendum uppruna.*

Lars Gunnar Lundsten, forseti hug- og félagsvísindasviðs, alþjóðleg ráðstefna, *Global Media Literacy in the Digital Age.*

Jenný Gunnbjörnsdóttir aðjúnt, Miðstöð skólaþróunar við Háskólann á Akureyri, verkefnið *Sögur*, til að auka lestur barna og menningarläsi barna og hvetja þau til sköpunar (KrakkaRÚV).

Hafðís Skúladóttir lektor, doktorsverkefni, að kanna áhrif verkja-meðferðar á þremur endurhæfingardeildum á Íslandi á líðan og daglegar athafnir.

Miðstöð skólaþróunar við Háskólann á Akureyri, *Snjallvagninn*, tækjasafn til kennslu í upplýsingatækni og forritun.

Leikskólinn lðavöllur og Miðstöð skólaþróunar við Háskólann á Akureyri, *Það er leikur að læra íslensku – að koma til móts við foreldra af erlendum uppruna.*

Nýsköpunarsjóður námsmanna:

Árni Gunnar Ásgeirsson lektor, *Þróun forits og vefviðmóts til skrásetningar á samskynjunum*, kr. 700.000

Orkurannsóknasjóður Landsvirkjunar:

Sean M. Scully aðjúnt, *Next Generation Biofuels from Protein-rich Biomass*, kr. 3.600.000

Jafnréttissjóður á vegum forsætisráðuneytisins:

Finnur Friðriksson dósent, ráðstefnan *Språk och kön*, norræn ráðstefna um mál og kyn, haldin í Háskólanum á Akureyri, kr. 750.000

Samband íslenskra sveitarfélaga, kennaradeild Háskólans á Akureyri, Menntavísindasvið Háskóla Íslands, Félag leikskólakennara og Félag stjórnenda leikskóla, *Karlar í yngri barna kennslu.*

Norðurorka, styrkir til samfélagsverkefna:

Anna Lóa Ólafsdóttir meistaranemi í heilbrigðisvísindum, *Einn blár strengur – átaksverkefni um kynbundið ofbeldi.*

Íris Hrönn Kristinsdóttir sérfræðingur, Miðstöð skólaþróunar við Háskólann á Akureyri, *Forritun í gegnum leik.*

Byggðarannsóknasjóður Byggðastofnunar:

Árún Kr. Sigurðardóttir prófessor, *Heilsufar og vellíðan eldra fólks á Norðurlandi*, kr. 3.000.000

Guðmundur Ævar Oddsson lektor, *Lögreglan í landsbyggðunum*, kr. 2.000.000

Hjörleifur Einarsson prófessor, *Möguleikar sjávarlíftækni til atvinnusköpunar á landsbyggðinni*, kr. 1.500.000

Markus Hermann Meckl prófessor, *Svæðisbundinn munur á ánægju og aðlögun innflytjenda* kr. 2.500.000

Þróunarsjóður námsgagna:

Miðstöð skólaþróunar við Háskólann á Akureyri, *Orðaleikur*, kr. 1.750.000

Ingibjörg Auðunsdóttir sérfræðingur og Sólveig Zophoníasdóttir sérfræðingur, Miðstöð skólaþróunar við Háskólann á Akureyri, *Fágæti og furðuverk í stafrænu formi*, kr. 1.450.000



HÁSKÓLINN Á AKUREYRI 30 ÁRA – AFMÆLISÁRIÐ Í MYNDUM OG MÁLI



Árið 2017 var því fagnað að 30 ár voru liðin frá stofnun Háskólans á Akureyri.

Rektor skipaði afmælisnefnd til að undirbúa afmælisdagskrá allt árið. Formaður nefndarinnar var Sigrún Stefánsdóttir dósent, áður forseti hug- og félagsvísindasviðs. Aðrir í nefndinni voru Agnes Eyfjörð verkefnastjóri, Katrín Árnadóttir, forstöðumaður markaðs- og kynningarsviðs, Kristín Margrét Jóhannsdóttir

lektor, Stefán B. Sigurðsson prófessor, fyrrverandi rektor HA, Svanfríður Jónasdóttir verkefnisstjóri og Stefán Sigurðsson lektor.

Fjölmarginir nemendur háskólans sem og starfsfólk frá öllum einingum skólans kom að skipulagningu og framkvæmd viðburða. Hér er stiklað á þeim helstu



Sigrún Stefánsdóttir



Agnes Eyfjörð



Katrín Árnadóttir



Kristín Margrét Jóhannsdóttir



Stefán B. Sigurðsson



Stefán Sigurðsson



Svanfríður Jónasdóttir



Kynningarefni afmælisársins var unnið af Dagnýju Reykjalín, grafískum hönnuði hjá Blek – skapandi norðlenskri auglýsingastofu. Gerður var bæklingur og einnig borðdagatal þar sem afmælisviðburðir ársins voru auglýstir. Dagatalið fór á öll heimili á Eyjafjarðarsvæðinu. Vatnslitamyndir úr dagatalinu prýða þessa samantekt.

Afmælisdagskráin hófst þann 13. janúar með málþinginu Haraldur Bessason og mótunarárin. Haraldur Bessason var fyrsti rektor HA.

Nokkur erindi voru flutt á málþinginu sem fór fram í hátíðarsal HA:

Fræðimaðurinn Haraldur Bessason, Kristín Margrét Jóhannsdóttir, aðjúnt við HA.

Kennarinn Haraldur Bessason, Kent Lárus Björnsson, en Kent var nemandi Haraldr í Winnipeg 1980 – 1983.

Frá sjónarhóli starfsmanns, Margrét Tómasdóttir, fyrrum starfsmaður HA.

Frá sjónarhóli nemandi, Benedikt Barðason, aðstoðarskóla-meistari VMA.

Einnig ávarpaði Eyjólfur Guðmundsson rektor samkomuna.

Þennan dag voru opnaðar nokkrar sýningar í húsakynnum háskólans.

Sýningin *Arkitektúr og Akureyri* var sett upp í samstarfi við Listasafnið á Akureyri og Árna Ólafsson arkitekt.





HÁSKÓLINN Á AKUREYRI 30 ÁRA – AFMÆLISÁRIÐ Í MYNDUM OG MÁLI



Rósa Margrét Húnadóttir fulltrúi, formaður sýningarnefndar, opnaði sýningu um fyrstu þriðtíu árin í sögu Háskólans á Akureyri. Sýningin var byggð á afmælisritinu Háskólinn á Akureyri 1987 – 2012 í ritstjórn Braga Guðmundssonar prófessors. Hún stóð allt árið.



Í Ritveri HA, Kristín Margrét Jóhannsdóttir aðjúnkt og Telma Eidsdóttir nemi.

Einnig opnaði Astrid málverkasýninguna *Jónborg – Sólborg* þar sem sýnd voru verk myndlistarkonunnar Jónborgar Sigurðardóttur.



Astrid M. Magnúsdóttir, forstöðumaður bókasafns og upplýsingaþjónustu HA, opnaði hið nýja Ritver Háskólans á Akureyri. Markmið þess er að bjóða þjónustu við nemendur og starfsfólk við fræðileg skrif og að stuðla að því að ritgerðir innihaldi vandaðan texta. Í ritveri er veitt aðstoð við að skipuleggja heimildaðflun, að byggja upp ritgerðir, að móta rannsóknarspurningar, við að nota sniðmát fyrir ritgerðir og um allt sem lýtur að íslensku máli og textagerð. Þjónustan er án endurgjalds og hægt að bóka tíma í gegnum vefsíðu ritversins.



Jónborg Sigurðardóttir ásamt nokkrum gestum á opnun sýningarinnar.



Rektorar HA og rektorstíð þeirra, frá vinstri:

Haraldur Bessason 1987 – 1994, Þorsteinn Gunnarsson 1994 – 2009, Stefán B. Sigurðsson 2009 – 2014 og Eyjólfur Guðmundsson frá 1. júlí 2014.

Vísindi á mannamáli, Hvað gerir vatnið fyrir kroppinn? 25. janúar



Stefán B. Sigurðsson prófessor hélt fyrirlestur um mikilvægi vatns fyrir líkama og sál.

Líkami okkar er um 60% vatn. Hvernig förum við að því að halda vökvajafnvægi? Hvað gerist ef við gætum þess ekki að drekka nóg? Gildir það sama hvort sem maður er ungur eða gamall? Er nægjanlegt að láta þorstatilfinninguna stýra vatnsdrykkju?



Getur ómeðvitaður vatnsskortur haft alvarlegar afleiðingar? Getur maður drukkið of mikið vatn? Þessum spurningum svaraði Stefán á fyrsta fyrirlestrinum undir yfirskriftinni Vísindi á mannamáli.



HÁSKÓLINN Á AKUREYRI 30 ÁRA – AFMÆLISÁRIÐ Í MYNDUM OG MÁLI



Vísindi á mannamáli, Undraheimur smádýranna, 22. febrúar

Þau eru mörg undrin í náttúrunni. Brynhildur Bjarnadóttir fjallaði um heim smádýranna.

Köngulær og ánamaðkar eru smádýr sem bæði eru áhugaverð og spennandi en um leið örlítið ógnvekjandi, að sumra mati. Báðar þessar lífverur gegna veigamiklum hlutverkum í hringrás-

um náttúrunnar. En hvernig lífi lífa þessar smálífverur? Hvers vegna hræðast margir köngulærnar? Eru þær hættulegar eða skaðlausar? Af hverju fyllast gangstéttir og götur af ánamöðkum í mikilli rigningu? Hvernig má vekja áhuga nemenda og almennings á þessum áhugaverðu lífverum?



Leikritið Sóley Rós ræstitæknir var sýnt í Samkomuhúsinu 3. og 4. febrúar

Sóley Rós ræstitæknir, eftir Maríu Reyndal leikstjóra og Sólveigu Guðmundsdóttur leikkonu, er byggt á sögu raunverulegrar íslenskrar hvunndagshetju. Hún er 42ja ára þegar hér er komið sögu og hefur átt lygilegt lífshlaup, hefur kynnst mótlæti og sárum missi sem hver sem er gæti kiknað undan. Leikritið var valið leikrit ársins 2017, Sólveig Guðmundsdóttir var valin leikkona ársins í aðalhlutverki 2017 fyrir leik sinn í Sóley Rós, og verkið hlaut Menningarverðlaun DV 2017. Konan sem varð fyrirmyndin að Sóley Rós vann sem umsjónarmaður við Háskólann á Akureyri.

Rithöfundaspjall á Bókasafni HA – Arnar Mór Arngrímsson 16. mars

Í rithöfundaspjalli ræddi Jenný Gunnbjörnsdóttir aðjúnkt við Arnar Mór Arngrímsson um fyrstu bók hans, *Sólva sögu unglings*, sem kom út 2015 og hlaut Barna- og unglingabókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs 2016. Arnar Mór Arngrímsson (f. 1972) er íslenskukennari og rithöfundur. Hann stundaði nám í íslenskum bókmenntum og þýsku við Háskóla Íslands og Háskólann í Köln. Undanfarin tíu ár hefur hann kennt íslensku við Menntaskólann á Akureyri. Hann vinnur nú að framhaldi *Sólva sögu*.



Afmælisteboð Teklúbbs Háskólans á Akureyri 28. mars

Teklúbbur HA bauð nemendum og starfsfólki háskólans í tefræðslu með tesmökkun. Lukas Blinka aðjúnkt hélt fróðlegt erindi um Darjeeling te – „champange of teas“, sem þykir vera einstakt að bragðgæðum. Gestir gátu smakkað þessa göfugu tegund í nokkrum útgáfum, til dæmis af nýlega tíndum telaufum úr Himalayafjöllum. Eftir það var afmælisteboð í Miðborg með úrvali af ýmiss konar tei og kökubita. Margir lögðu leið sína þangað af þessu tilefni.





HÁSKÓLINN Á AKUREYRI 30 ÁRA – AFMÆLISÁRIÐ Í MYNDUM OG MÁLI



Vísindi á mannamáli, Hvernig hið ósýnilega varð sýnilegt! 29. mars



Ásta Margrét Ásmundsdóttir aðjúnt sagði frá því hvernig uppgötvun þýska eðlisfræðingsins W.C. Röntgen, röntgengeislir, olli byltingu í lækisfræði og leiddi til mikilvægra framfara á mörgum öðrum sviðum. Uppgötvun Röntgens, hagnýting hennar og þáttur í þróun vísindanna er áhugaverður hluti af sögu tuttugustu aldar. Sú saga snertir líka á siðferðilegum og efnahagslegum álitamálum sem endurspeglar tíðarandann hverju sinni. Fyrst og fremst er þetta þó saga framfara í vísindum og aukinna lífsgæða fyrir almenning.



Keyrum við meira ef vegalengdir styttest? Því svaraði Jón Þorvaldur Heiðarsson lektor. Erlendar rannsóknir sýna að ef vegalengd milli staða helmingast er líklegt að umferðin fjórfaldist. Spyrja má hvort sama á við um Ísland. Eru vegstyttingar slæmar að því leyti að þær auka heildarumferð og eru þannig í eðli sínu andstæðar því að minnka losun koltvísýrings? Er hægt að bregðast við því? Opnun jarðganga er eitthvert besta tækifærið til að sjá hvernig vegstyttingar virka á umferð. Sagt var frá rannsóknunum á umferð til og frá Siglufirði fyrir og eftir Héðinsfjarðargöng.



Örfyrirlestrar viðskiptadeildar og auðlindadeildar á Borgum 7. apríl

Kennarar og sérfræðingar viðskiptadeildar og auðlindadeildar kynntu rannsóknir sínar stutt og á auðskiljanlegum nótum. Meðal verkefna í viðskiptadeild má nefna rannsóknir á ferðaþjónustu, samruna fyrirtækja, alþjóðastofnunum, norrænanum vinnu-markaði, sveitarstjórnarmálum, markaðsmálum, stjórnun og skipulagningu fyrirtækja og rekstri sjávarútvegsfyrirtækja.

Meðal verkefna í auðlindadeild má nefna rannsóknir á hitakærum bakteríum sem framleiða lífrænt eldsneyti, framleiðslu lífvirkra efna úr sjávarfangi, erfðafræði rjúpunnar og samlífi örvera í fléttum.

Vísindi á mannamáli, *Erfðaskrár*, 26. apríl



Júlí Ósk Antonsdóttir, aðjúnkt við lagadeild HA, fjallaði um *erfðaskrár*.

Dauðinn er eitt af því fáa sem við getum verið viss um að mætir okkur. Mörgum finnst erfitt að horfast í augu við þessa staðreynd. Erfðaskrá er lykill að því að hjálpa þeim sem eftir lifa við skiptingu

eigna og hún getur komið í veg fyrir átök og deilur. Margir átta sig ekki á því hvaða möguleika erfðaskrár bjóða upp á og fresta því að gera þær. Útskýrt var á mannamáli hvers vegna mikilvægt er að gera erfðaskrá, hverjir möguleikarnir eru og hvernig erfðaskrá þarf að vera til þess að vera gild.



Eyfirðingurinn í hnotskurn, málstofa 27. apríl

Rannsóknamiðstöð Háskólans á Akureyri bauð til málstofu. Kynntar voru niðurstöður nýrrar könnunar sem fór fram á meðal íbúa á Eyjafjarðarsvæðinu. Þar fengust svör við ýmsum spurningum, svo sem:

- Geta Eyfirðingar hugsað sér að næsti bíll þeirra verði rafbíll?
- Hverjir eru duglegastir að sækja menningarviðburði í Hofi?
- Eru íbúar Akureyrar hlynntir persónukosningum til bæjarstjórnar?
- Hver er hugur íbúa smærri sveitarfélaga til sameiningar sveitarfélaga?
- Hverjir eru líklegastir til að nefna gott veður í tengslum við búsetuskilyrðin á svæðinu?
- Hvert er viðhorf íbúa til flokkunar á lífrænum úrgangi til endurvinnslu?
- Telja íbúar að þeir séu í starfi sem hentar menntun þeirra?

Málstofan var öllum opin og spunnust þar líflegar umræður.



HÁSKÓLINN Á AKUREYRI 30 ÁRA – AFMÆLISÁRIÐ Í MYNDUM OG MÁLI



Háskólinn á vettvangi, afmælishald undir berum himni



Boðið var upp á nokkrar vettvangsferðir með sérfróðum leiðsögumönnum. Ferðirnar voru af ólíkum toga en allar voru þær skemmtilegar og fræðandi. Þær voru farnar sem hér segir:

Garðyrkja – fléttur og skófir, 13. maí.

Gengið var um holt og klappir í nágrenni Sólborgar og fræðst um fléttur og skófir sem eru í raun lítil vistkerfi. Leiðsögumaður var Starri Heiðmarsson fléttufræðingur, sviðsstjóri hjá Náttúrufræðistofnun Íslands á Akureyri.

Fuglaskoðun 20. maí.

Gönguferð um Krossanesborgir þar sem er varpland 23ja fugla tegunda. Þar má meðal annars sjá spóa, hrossagauk, jaðrakan, þúfuttilling, mávategundir og rjúpu og ýmsa andfugla, svo sem rauðhöfðaönd, skúfönd og stökkönd. Leiðsögumaður var Sigríður Sía Jónsdóttir ljósmóðir, lektor við HA og fuglaáhugakona.



Fuglaskoðun

Skógfræðsla 24. júní.

Gengið um Kjarnaskóg undir leiðsögn Brynhildar Bjarnadóttur sem er doktor í skógvistfræði og lektor við HA. Skoðaðar voru helstu trjategundir og sérkenni þeirra og einnig það fjölbreytta lífríki sem býr í skógi; blóm, grös, sveppir, fuglar og skordýr. Þátttakendur fræddust um mikilvægi skóga sem útivistarsvæða og uppsprettu kennslumöguleika.

Fjallganga og örnefni 8. júlí.

Gengið á Vaðlaheiði upp Þingmannaveg og austur yfir hæsta hluta Vaðlaheiðar að Systragili. Þaðan var gengið að Skólavörðu á vesturbrún Vaðlaheiðar gegnt Akureyri. Gangan var um 10 km löng og hækkunin um 650 metrar fyrir hluta ferðarinnar. Leiðsögumaður var Ingvar Teitsson læknir, fyrrverandi dósent við HA.



Fjallganga



Fjallganga

Sveppaskoðun í Kjarnaskógi 12. ágúst.

Guðríður Gyða Eyjólfsdóttir, sveppafræðingur hjá Náttúrustofnun Íslands, var leiðsögumaður. Leitað var að aldinum sveppa sem lifa tengdir rótum trjáa og í sambýli við þau og einnig að aldinum rotsveppa og fúasveppa sem þrífast á rotnandi laufi og greinum, svo nokkuð sé nefnt. Göngufólk fékk að fræðast um ljúffenga matsveppi og þá sveppi sem eru síður eða alls ekki til átu.

Fjöruferð 16. september.

Leiðsögumaður var Hlynur Pétursson, starfsmaður Hafrannsóknastofnunar. Í ferðinni gafst þátttakendum tækifæri til að spyrja um hvaðeina sem fyrirfannst í lífríki fjörunnar, stórt og svo smátt að nota þurft stækkunargler og allt þar á milli.



HÁSKÓLINN Á AKUREYRI 30 ÁRA – AFMÆLISÁRIÐ Í MYNDUM OG MÁLI



Þann 23. maí var haldin í Menningarhúsinu Hofi málstofan Akureyri án háskóla

Þar var meðal annar rætt um það hvort Háskólinn á Akureyri hefði staðið undir væntingum. Kristján Þór Júlíusson, mennta- og menningarmálaráðherra, flutti ávarp. Fyrir hönd ungu kynslóðarinnar voru með framsöguerindi þeir Almar Ögmundsson og Jón Þór Kristjánsson.

Bragi Guðmundsson prófessor flutti erindið *Heimskt er heimaalið barn, eða hvað?*

Hildigunnur Svavarsdóttir hjúkrunarforstjóri ræddi um mikilvægi Háskólans á Akureyri fyrir Sjúkrahúsið á Akureyri. Ennfremur ræddi Jóna Jónsdóttir, starfsmannastjóri Norðlenska, um mikilvægi HA fyrir atvinnulífið og Þórgnýr Dýrfjörð, deildarstjóri Akureyrarstofu, flutti erindið HA og lögmálið um hið rétta ójafnvægi.

Sigríður Huld Jónsdóttir bæjarfulltrúi opnaði málstofuna.

Háskólahornið, þættir á sjónvarpsstöðinni N4 í umsjá Sigrúnar Stefánsdóttur

Sigrún Stefánsdóttir, dósent og formaður afmælisnefndar HA, var með sex samtalsþætti á N4.

Þar fékk hún til sín samstarfsfólk sitt úr kennaraliði HA til að ræða það fjölbreytta starf sem fram fer í háskólanum.



Í Háskólahorninu, Oddur Vilhelmsson prófessor og Kristinn P. Magnússon prófessor, báðir á viðskipta- og raunvísindasviði.

Þann 26. ágúst var haldið málþing um Káin,
Kæra foldin kennd við snjó



Káinn, Kristján Niels Júlíus Jónsson skáld (1859 – 1936) fæddist á Akureyri en fluttist til Ameríku 18 ára gamall og bjó lengst af í Norður-Dakóta. Hann var nefndur Káinn (K.N.) og var þekktur og vinsæll hagróðurur.

Mörg erindi voru flutt á málþinginu. Hér verða aðeins nefnd dæmi:

KN Julius The Poet with calloused hands – Life on the Geir Farm, erindi mæðginanna Eleanor Geir Biliske og Ed Biliske. Eleanor er hugsanlega eini núlifandi einstaklingurinn sem þekkti Káin.

Minn Káinn, erindi Böðvars Guðmundssonar rithöfundar.

Frá K til N: *Frá Káin til nútímans*, erindi Helga Freys Hafþórssonar, verkefnastjóra við HA.

Káinn's Thingvalla-Connections, Celebrations, and Community, erindi Sunnu Pam Furstenau, forseta Þjóðræknisfélags Íslendinga í Norður-Ameríku.

Fundarstjórar voru Kristinn Már Torfason forstöðumaður, Hólmkell Hreinsson amtsbókavörður og Kristín Margrét Jóhannsdóttir, lektor við HA.





HÁSKÓLINN Á AKUREYRI 30 ÁRA – AFMÆLISÁRIÐ Í MYNDUM OG MÁLI



Tómas ingi Olrich



Tove Bull

Hátíðardagskrá og opið hús 3. september

Sunnudaginn 3. september fór fram í hátíðarsal háskólans dagskrá sem Sigrún Stefánsdóttir, formaður afmælisnefndar, stýrði. Tove Bull, fyrrverandi rektor háskólans í Tromsø, hélt hátíðarræðu. Aðrir sem fluttu ávörp voru Tómas Ingi Olrich, fyrrverandi menntamálaráðherra, og Ketill Sigurður Jónsson og Birna Heiðarsdóttir, nemendur háskólans, ennfremur Ásdís Jónsdóttir, fulltrúi mennta- og menningarmálaráðherra, og Brynhildur Pétursdóttir, formaður Góðvina HA. Þá miðlaði Eyjólfur Guðmundsson rektor framtíðarsýn sinni fyrir Háskólann á Akureyri.

Meðal gesta var Ingvar Gíslason, fyrrverandi menntamálaráðherra, sem átti sinn þátt í því að skólinn var stofnaður.



Ketill Sigurður Jónsson



Birna Heiðarsdóttir



Brynhildur Pétursdóttir

Frá vinstri: Ingvar Gíslason, Eyjólfur Guðmundsson og
Tómas Ingi Ólrich

Ásdís Jónsdóttir



HÁSKÓLINN Á AKUREYRI 30 ÁRA – AFMÆLISÁRIÐ Í MYNDUM OG MÁLI



Eydís Kr. Sveinbjarnardóttir, forseti heilbrigðisvísindasviðs, og Lars Gunnar Lundsten, forseti hug- og félagsvísindasviðs. Á milli þeirra horfir Gauti Arnþórsson læknir í myndavélina, og lengst til vinstri er Birna Heiðarsdóttir.

Eftir hádegið var opið hús í háskólanum með veglegri dagskrá úti og inni fyrir alla fjölskylduna. Yfir 400 manns heimsóttu háskólann þennan dag og veðurbliðan lék við gesti. Námið í háskólanum var kynnt og gestir tóku þátt í skapandi smiðjum og þrautabraut, hægt var að prófa sýndarveruleikagleraugu, teikna og forrita í tölvu, og Erlendur Bogason kafari hélt myndasýningu um undraheima sjávarins svo nokkuð sé nefnt. Myndirnar tala sínu máli.



Frá vinstri: Anna S. Jóhannesdóttir, Stefán B. Sigurðsson, Martha Lilja M. Olsen og Úlfar Hauksson.





Í bókasafni háskólans var opnuð sýning á verkum sem eru af-rakstur samvinnulistsköpunar Karls Guðmundssonar myndlistar-mans, Kalla, og Rósu Kristínar Júlíusdóttur, fyrrverandi dósents við HA. Sýningin nefndist *Gull og gersemar á bókasafni*.



Rósa og Kalli





HÁSKÓLINN Á AKUREYRI 30 ÁRA – AFMÆLISÁRIÐ Í MYNDUM OG MÁLI



Afmælisdagur háskólans var haldinn hátíðlegur 5. september

Þann dag árið 1987 var Háskólinn á Akureyri formlega stofnaður. Hátíðardagskráin var alfarið í höndum nemenda. Um morgunin var Íslandsklukkunni hringt 30 slög og voru hringjarar jafnmargir. Eftir hádegið voru hús háskólans opin almennningi. Ýmislegt var til skemmtunar, meðal annars kappleikir þar sem

teftit var saman nemendum og starfsfólki skólans. Einnig voru kynntar niðurstöður samræðupings nemenda og starfsfólks sem fram fór í háskólanum þar sem rædd var framtíðarsýn ungs fólks.

Hátíðin fór fram í blíðskaparveðri og fjölmargir lögðu leið sína í háskólann.





Er, var eða verður líf á mars? Erindi haldið í HA 26. október

Eiga örverur á Mars í vonlitilli baráttu við að umbreyta sandi í frjósaman jarðveg sem jafnóðum fýkur í burtu? Skyldu þær örverur sem fyrir slysi þvælast með jarðneskum könnunarförum til Mars vera dauðadæmdar, eða ætli þær geti lifað þar af og jafnvel dafnað við þær harðneskjulegu aðstæður sem þar ríkja?

Oddur Vilhelmsson, prófessor við HA, leitaðist við að svara þessum og fleiri spurningum um rauðu reikistjörnuna. Einnig sagði hann frá yfirstandandi rannsóknum á örverulífri íslenskra eyðisanda og tengslum þeirra við könnun rauðu reikistjörnnar.

Oddur, ásamt þremur öðrum fræðimönnum við HA, er þátttakandi í alþjóðlegu samstarfsneti í geimlíffræði, *Nordic Network of Astrobiology*. Vísbendingar eru um að vistkerfi, ekki alls ólík þeim sem fyrirfinnast sums staðar á Íslandi, kunni að vera að finna á öðrum hnöttum.



Meira um geiminn og nú *Geimverur* – leitin að lífi í geimnum, fyrirlestur í HA 16. desember

Sævar Helgi Bragason, rithöfundur og ritstjóri Stjörnufræðivefsins, kynnti nýja bók sína þar sem fjallað er um eina stærstu spurningu vísindanna: *Erum við ein í alheiminum eða er líf á öðrum hnöttum?* Margar spurningar brenna á okkur jarðarbúum og hjá Sævari Helga er ekki komið að tómun kofanum.

Hvers vegna höfum við ekki enn sannað tilvist geimvera?

Hafa þær kannski nú þegar heimsótt jarðarbúa?

Hvernig gætu geimverur litið út?

Höfum við reynt að senda skilaboð til þeirra?

Fyrirlesturinn var ætlaður börnum á aldrinum 10 – 100 ára.





HÁSKÓLINN Á AKUREYRI 30 ÁRA – AFMÆLISÁRIÐ Í MYNDUM OG MÁLI




Þegar upp er staðið: Að loknu afmæli – stefnumótun til framtíðar

Afmælisdagskranni lauk föstudaginn 12. janúar 2018 með því að Eyjólfur Guðmundsson rektor boðaði til fundar þar sem hann kynnti lokadrög stefnumótunar Háskólans á Akureyri 2018 – 2023.

Stefnumótunarvinnan stóð sem hæst á afmælisárinu. Vinnan fór fram innan allra starfseininga skólans með víðtækri þátttöku starfsfólks og einnig áttu nemendur sinn þátt í vinnunni. Háskólinn stóð á merkum tímamótum þegar þarna var komið sögu, með heimild til að bjóða doktorsnám og rúmlega 2000 nemendur.

Fundurinn var haldinn í hátíðarsal háskólans og var öllum opin.



EITT OG ANNAÐ



Rektorar fagna ákvörðun Alþingis

Rektorar íslenskra háskóla sendu fjölmiðlum sameiginlega tilkynningu í janúar þar sem þeir fögnuðu þeirri ákvörðun Alþingis að hækka fjárframlög til háskólanna við afgreiðslu frumvarps til fjárlaga 2017. Rektorarnir lýstu stuðningi við þá stefnu ríkis-

stjórnar að efla öll skólastig og styðja háskólana með aðgerðum til að halda uppi gæðum og standast alþjóðlega samkeppni. Rektorar lögðu áherslu á að viðbótarframlag til háskólanna 2017 yrði fyrsta skrefið í markvissri áætlun um bætta fjármögnun háskólanna.



Heimspeki fyrir almenning

Giorgio Baruchello, prófessor við HA, gekk til liðs við kanadíska útgáfufyrirtækið Northwest Passage Books um verkefni til að gera heimspeki aðgengilega almenningi. Giorgio valdi og endurskrifaði nokkrar ritgerðir sínar í því augnamiði fyrir fjögurra binda

útgáfu. Á árinu komu út ritgerðasöfnin *Mortals*, *Money and Masters of Thought* og *Philosophy of Cruelty*. Þriðja og fjórða bindi koma út árið 2018 en þau heita *The Business of Life and Death*.



EITT OG ANNAÐ



Breska þingið leitaði sérfræðiálits hjá prófessor við HA

Neðri deild breska þingsins óskaði eftir sérfræðiþekkingu Rachael Lorna Johnstone, prófessors í lögfræði við HA, í tengslum við rannsókn þingsins á samskiptum Skotlands við norðurslóðir. Rachael skilaði greinargerð til þingnefndar og fundaði með henni í janúar.

Bók eftir prófessor við HA tilnefnd til Viðurkenningar Hagþenkis

Rit Ársæls Más Arnarssonar, *Síðustu ár sálarinnar*, sem út kom hjá Háskólaútgáfunni 2016, var tilnefnt til Viðurkenningar Hagþenkis 2016. Tíu höfundar og bækur voru tilnefndar. Viðurkenninguna hlaut Viðar Hreinsson fyrir bókina *Jón lærði og náttúrur náttúrunnar*.



Akureyrarbær styrkir Vísindaskólann

Þann 25. janúar undirrituðu Sigrún Stefánsdóttir dósent og Eiríkur B. Björgvinsson bæjarstjóri samning um styrk Akureyrarbæjar til Vísindaskóla unga fólksins við HA 2017. Akureyrarbær hefur styrkt verkefnið frá upphafi 2015. Vísindaskólinn er ætlaður börn-

um 11–13 ára og sækja hann bæði strákar og stelpur til að kynna heim vísinda og fræða. Skólinn stendur í vikutíma í júní ár hvert. Hópur starfsfólks við HA vinnur að þróun Vísindaskólans. Sigrún Stefánsdóttir er skólastjóri.



Framtíðarstarfið hlaut Orðsperið

Á Degi leikskólans þann 6. febrúar var veitt viðurkenningin Orðsperið, sem er ætluð þeim sem skara fram úr við að efla orðspor leikskólastarfs í landinu og/eða hafa unnið ötullega í þágu leikskóla og leikskólabarna. Að þessu sinni hlaut viðurkenninguna verkefnið *Framtíðarstarfið – átaksverkefni* um eflingu leikskólastigsins. Markmið þess er að efla ímynd leikskóla og fjölga þeim sem leggja fyrir sig leikskólakennarafræði. Kristín Dýrfjörð, dósent við kennaradeild HA, tók við viðurkenningunni ásamt Örnun H. Jónsdóttur, lektor við Menntavísindasvið HÍ, Þórði Á. Hjaltested, formanni KÍ, Klöru E. Finnbogadóttur, sérfræðingi hjá Sambandi ísl. sveitarfélaga, og Ástu Magnúsdóttur, ráðuneytisstjóra mennta- og menningarmálaráðuneytisins. Forseti Íslands, Guðni Th. Jóhannesson, afhenti. Kristín Dýrfjörð er fjórða frá vinstri á myndinni.



Frá vinstri: Eyrún Gísladóttir, Sigrún Vala Halldórsdóttir, Margrét Lára Rúnarsdóttir, dóttir Sigrúnar, Sigríður Atladóttir og Harpa Kristín Sæmundsdóttir.

GoRed

Þann 10. febrúar stóðu Hjartavernd Norðurlands og Háskólinn á Akureyri fyrir dagskrá í tilefni *GoRed* átaksins. Gunnar Þór Gunnarsson hjartalæknir flutti erindi og Sigrún Héðinsdóttir kennari sagði frá því hvernig hún hefur tekist á við hjartasjúkdóm. Stefán B. Sigurðsson prófessor hélt erindi um blóðþrýsting og Kristveig Atladóttir sjúkrabjálfi ræddi um mikilvægi hreyfingar.



EITT OG ANNAÐ



Sigrún Héðinsdóttir.

Kvennakór Akureyrar söng og síðast en ekki síst buðu nemendur í hjúkrunarfræði við HA gestum upp á blóðþrýstingsmælingu.

GoRed er alheimsátak upprunnið í Bandaríkjunum og miðar að því að auka vitund um hjartasjúkdóma kvenna.



Allir gæddu sér á bollum

Þann 27. febrúar var Bolludagur haldinn hátíðlegur með því að starfsfólk háskólans kom saman á Kaffi Hól og gæddi sér á rjómobollum í boði rektors. Var það vel þegin tilbreyting.

Bolludagur er mánudagur í föstunngangi (bolludagur og sprennidagur) en langafasta hófst á miðvikudegi (öskudegi) í sjöundu viku fyrir páska og voru þetta fastir liðir í almanakinu í kaþólskum sið. Auðunn Nielsson tók myndir af herlegheitunum.



Þorablót skiptinema við HA

Þorablót fyrir erlenda skiptinema við HA var haldið á Akureyri Backpackers þann 16. febrúar. Um fjörutíu nemendur fengu að smakka hefðbundinn þorramat og fræðast um ýmsar íslenskar hefðir tengdar þorramánuði. Á eftir var spurningakeppni þar sem reyndi á þekkingu nemenda á margskonar efni. Rúnar Gunnarsson, verkefnisstjóri alþjóðamála, hafði veg og vanda af þorablóttinu.





Margildi og Marlýsi

Margildi er sprotafyrirtæki þar sem þróuð hefur verið ný aðferð til að kaldhreinsa lýsi úr uppsjávarfiski svo sem makríl, síld og loðnu, svokölluð hraðkaldhreinsitæki. Margildi tengist Háskólanum á Akureyri í gegnum starf Hjörleifs Einarssonar prófessors, Harðar Sævaldssonar lektors og Sigurðar Guðjónssonar aðjúnks, sem allir eru við viðskipta- og raunvísindasvið.

Marlýsi er samstarfverkefni nokkurra aðila þar sem þessari nýju vinnsluaðferð er beitt til framleiðslu á lýsi til manneldis og hlaut það styrk úr Tækniþróunarsjóði RANNÍS 2016 til þess. Einnig verða þróaðar aðferðir til að nýta lýsið sem Omega-3 íblöndunar efni í önnur matvæli.

Karlar í yngri barna kennslu

Í febrúar var haldin í Reykjavík ráðstefnan *Karlar í yngri barna kennslu – hvað ætla þú að gera?* Mennta- og menningarmálaráðuneytið, fagfélög og ýmsir fleiri stóðu að henni.

Kennaradeild HA er aðili að samstarfi sem heitir *Karlar í yngri barna kennslu* sem miðar að því að vekja athygli ungra karla á starfi kennara í leikskólum og að fjölga körlum í því starfi. Með í samstarfinu eru Samband íslenskra sveitarfélaga, Menntavísindasvið HÍ, Félag leikskólakennara og Félag stjórnenda leikskóla.



Jafnréttissjóður Íslands styrkti verkefnið. Ráðnir voru þrír verkefnisstjórar, karlar úr hópi umsækjenda um nám í leikskólafræðum á meistarastigi. Hlutverk þeirra er að kynna nám og starf leikskólakennara meðan á námi þeirra stendur. Tveir þeirra eru við HA og einn við HÍ.

Anna Elísa Hreiðarsdóttir lektor og Kristín Dýrfjörð dósent hafa báðar aðkomu að verkefninu fyrir hönd HA.



EITT OG ANNAÐ

HA í Atvinnupólsinum



Atvinnupólsinn er þáttaröð á N4 Sjónvarpi. Kastljósinu er beint að atvinnulífi á Eyjafjarðarsvæðinu með áherslu á iðnað. Fyrsti þátturinn var sýndur snemma í mars og var efnið staða atvinnulífsins, innviðir og stoðkerfi. Háskólinn á Akureyri átti tvo fulltrúa í þættinum, þau Hjalta Jóhannesson, sérfræðing



hjá RHA, og Rannveigu Björnsdóttur, forseta viðskipta- og raunvísindasviðs HA. Hjalta ræddi um rannsóknir sínar á eyfirska efnahagssvæðinu og Rannveig fjallaði um mikilvægi fjölbreytts atvinnulífs.

Alþjóðlegt málþing um örverulífriki norðurslóðanna





Dagana 3. til 9. apríl komu saman í HA margir vísindamenn undir formerkjum *Micro – Arctic* samstarfsnetsins sem snýst um rannsóknir á örverulífri á norðurlóðum. Vísindamenn framtíðar eru þjálfaðir í að fylgjast með áhrifum loftslagsbreytinga á örverulífri heimskautasvæða og þekkja afleiðingar þeirra. Hópurinn rannsakar örverur í jökli og sífrera og örverur í samlífi við gróður. Nýjasta tækni er notuð til að kanna samsetningu örverulífríks og viðbrögð þess við breytingum í umhverfisþáttum.

Samstarfið er fjármagnað innan Marie Skłodowska-Curie áætlunar Evrópusambandsins. Innan þess eru sérfræðingar, doktorsnemar, leiðbeinendur þeirra og aðilar frá háskólum og rannsóknarstofnunum víða um Evrópu. Oddur Vilhelmsson prófessor, Auður Sigurbjörnsdóttir aðjúnt og Jóhann Örlygsson prófessor, öll við viðskipta- og raunvísindasvið HA, eru í rannsóknarhópnum.



EITT OG ANNAÐ



Ýmislegt var um að vera í tölvunarfræðinni við HA

Í mars fór fram undankeppni fyrir Ólympíuleikana í forritun sem haldin var í Teheran í Íran um mánaðamótin júlí – ágúst. Undankeppnin fór fram samtímis í HA og HR. Þátttakendur voru 14 nemendur úr framhaldsskólum landsins, þar af þrír sem kepptu í HA að frumkvæði Ólafs Jónssonar, verkefnastjóra í tölvunarfræði við HA. Var þetta í fyrsta sinn sem stefnt var að því að senda þátttakendur frá Íslandi á Ólympíuleikana í forritun. Það tókst og Bernharð Linn Hilmarsson, nemandi við HR, varð fyrstur Íslendinga til að taka þátt í Ólympíukeppni í forritun. Ólympíuleikarnir í forritun hafa verið haldnir frá 1989 og koma keppendur víða að úr heiminum.



Forritunarbúðir grunnskólanna voru haldnir í HA 14. – 15. mars og var öllum grunnskólum í Eyjafirði boðin þátttaka. Yfir 40 áhugasamir nemendur fengu þar handleiðslu kennara og nemenda í tölvunarfræði við HA. Áhersla var lögð á grundvallaratriði forritunar og í lokin gátu nemendurnir forritað leik.



Forritunakeppni framhaldsskólanna fór fram samtímis í HA og HR 17. – 18. mars. Var það í annað skiptið sem Háskólinn á Akureyri tekur þátt og eru allar líkur á að það verði framhald á. Kepptu fjögur lið í HA og var mikil stemming enda er mikill áhugi á forritun meðal framhaldsskólanema. Í heildina tóku 40 lið þátt í keppninni og voru það um 120 nemendur. Norðlensku liðunum vegnaði vel og hrepptu þau meðal annars annað sæti í riðli fyrir lengra komna. Þetta voru heiti norðlensku liðanna:

- M24
- Test, please ignore
- it's not a bug it's a feature
- \$ sudo apt-get best_team_name_award



Innflytjendamál á Norðurlandi

Þann 7. apríl var haldin í HA ráðstefna um innflytjendamál á Norðurlandi. Þar var til umræðu staða innflytjenda á Akureyri, Dalvík og Húsavík og samanburður þar á milli.

Erindi fluttu Kjartan Ólafsson lektor, Markus Meckl prófessor, Hermína Gunnþórsdóttir lektor og Stephanie Barillé rannsakandi, einnig Þorlákur Axel Jónsson aðjúnt, öll við Háskólann á Akureyri, einnig Íris Hrönn Kristinsdóttir, sérfræðingur við Miðstöð skólaþróunar. Ennfremur Katrín Júlía Pálmadóttir MA og Aija Burdíkova MA, nemendur við háskólann.

Fundarstjóri var Lars Gunnar Lundsten, forseti hug- og félagsvísindasviðs.



Jafnrétti í skólastarfi

Árleg vorráðstefna Miðstöðvar skólaþróunar við HA – MSHA var haldin 1. apríl og nefndist *Jafnrétti í skólastarfi*, en jafnrétti er einn af grunnþáttum íslenskrar menntastefnu. MSHA og Jafnréttisstofa voru skipuleggjendur ráðstefnunnar.

Aðalerindi fluttu Guðný Guðbjörnsdóttir prófessor og Ingólfur Á. Jóhannesson prófessor, bæði við Menntavísindasvið HÍ, og Íris Hrönn Garðarsdóttir, Arnaldur Skorri Jónsson, Laufey Ipsita Stefánsdóttir og Hrannar Þ. Róssarsson, nemendur Verkefnaskólans á Akureyri.

Íris, Arnaldur, Laufey og Hrannar sögðu frá því hvernig valáfangi í kynjafræði opnaði þeim nýja sýn. Ræddu þau um mikilvægi þess að skólabörn fái sem fyrst fræðslu um staðalímyndir kynjanna sem takmarka frelsi og val ungmennta. Fram kom að mikilvægt er að strákar og stelpur sjái að jafnrétti er báðum kynjum í hag.

Í málstofum var fjallað um jafnréttismál í víðu samhengi. Yfir 100 manns sóttu ráðstefnuna sem tókst afar vel.





EITT OG ANNAÐ



Ný vefsíða Mennta- og starfsþróunarseturs lögreglunnar – MSLa

Þann 23. mars var opnuð ný vefsíða MSL. Þar má finna upplýsingar um starfsréttindi í lögreglufræðum og inntökupróf ásamt öðru gagnlegu um lögreglustarfið. Frá hausti 2016 er bóklegt nám í lögreglufræðum, *Police Science*, við Háskólann á Akureyri. Mennta- og starfsþróunarsetur lögreglunnar annast starfsnám lögreglufræðinemanna.

Ný reglugerð fyrir MSL tók gildi árið 2017. MSL er falið að hafa umsjón með símenntun lögreglumanna, að vera stjórnvöldum til ráðgjafar um menntun lögreglumanna, að annast alþjóðasamskipti á vettvangi lögreglumenntunar og að stuðla að rannsóknnum og þróun á fagmennsku innan lögreglunnar. Mennta- og starfsþróunarsetur heyrir undir ríkislögreglustjóra og er mikið samráð við Háskólann á Akureyri. Haustið 2016 voru 48 lögreglunemar teknir inn í starfsnámið en miklu fleiri stunduðu nám í lögreglufræði.

Á meðfylgjandi mynd má sjá Ólaf Örn Bragason, forstöðumann MSL, til vinstri og Kjartan Ólafsson, formann félagsvísinda- og lagadeildar HA, til hægri.

Hilmar Þór Hilmarsson prófessor



Haustið 2016 kom út í Bandaríkjunum bók Hilmars Þórs Hilmarsson, prófessors við viðskipta- og raunvísindasvið: *International Financial Institutions, Climate Change and the Urgency to Facilitate Clean Energy Investment in Developing and Emerging Market Economies*.

Árið 2017 vann Hilmar að annarri bók, *Nordic and Baltic Countries: Crisis and Post-Crisis Successes, Failures and Future Challenges*, sem áætlað er að komi út í lok árs 2018.

Hilmar Þór flutti erindi á nokkrum ráðstefnum erlendis á árinu og ritaði fjölda greina um efnahagsmál, meðal annars röð greina í *Social Europe*. Þá var hann gestafræðimaður við Cambridge University í Englandi haustið 2017 og gestaprófessor við University of Athens í Grikklandi vorið 2018.



Kennari og nemendur HA á námskeiði í lyfjaöryggi

Víkuna 27. – 31. mars fór fram 5 ECTS eininga Nordplus námskeið í lyfjaöryggi hjúkrunarfræðinga, *Nurses confidence in medication safety*, í Saimaa- háskólanum í Lappeenranta í Finnlandi á vegum MEDICO. Námskeiðið var ætlað nemendum í hjúkrunarfræði og voru þátttakendur frá Norðurlöndunum.

Meðal kennara á námskeiðinu var Þorbjörg Jónsdóttir, lektor við heilbrigðisvísindasvið HA. Þrír nemendur úr hjúkrunarfræði við HA sóttu námskeiðið, þær Eyrún Árnadóttir, Halldóra Margrét Bjarnadóttir og Sigrún Vala Halldórsdóttir. Námskeiðið tókst með ágætum. Þáttakendurnir hvetja nemendur til að nýta sér tækifæri sem þetta til að sækja alþjóðleg námskeið sem auka vísýni og efla tengsl milli landa. Þorbjörg Jónsdóttir er lengst til hægri á myndinni.

Er viðbragðskerfið sprungið vegna fjölgunar ferðamanna?



Þann 19. maí var haldin í HA ráðstefna undir fyrirsögninni *Er viðbragðskerfið sprungið vegna fjölgunar ferðamanna á Íslandi?* Ráðstefnan var haldin á vegum Slysavarnafélagsins Landsbjargar, Háskólans á Akureyri og stöðu Nansenprófessors í heimskaутаfræðum við HA.

Fjallað var um áskoranir sem viðbragðsaðilar standa frammi fyrir vegna mikillar fjölgunar erlendra ferðamanna. Meðal þess sem þar hefur áhrif er hversu strjálbýlt landið er og að starfið byggist mikið á sjálfboðavinnu.

Frummælendur á ráðstefnunni voru þau Jessica M. Shadian Nansenprófessor, Edward H. Huijbens prófessor og Kjartan Ólafsson lektor, öll við HA, og Viðar Magnússon, yfirlæknir bráðabjónustu utan sjúkrahúsa.

Ráðstefnan var haldin í tengslum við landsþing Slysavarnafélagsins Landsbjargar.



EITT OG ANNAÐ

Sýnatökuferð í Húnaþing vestra – MicroArctic samstarfið



Í maí var Gilda Varliero, doktorsnemi við Háskólann í Bristol á Englandi, gestafræðimaður við auðlindadeild HA. Hún vinnur að þróun nýrra leiða til að greina samfélagsgerð örvera og erfða-breytileika þeirra í mismunandi vistgerðum á norðurslóðum. Gilda Varliero stundar nám og rannsóknir innan MicroArctic samstarfsins.

Oddur Vilhelmsson, prófessor í auðlindadeild, fór í sýnatökuferð ásamt Gildu og fleirum um Húnaþing vestra og voru tekin sýni bæði á heitum og köldum stöðum.

Myndina tók Anssi Ruuska, ljósmyndari frá Jyväskylä í Finnlandi

Ársfundur Háskólans á Akureyri var haldinn á Sólborg þann 15. júní.

Sérstakur gestur var Bjarni Jónasson, forstjóri Sjúkrahússins á Akureyri, sem flutti erindið *Að vera eða vera ekki háskólasjúkrahús*. Eftir aðalfundinn opnaði Sædís Gunnarsdóttir verkefnastjóri bóka- og veggspjaldasýningu um rannsóknir starfsfólks háskólans.

Eftir fundinn var tilkynningu dreift til fjölmiðla þar sem fram kom að nemendur háskólans eru orðnir yfir 2.000 talsins. Starfsfólki hefur ekki fjölgað í takt við nemendafjölda. Háskólinn gæti menntað fleiri nemendur, t.d. hjúkrunarfræðinga, til að mæta þörfum samfélagsins, en aðeins ef til kemur aukið fjármagn. Yfirstjórn háskólans leggur mikla áherslu á að viðhalda gæðum náms og góðri og persónulegri þjónustu við nemendur. Stjórn háskólans telur að æskilegur fjöldi væri 2.500 nemendur miðað við áherslur HA og stöðu skólans innan íslenska háskólakerfisins.

Á ársfundinum kvaddi rektor starfsmenn sem létu af störfum vegna aldurs eða eftir langan starfstíma í þágu háskólans. Sem þakklætisvott fyrir unnin störf fengu þeir gullnælu Háskólans á Akureyri.



Frá vinstri: Eyjólfur Guðmundsson rektor og Elin Ebba Ásmundsdóttir dósent, Eygló Björnsdóttir dósent og Sigrún Stefánsdóttir dósent, sem öll létu af störfum á árinu.

Nokkru síðar kvaddi rektor á skrifstofu sinni þá starfsmenn sem létu af störfum en gátu ekki verið á aðalfundinum.



Frá vinstri: Eyjólfur Guðmundsson, Anna Þóra Baldursdóttir lektor, Ingibjörg Auðunsdóttir sérfræðingur og Adam Óskarsson kerfisfræðingur.



Þá lét Júlíana Þórhildur Lárusdóttir verkefnisstjóri af störfum árið 2017.



EITT OG ANNAÐ

Samstarfssamningur Háskólans á Akureyri og Sjúkrahússins á Akureyri – SAK



Frá vinstri: Sigurður E. Sigurðsson, framkvæmdastjóri lækninga, Eydis Kr. Sveinbjarnardóttir, forseti heilbrigðisvísindasviðs, Eyjólfur Guðmundsson rektor, Bjarni Jónasson, forstjóri SAK, og Hildigunnur Svavarsdóttir, framkvæmdastjóri hjúkrunar.

Á ársfundi Sjúkrahússins á Akureyri þann 10. maí var undirritaður Rammasamningur um samstarf SAK og Háskólans á Akureyri. Hann tekur við af samningi sem gerður var 2012. Markmið samningsins er að efla samstarf um rannsóknir, símenntun og kennslu heilbrigðisstarfsmanna.

Heilbrigðisvísindastofnun Háskólans á Akureyri – HHA er sameiginlegur vettvangur samningsaðilanna til eflingar kennslu, þjálfunar og rannsókna í heilbrigðisvísindum, miðlunar þekkingar og kynningar á rannsóknum starfsmanna. Heilbrigðisvísindastofnun HA var formlega sett á fót árið 2003.

Útskrift leiðsögumanna úr námi hjá Símenntun HA



Þann 11. maí brautskráðist 21 nemandi úr leiðsögumannanámi Símenntunar HA með athöfn.

Ávarp fluttu Bragi Guðmundsson, staðgengill háskólarektors, Kristín Hrönn Þráinsdóttir, fagstjóri Leiðsöguskólans, María Guðmundsdóttir frá Samtökum ferðaþjónustunnar og Kári Jónasson, varaformaður Leiðsagnar, félags leiðsögumanna.

Leiðsögunámið er boðið í samstarfi við Leiðsöguskólann og Samtök ferðaþjónustunnar. Það veitir rétt til aðildar að félagi leiðsögumanna. Um er að ræða tveggja missera nám byggt á námskrá fyrir leiðsögunám. Kennd er leiðsögutækni og nemendur kynnast náttúru landsins, helstu ferðamannasstöðum, jarðfræði, sögu og menningu í víðu samhengi. Einnig er veitt þjálfun í erlendu kjörmáli. Flestir nemendur völdu ensku sem kjörmál, en þýska og danska voru einnig valin sem tungumál til leiðsagnar.



Stelpur og tækni - Girls in ICT Day

Þann 17. maí kom saman í HA stór hópur stúlkna úr 9. bekk grunnskólanna á Akureyri til að kynnst möguleikum í tækninámi og -starfi. Stúlkurnar fengu kynningu á tölvunarfræði og öðrum raungreinum og fóru síðan í heimsóknir í fyrirtæki í tæknigeiranum. Þar tóku á móti þeim konur sem kynntu fyrir þeim störf sín. Fyrirtækin voru Íslenskar orkurannsóknir – ÍSOR, Isavia ohf., Efla verkfræðistofa, Raftákn verkfræðistofa og Advania, þekking hf., Stefna, og bula ohf.

Stelpur og tækni er alþjóðlegt verkefni sem Háskólinn í Reykjavík heldur utan um hér á landi ásamt Ský og Samtökum iðnaðarins. Það miðar að því að vekja áhuga stelpna á tækninámi og -störfum, kynna konur sem fyrirmyndir úr tæknigeiranum og brjóta niður staðalímyndir. Verkefnið fékk styrki úr Jafnréttissjóði Íslands, Framkvæmdasjóði Íslands og frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu. Innan HA er mikill vilji til þess að draga úr kynjahalla í verk-, tækni- og raunvísindum sem og í öðrum námsgreinum sem einkennast af einsleitni að þessu leyti.





EITT OG ANNAÐ



„Án tilkomu Háskólans á Akureyri má ætla að mun færri háskóla-menntað fólk væri starfandi á landsbyggðinni en raun ber vitni. Sem segir heilmikið um mikilvægi skólans.“

Svo sagði Kristján Þór Júlíusson, mennta- og menningarmálaráðherra, sem heimsótti Háskólann á Akureyri þann 15. maí. Ráðherra kynnti sér starfsemi háskólans og ræddi við stjórnendur, meðal annars um stefnumótun skólans 2018 – 2023 sem var í undirbúningi. Yfirstjórn háskólans var ánægð með heimsóknina og bindur hún vonir við að áframhaldandi samtal leiði til rýmri fjárheimilda og aukins stöðugleika í rekstri háskólakerfisins.

Uppskeruhátíð heilbrigðisvísindasviðs stóð dagana 17. – 20. maí.

Nám í hjúkrunarfræði hófst við Háskólann á Akureyri strax á fyrsta starfsári hans 1987.



Starfsfólk heilbrigðisvísindasviðs HA á uppskeruhátíð.

Í tilefni af tímamótunum voru haldnar kynningar á afrakstri rannsóknarvinnu nemenda heilbrigðisvísindasviðs. Nemendur í grunnnámi læra gagnrýna hugsun, vísindalega nálgun og vönduð akademísk vinnubrögð. Í framhaldsnámi geta nemendur sérhæft sig á ákveðnu áherslusviði heilbrigðisvísinda.

Þann 17. maí voru kynnt rannsóknarverkefni nemenda í BS-námi. Voru þau af ýmsum toga en öll hagnýt í íslensku heilbrigðis- og velferðarkerfi. Dagana 18. og 19. maí var kynning á rannsóknarverkefnum meistaranema sem brautskráðust í júní og kennara við heilbrigðisvísindasvið.

Frá 1987 hefur háskólinn brautskráð 795 hjúkrunarfræðinga og frá 1997 hafa útskrifast 235 iðjuþjálfar. Af útskrifuðum hjúkrunarfræðingum frá HA eru karlar aðeins 2.1% og af útskrifuðum iðjuþjálfurum eru karlar 3.1%.

Heilbrigðisvísindasvið hefur sett af stað verkefni undir yfirskriftinni *Rjúfum hefðirnar – förum nýjar leiðir til að finna leiðir til að draga úr kynjahalla í hjúkrunarfræði*. Það er unnið í samstarfi við Jafnréttisstofu og Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga. Stefnt er að því að verkefnið nái einnig til iðjuþjálfunarfræði á næstu árum.



Frá vinstri: Sigfríður Inga Karlsdóttir, Eyjólfur Guðmundsson rektor, Sigrún Sigurðardóttir, Guðni Th. Jóhannesson og Eydís Kr. Sveinbjarnardóttir, forseti heilbrigðisvísindasviðs.



Uppskeruhátíð heilbrigðisvísindasviðs lauk 20. maí með ráðstefnunni *Einn blár strengur*, verkefni sem upprunnið er í Bandaríkjunum og miðar að því að vekja athygli á þeirri staðreynd að einn af hverjum sex drengjum verður fyrir kynferðislegu ofbeldi í æsku. Forseti Íslands, Guðni Th. Jóhannesson, er verndari verkefnisins hér á landi og sat hann hluta ráðstefnunnar. Sigrún Sigurðardóttir lektor og Sigfríður Inga Karlsdóttir dósent stýrðu ráðstefnunni af mikilli fagmennsku fyrir hönd heilbrigðisvísindasviðs. Rúmlega 100 manns sóttu hana.



EITT OG ANNAÐ

Nýtt nám fyrir stjórnendur óháð búsetu



Frá vinstri: Skúli Sigfús Sigurðsson, forseti og kynningarstjóri, Jóhann Baldursson framkvæmdastjóri, báðir hjá Sambandi stjórnendafélaga, Eyjólfur Guðmundsson rektor og Auðbjörg Björnsdóttir, forstöðumaður Kennslumiðstöðvar HA.

Þann 1. júní var undirritaður samningur um rekstur á stjórnendanámi milli Háskólans á Akureyri, Starfsmenntasjóðs Samtaka atvinnulífsins og Sambands stjórnendafélaga. HA tekur að sér að sjá um nám fyrir stjórnendur. Markmið stjórnendafræðslunnar eru meðal annars að efla stjórnunarþekkingu og stjórnunarleikni stjórnenda, að bæta starfsumhverfi og að auka starfsánægju starfsfólks.

Námið fer fram innan Símenntunar Háskólans á Akureyri. Umsjónarmaður þess er Stefán Guðnason verkefnastjóri.



Stefán Guðnason.

Fyrsta íslenska bókinn um skóla án aðgreiningar



Forseti Íslands tekur við fyrsta eintakinu af bókinni *Skóli margbreytileikans – Menntun og manngildi í kjölfar Salamanca* úr hendi Dóru S. Bjarnason.

Þann 18. apríl var haldið útgáfuhófi í tilefni af bókinni *Skóli margbreytileikans – Menntun og manngildi í kjölfar Salamanca*, sem kom út hjá Háskólaútgáfunni. Er það fyrsta íslenska bókinn um þetta efni. Hermína Gunnþórsdóttir, dósent við HA, er einn þriggja ritstjóra bókarinnar, hinir eru Dóra S. Bjarnason prófessor og Ólafur Páll Jónsson prófessor, bæði við HÍ. Útgáfuhófið var haldið á vegum Rannsóknarstofu um skóla án aðgreiningar.

Bókin er safn fræðigreina og meðal greinarhöfundar eru Halldóra Haraldsdóttir dósent og Rósa Kristín Júlíusdóttir, fyrrum dósent, báðar við HA.



Frá vinstri: Hermína Gunnþórsdóttir, Halldóra Haraldsdóttir og Rósa Kristín Júlíusdóttir.

Hugmyndafræði samfélags og skóla án aðgreiningar á rætur að rekja til yfirlýsingar fulltrúa 92 ríkisstjórna sem komu saman í borginni Salamanca á Spáni árið 1994. Hún hefur verið innleidd í íslenskt skólastarf að ýmsu leyti. Nýja bókinn fjallar um þróun verkefnisins hér á landi og reynslu íslensks samfélags og skóla-kerfis.

Fyrstu nemendur brautskráðir í tölvunarfræðum við HA/HR



Frá vinstri: Óskar Þór Davíðsson, Einar Magnús Einarsson.

Þann 7. júní voru brautskráðir fyrstu nemendurnir úr tveggja ára diplómanámi í tölvunarfræði við Háskólann á Akureyri í samstarfi við Háskólann í Reykjavík. Það voru þeir Óskar Þór Davíðsson og Einar Magnús Einarsson.

Námið fer fram við HA og er kennsluefni miðlað um kennsluvef eða því er streymt beint frá fyrirlestrum í HR. Verulegir tímar og dæmatímar eru á vegum HA og njóta nemendur aðstoðar kennara á staðnum. Nemendur eru innritaðir við HR og brautskrást með skírteini þaðan. Eftir diplómanámið geta nemendur bætt við þriðja árinu til BS-gráðu í tölvunarfræði annaðhvort við viðskiptadeild HA eða við HR og munu nokkir nemendur brautskrást með BS-gráðu vorið 2018.

Tölvunarfræðinámið fór af stað haustið 2015 með styrkjum frá fyrirtækjum innan Samtaka atvinnulífsins á Norðurlandi. Haustið 2017 voru samtals um 40 nemendur í tölvunarfræði á fyrsta, öðru og þriðja námsári við HA.



EITT OG ANNAÐ

Háskólahátíð Háskólans á Akureyri

Á Háskólahátíð þann 10. júní voru brautskráðir 337 kándídatar af 22 námsbrautum frá Háskólanum á Akureyri. Frá heilbrigðisvísindasviði brautskráðust 95 nemendur, 155 frá hug- og félagsvísindasviði og 87 frá viðskipta- og raunvísindasviði.



Forsetar fræðasviða og rektor á sviði í hátíðarsal.

Í ræðu Eyjólfss Guðmundssonar rektors kom meðal annars fram að háskólinn eflist og dafnar við 30 ára tímamótin. Nemendum fer fjölgandi, gæðum náms er markvisst viðhaldið, og skólinn er í stakk búinn til að bjóða doktorsnám þegar heimild til þess fæst. Rektor hvatti kándídata til að vera virka samfélaginu til góðs.

Brautskráningin var í beinni útsendingu á sjónvarpsstöðinni N4 og gátu því allir landsmenn fylgst með.



Kynnar voru Sigrún Vésteinsdóttir, verkefnisstjóri á RHA, og Guðmundur Gunnarsson framkvæmdastjóri, fyrirverandi nemandi HA.



Heiðursgestur var frú Eliza Reid og ávarpaði hún kándídata og aðra viðstadda á brautskráningarathöfninni.



Vigdís Dilljá Óskarsdóttir, BA í fjölmiðlafræði, flutti ávarp fyrir hönd kándídata.



Birkir Blær flutti eigin útfærslur á lögum Mugison.



Frá vinstri: Lars Gunnar Lundsten, forseti hug- og félagsvísindasviðs, Eydís Kr. Sveinbjarnardóttir, forseti heilbrigðisvísindasviðs, Kristján Þór Júlíusson, mennta- og menningarmálaráðherra, Eliza Reid forsetafrú og Rannveig Björnsdóttir, forseti viðskipta- og raunvísindasviðs.



Fyrrum nemendur brautskráðir af heilbrigðisvísindasviði. Eydís Kr. Sveinbjarnardóttir, forseti heilbrigðisvísindasviðs, lengst til vinstri og Sigfríður Inga Karlsdóttir, formaður hjúkrunarfræðideildar, lengst til hægri.

Ljósmyndir voru teknar af hverjum og einum kandiðat við brautskráningu. Nemendur gátu síðan sótt sínar myndir af vef og er þetta þjónusta sem háskólinn býður. Hér eru sýnishorn, Þuríður Helga Ingvarsdóttir, BS í hjúkrunarfræði, og Friðrik Már Ævarsson, BA í sálfræði, að taka við heillaóskum rektors.

Að lokinni brautskráningu höfðu fræðasviðin móttökur með léttum veitingum fyrir kandiðata, gesti og starfsfólk háskólans. Auðunn Níelsson og Daníel Starrason tóku ljósmyndir á Háskólahátíð.



Hópur sem útskrifaðist úr sjávarútvegsfræði frá HA árið 1997.



EITT OG ANNAD



Þróun náms í öldrunarfræðum fyrir sjúkraliða



Lengri lífaldur fólks og auknir meðferðarmöguleikar sjúkdóma kalla á breytingar í heilbrigðiskerfinu. Háskólinn á Akureyri og Sjúkraliðafélag Íslands þróa fagháskólanám í öldrunarhjúkrun fyrir starfandi sjúkraliða í samstarfi við heilbrigðisstofnanir. Meðal markmiða með náminu er að opna leiðir fyrir sjúkraliða í háskólanám. Með því má auka enn frekar hæfni sjúkraliða til að sinna öldruðum einstaklingum og vinna að heilsuefningu og forvörnum meðal aldraðra. Stefnt er að því að bjóða námið sem diplómanám á BS-stigi frá og með hausti 2018. Það verður skipulagt sem almenn námskeið á heilbrigðissviði og sérhæfð námskeið á öldrunarsviði. Með þessu vill Háskólinn á Akureyri koma til móts við mikla þörf fyrir fagaðila í öldrunarhjúkrun. Sjúkraliði er lögverndað starfsheiti á Íslandi.

Um 3000 félagar eru í Sjúkraliðafélagi Íslands.

Lögreglan í fjölbreyttu samfélagi



Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu hélt vinnusmiðju um leiðir til að auka traust milli lögreglu og innflytjenda. Innflytjendur fengu fræðslu um hlutverk og störf lögreglunnar hér á landi og lögreglumenn fengu innsýn í margvíslegan bakgrunn innflytjenda, sérstaklega viðhorf til lögreglu, sem er mjög mismunandi eftir löndum og menningu.

Samþykkt var tillaga þess efnis að nemum í lögreglufræðum yrði boðið námskeið til að gera lögreglumenn betur í stakk búna til að starfa í fjölþjóðasamfélagi. Þau Randi Stebbens frá Bandaríkjunum og Andres Palaez frá Guatemala afhentu Lars Gunnari Lundsten, forseta hug- og félagsvísindasviðs, tillöguna.

Háskólinn á Akureyri fagnaði þessu framtaki lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu og tók tillögunni sem tækifæri til að þróa námskeið í lögreglufræðum.

Sigrún Stefánsdóttir sæmd fálkaorðunni



Sigrún Stefánsdóttir er sjötta frá vinstri á myndinni.

Á þjóðhátíðardaginn 17. júní sæmdi forseti Íslands fjórtán Íslendinga riddarakrossi Hinnar íslensku fálkaorðu við hátíðlega athöfn á Bessastöðum. Sigrún Stefánsdóttir, dósent við HA, hlaut riddarakrossinn fyrir störf á vettvangi íslenskra fjölmiðla og fræðasamfélags.

Sigrún lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum á Akureyri og doktorsprófi í fjölmiðlafræði frá Minnesotaháskóla. Sigrún hefur gegnt margvíslegum störfum. Hún var rektor Norrænu endurmenntunarstofnunar blaðamanna um skeið og síðar yfirmaður upplýsingadeildar Norrænu ráðherranefndarinnar og Norðurlandaráðs. Sigrún hefur starfað lengi sem fréttamaður, lengst af hjá Sjónvarpinu, og einnig sem dagskrárstjóri RÚV. Þá hefur hún kennt námskeið við Háskóla Íslands og HA. Sigrún Stefánsdóttir var ráðin forseti hug- og félagsvísindasviðs HA frá 1. desember 2013 og gegndi því starfi til ársloka 2016. Hún hefur starfrækt Vísindaskóla unga fólksins við HA frá árinu 2015.

Háskólinn á Akureyri óskar Sigrúnu til hamingju með viðurkenninguna.



EITT OG ANNAD



Vísindaskóli unga fólksins stóð yfir 19. – 23. júní.

Að þessu sinni lærðu börnin að búa til hljóðfæri og einnig fengu þau að kynna grunnatriðum í forritun. Ennfremur var unnið í tilraunaeldhúsi. Börnin fengu fræðslu um umhverfismál vítt og breitt og loks var fjallað um margbreytileika mannfólksins, engir tveir eru eins. Kennslan er í höndum sérfróðra kennara háskólans.



Þetta var í þriðja sinn sem Vísindaskólinn er haldinn og hefur skólinn unnið sér sess sem áhugaverður frístundavalkostur fyrir börn 11 – 13 ára. Börnin koma flest af Eyjafjarðarsvæðinu. Einnig er þó nokkuð um börn sem eru hér í heimsókn og nota tækifærið til að fara í skemmtilegan skóla. Vísindaskólanum lýkur hvert ár með útskriftarathöfn.

Vísindaskólinn hefur frá upphafi notið stuðnings frá Akureyrarbæ og ýmsum aðilum í atvinnulífinu í nærsamfélaginu.

Sigrún Stefánsdóttir er skólastjóri Vísindaskólans. Sigrún Vésteinsdóttir er verkefnastjóri.



Sigrún Vésteinsdóttir.

Sjávarútvegsskólinn var á Akureyri í lok júlí.



Háskólinn á Akureyri hafði umsjón með Sjávarútvegsskólanum annað sumarið í röð. Skólinn hefur fært út kvíarnar og er nú starfandi á Norðurlandi einnig. Hann er fyrir ungmennti sem lokið hafa 8. bekk grunnskóla.

Tilgangur Sjávarútvegsskólans er að þau kynnist atvinnugreininni og möguleikum til að mennta sig til starfa við sjávarútveg. Nemendur fá fræðslu um sögu fiskveiða og -vinnslu, helstu nytjafiska okkar, og um markaðsmál og gæðamál. Kennarar skólans eru sjávarútvegsfræðingar útskrifaðir frá HA og einnig nemendur á þriðja ári í sjávarútvegsfræði.



Sjávarútvegsskólinn er samstarfsverkefni Háskólans á Akureyri og ýmissa fyrirtækja í sjávarútvegi. Skólinn er valkostur innan vinnuskólans á hverjum stað og fá börnin laun þá viku sem þau stunda hann. Sjávarútvegsmiðstöðin við HA hefur veg og vanda af umsjón með Sjávarútvegsskólanum.

Háskólasetur Austfjarða í undirbúningi



Þann 23. júní var undirrituð yfirlýsing um samstarf í menntamálum í Fjarðabyggð milli sveitarfélagsins Fjarðabyggðar, Háskólans á Akureyri og nokkurra fyrirtækja í atvinnulífi á Austurlandi. Samstarfið lýtur að því að efla nám á grunnskóla- og framhaldsskólastigi, einkum í verk-, tækni- og raungreinánámi. Einnig er stefnt að stofnun Háskólaseturs Austfjarða að fyrirmynd Háskólaseturs Vestfjarða. Rannsóknir benda til þess að tengsl séu á milli þess hvar ungt fólk menntar sig og hvar það velur sér búsetu. Með háskólasetri er lagður grunnur að herra menntunarstigi og sterkara atvinnulífi á Austurlandi. Lögð verður áhersla á að skapa mikla samstöðu um verkefnið. Fyrirtækin sem eiga aðild að yfirlýsingunni eru:

Alcoa Fjarðaál hf., Síldarvinnslan í Neskaupstað hf., Eskja hf., Loðnuvinnslan Fáskrúðsfirði hf., Launafl ehf. og Brammer á Íslandi.

EITT OG ANNAÐ

Nýnemadagar voru 21. – 25. ágúst, nemendur fleiri en árið áður



Nýir nemendur voru boðnir velkomnir í háskólann með skipulagðri dagskrá og fræðslu um háskólaumhverfið, skólastarfið og allt sem lýtur að aðstöðu til náms. Nemendur af hverju fræðasviði komu saman einn dag og fyrstu kennslustundir hófust að loknum kynningum.

Félag stúdenta við HA og deildafélög þess skipulögðu kvölddagskrá til að bjóða nýnemana velkomna og kynna þeim félagslífið.

Alls voru nýnemar 1.022 talsins og var það 114 nemendum fleira en árið áður. Svo vitnað sé í orð Eyjólfss Guðmundssonar rektors á nýnemadögum: „Háskólinn á Akureyri getur státað af einstöku námi í einstöku umhverfi með áherslu á persónuleg samskipti, það eru kostir sem ungt fólk nú til dags metur mikils og því þökkum við aukinn fjölda nýnema“.



Slím og sprengjur



Árleg bæjarhátíð, Akureyrarvaka, var haldin 25. og 26. ágúst. Háskólinn á Akureyri tók þátt í líflegu Vísindasetri í Menningarhúsinu Hofi. Framlag HA var að hluta til efnafræðilegs eðlis, það var sprengjusýning og slímgerð, sem hvortveggja vakti mikla lukku gesta. Þeir Sean Scully aðjúnt og Óskar Þór Vilhjálmsson tækniamaður og sérlegur aðstoðarmaður sáu um framkvæmdina.



Oddur Vilhelmsson prófessor leitaðist við að svara stóru spurningunni sem ungir og aldnir hafa lengi velt fyrir sér: Er, var eða verður líf á Mars?

Ýmislegt fleira áhugavert var í boði í Vísindasetrinu. Háskólinn á Akureyri, Efla verkfræðistofa og Raftákn verkfræðistofa voru aðalstyrktaraðilar Vísindasetursins.

Nýr formaður hjúkrunarfræðideildar



Gísli Kort Kristófersson lektor tók við stöðu deildarformanns hjúkrunarfræðideildar HA þann 1. ágúst. Gísli útskrifaðist sem hjúkrunarfræðingur úr HÍ árið 2004. Hann lauk meistaragráðu í geðhjúkrun frá Minnesotaháskóla 2008 og doktorsgráðu með áherslu á geðhjúkrun frá sama skóla árið 2012. Gísli hefur starfað í geðheilbrigðisþjónustu frá 2004, bæði hérlandis og á erlendum vettvangi.

Rannsóknaráherslur Gísla eru notkun núvitundar og heildræn og samþætt nálgun í geðheilbrigðisþjónustu sem og geðheilsa barna og unglunga.



EITT OG ANNAD

Opnir dagar í Háskólanum á Akureyri



Dagana 21. og 22. september fóru fram opnir dagar í HA fyrir útskriftarnema í framhaldsskólum. Opnir dagar hafa verið haldnir í HA um árabil og stóð kynningin í tvo daga til að mæta eftirspurn. Um 300 nemendur þáðu boð um að koma og kynnast háskólanum og náminu að þessu sinni.

Nemendur hafa mismunandi væntingar til háskóla, sumir sækjast eftir góðri undirstöðumenntun sem opnar margar leiðir til framhaldsnáms en aðrir vilja sérhæfðara nám. HA býður hvorttveggja og einnig námsform sem getur hentað öllum.



„Það er okkur mikið fagnaðarefni að fólk af öllu landinu sækir í að verða staðarnemar til að upplifa háskólasamfélagið í öllu sínu veldi,“ sagði Katrín Árnadóttir, forstöðumaður markaðs- og kynningarsviðs.

Rannsóknaleiðangur til Asóreyja



Í september fór Oddur Vilhelmsson, prófessor við auðlindadeild HA, í vettvangsferð til Asóreyja að rannsaka örverubreiður í hraunhellum, svokallað hellaslím, og tengsl örvera við jarðefnafræði og aðra umhverfisþætti. Áhersla var á að sjá hvað greinir á milli lífvænlegra og ólífvænlegra hella. Vonast er til að niðurstöðurnar muni gera vísindamönnum kleift að spá fyrir um lífvænleika örvera á ókonnnum stöðum, til dæmis á öðrum reikistjörnum en jörðinni. Það mun auðvelda þróun aðferða til að leita að lífi á hnöttum á borð við Mars þar sem álitid er að allnokkuð sé um forna hraunhella.

Rannsóknirnar eru samstarfsverkefni vísindamanna við Háskólann á Akureyri, Háskóla Asóreyja, Stokkhólmsháskóla, Columbia-háskóla, Utrecht-háskóla, Tartu-háskóla, Sænska náttúruminjasafnið, Max Plank stofnunina í þróunarlíffræði, Þýsku geimvísindastofnunina (DLR), og Frönsku rannsóknamiðstöðina (CNRS).

Geðheilbrigðismál og löggæsla, málþing í HA þann 27. september



Þar fjallaði Sigríður Björk Guðjónsdóttir, lögreglustjóri á höfuðborgarsvæðinu, um samstarf lögreglu og geðheilbrigðisþjónustu. Tveir erlendir gestir höfðu framsögu, Simon Cole, lögreglustjóri í Leicestershire í Englandi, sem er leiðandi í geðheilbrigðismálum innan lögreglunnar þar, og Michael Brown, lögregluvarðstjóri í West Midlands í Englandi, en hann hefur hlotið margar viðurkenningar vegna starfa sinna á sviði löggæslu og geðheilbrigðismála.

Einnig fjallaði Guðmundur Sævar Sævarsson, sérfræðingur í geðhjúkrun, hjúkrunardeildarstjóri við öryggis- og réttargeðþjónustu Landspítalans, um áskoranir sem starfsfólk geðheilbrigðisþjónustu og lögregla standa frammi fyrir í störfum sínum.

Þá sögðu notendur geðheilbrigðisþjónustu frá upplifun sinni af samskiptum sínum við lögreglu. Í pallborðsumræðum var rætt um þverfaglega samvinnu og menntun á sviði lögreglufræði og geðheilbrigðis hér á landi.



EITT OG ANNAD



Frá vinstri: Þóra Kristín Þórarinsdóttir, Sólveig María Árnadóttir, Hermína Gunnþórsdóttir og Heiða Björg Guðjónsdóttir.

Nemendur í kennarafræði í Riga

Í lok september fóru þær Sólveig María Árnadóttir, Heiða Björg Guðjónsdóttir og Þóra Kristín Þórarinsdóttir, nemendur í kennarafræði, á sex ECTS eininga námskeið í Lettlandi á vegum Nordplus. Yfirskrift þess var Comparative Aspects of Social Justice, Equality, Diversity and Inclusion in Education in Baltic-Nordic Countries, umfjöllun um jafnrétti, fjölmenningu og skóla án aðgreiningar á Norðurlöndum og í baltnesku löndunum þremur.

Einnig heimsóttu þær skóla til að kynnast aðstæðum og til að fræða um hugtakið skóli án aðgreiningar. Hópurinn undirbýr vinnusmiðu um það efni í Svíþjóð. Umsjón með verkefninu hefur Hermína Gunnþórsdóttir dósent.

Jafnréttisdagar og ráðstefnan *Mál og kyn*

Jafnréttisdagar stóðu að þessu sinni yfir frá 9. til 20. október. Eyjólfur Guðmundsson rektor opnaði Jafnréttisdaga formlega og síðan stóð dagskrá með fjölbreyttum viðburðum.



Á jafnréttistorgi voru flutt erindin *Ill meðferð í æsku og áfallastreituröskun meðal karlkyns fanga* og *Kynjaðar sjálfsmyndir í kynjajafnréttislandinu Íslandi – reynsla ungs fólks í Reykjavík 2012 – 2016*. Fleira var á dagskrá, tungumálakaffi, jafnréttisbíó og spurningakeppni, svo nokkuð sé nefnt.

Jafnréttisdagar eru samstarfsverkefni allra íslenskra háskóla til að skapa umræðu um jafnréttismál og gera þau sýnilegri innan háskólanna. Jafnréttisdagar voru fyrst haldnir í HA árið 2015.

Jafnréttisdögum lauk með ráðstefnunni *Språk och kön, Mál og kyn 20. – 21. október*.

Norræna ráðstefnan um mál og kyn var nú haldin í tíunda skipti og í fyrsta sinn á Íslandi. Hún er helsti vettvangur norræna fræðimanna til fræðilegrar umræðu á þessu sviði rannsókna.

Seinni daginn fór fram opið málþing undir yfirskriftinni *Kynsegin íslenska*, um tengsl máls og kyns í íslensku máli, og voru þar flutt eftirtalin erindi:



Alda Villiljós: *Hán er vin mitt. Nýjar víddir í íslensku hvorgukyn.*

María Helga Guðmundsdóttir: *Samastaður í tungumálinu: Réttiindabarátta hinsegin fólks á vettvangi íslenskunnar.*

Þorbjörg Þorvaldsdóttir: *Hvað með „það“? Persónuformafnið sem hentar ekki þegar vísað er í fólk.*

Eiríkur Rögnvaldsson: *Má gera kynsula í íslenskunni?*

HA flaggar Grænfánanum 2017 – 2019



Þann 6. október afhenti Katrín Magnúsdóttir, fulltrúi Landverndar, Eyjólf Guðmundssyni rektor Grænfánann og var það í annað sinn sem háskólinn tekur á móti þessari viðurkenningu. Grænfáninn er viðurkenning fyrir þátttöku í *Skólar á grænni grein* sem er alþjóðlegt verkefni um sjálfbærni og umhverfisvernd. Fylgt er sjö skrefa ferli og þegar skóli nær markmiðum sínum fær hann að flagga Grænfánanum til tveggja ára.

HA fékk Grænfánann fyrst árið 2013. Mikið átak hefur verið gert í flokkun og minnkun á úrgangi. Einnig hefur háskólinn gert ráðstafanir til að draga úr loftslagsmengun með því að setja reglur um að starfsfólk leigi rafbíla þegar það ferðast á bílaleigubílum á vegum skólans, og komið hefur verið upp stöðvum til að hlaða rafbíla á skólalóðinni.

HA var fyrsti íslenski háskólinn til að fá Grænfánann.



EITT OG ANNAÐ

Háskólinn á Akureyri fær heimild til að bjóða doktorsnám



Stór dagur í sögu Háskólans á Akureyri rann upp þann 20. október. Þá veitti Kristján Þór Júlíusson, mennta- og menningarmálaráðherra, HA formlega heimild til að bjóða doktorsnám á fræðasviðum heilbrigðisvísinda, hug- og félagsvísinda og viðskipta- og raunvísinda.

Umsókn um heimild til doktorsnáms var send mennta- og menningarmálaráðuneytinu í maí 2015. Ferlið tók því rúm tvö ár. Fram fór umfangsmikið gæðamat erlendra fagaðila á fræðilegri og stjórnsýslulegri getu háskólans til að bjóða doktorsnám. Heimildin var veitt á grundvelli niðurstöðu matsnefndar Gæðaráðs háskólanna.

Doktorsnám við Háskólann á Akureyri mun hafa víðtæk áhrif. Meðal annars verður hægt að dýpka rannsóknir á mállefnum norðurslóða og í byggðamálum þar sem doktorsnemar geta leitað nýrra lausna fyrir stefnu íslenskra stjórnvalda í byggðamálum. Þá styður doktorsnámið við áform Sjúkrahússins á Akureyri um háskólasjúkrahús.

Með doktorsnáminu opnast nýir möguleikar hvað varðar alþjóðlega rannsóknarhópa og rannsóknarsjóði. Reiknað er með að fyrstu doktorsnemarnir hefji nám haustið 2018.

Nýr formaður framhaldsnámsdeildar



Sigrún Sigurðardóttir lektor tók við stöðu deildarformanns framhaldsnámsdeildar heilbrigðisvísindasviðs þann 10. október. Sigrún útskrifaðist sem hjúkrunarfræðingur frá HA árið 2001 og lauk meistarágráðu í heilbrigðisvísindum 2007. Hún varði doktorsritgerð sína, *Kynferðislegt ofbeldi í æsku, afleiðingar og heildræn meðferðarúrræði*, frá hjúkrunarfræðideild HÍ árið 2017. Sigrún hefur starfað innan geðheilbrigðisþjónustu, heilsugæslu, öldrunarþjónustu og starfsendurhæfingar. Hún lauk Lögregluskóla ríkisins árið 1993 og starfaði sem lögregluþjónn í nokkur ár.

Rannsóknaráherslur Sigrúnar eru á sviði sálrænna áfalla og ofbeldis, afleiðinga fyrir heilsufar og líðan ásamt heildrænni og samþættri nálgun fyrir einstaklinga með slíka reynslu. Hefur hún þróað námskeið á meistarastigi í HA um sálræn áóll og ofbeldi.

Nýr formaður kennaradeildar



Anna Ólafsdóttir dósent tók við stöðu formanns kennaradeildar HA þann 1. ágúst.

Anna útskrifaðist með BEd-gráðu frá Kennaraháskóla Íslands árið 1983, hún lauk meistaragráðu með áherslu á upplýsingatækni í menntun og stjórnun frá sama skóla árið 2003 og doktorsgráðu í menntavísindum með áherslu á gæðamál tengd námi og kennslu á háskólastigi frá HÍ árið 2014.

Anna hafði langa kennslureynslu, meðal annars frá grunnskólum og tónlistarskólum, áður en hún kom til starfa við Háskólann á Akureyri haustið 2000, fyrst sem verkefnastjóri fjarkennslu. Frá 2004 hefur Anna verið akademískur starfsmaður. Auk þess hefur Anna sinnt ýmsum sérfræðings- og ráðgjafarstörfum innan HA, einkum á sviði námskrár- og kennslufræða og gæðamála. Rannsóknaráherslur Önnu beinast að háskólastiginu, einkum kennslufræðilegum og gæðatengdum þáttum.

Birna G. Konráðsdóttir



Meistararitgröð Birnu G. Konráðsdóttur í félagsvísindum, *Samfélagslímið sem gerir heiminn betri: traust Íslendinga til fjármálastofnana og áhrif þess ef traustið rofnar*, vakti athygli fjölmiðla. Viðtal við Birnu birtist í Morgunblaðinu 2. nóvember og skömmu síðar annað viðtal í þættinum Samfélagið í ríkisútvarpinu RÁS 1.

Rannsókn Birnu byggði á spurningalistakönnun og viðtölum við átta einstaklinga úr hópi þeirra sem svöruðu. Helstu niðurstöður voru þær að 66% treysta fjármálastofnunum almennt lítið tíu árum eftir bankahrunið. Alþingi þykir ekki hafa sett fjármálastarfsemi nógu ákveðna ramma eða nægilegt eftirlit. Vantraust á fjármálastofnunum kann að hafa leitt til þess að almenningur treystir Alþingi ekki. Ein birtingarmynd þess gæti verið fjöldi framboða í alþingiskosningunum 2016 en þau voru 12, sem var óvenju mikið.



EITT OG ANNAÐ

Nýjar leiðir til að fjölga körlum í hjúkrunarfræðinámi



Eydis Kr. Sveinbjarnardóttir, forseti heilbrigðisvísindasviðs, Hedda Hakvåg frá Reform,

Tryggvi Hallgrímsson, sérfræðingur á Jafnréttisstofu, Gísli Kort Kristófersson, formaður hjúkrunarfræðideildar, Steen Baagøe Nielsen frá Roskilde Universitet og Ole Bredesen Nordfjell, Reform.

Heilbrigðisvísindasvið HA er aðili að norrænu samstarfi um að fjölga karlmönnum í hjúkrunarfræðinámi. Hér á landi eru karlar sem starfa við hjúkrun einungis 2% af heildinni og í Danmörku og Noregi er hlutfallið 9%. Samstarfsaðilar heilbrigðisvísindasviðs eru Reform, verkefna- og rannsóknarsetur í karlafræðum í Noregi, Jafnréttisstofa og deild mannauðs og tækni í Roskilde Universitet, Danmörku.

Kannað verður hvernig sex menntastofnanir í þátttökulöndunum höfða til karlmanna í umfjöllun um hjúkrunarfræðinámi. Náms-efni og kennsluáðferðir verða rýndar út frá kynsjónarmiði. Niðurstöður verða notaðar til að þróa aðferðir við nýliðun karla og vinna gegn brottvarfi þeirra úr hjúkrunarfræðinámi og að miðla þeim aðferðum. Verkefnið er styrkt af Norrænu ráðherra-nefndinni með milligöngu Norræna jafnréttissjóðsins (NIKK).

Nýr Nansenprófessor



Gunhild Hoogensen Gjörv var ráðin úr hópi 19 umsækjenda um stöðu Nansenprófessors við Háskólan á Akureyri skólaárið 2017 – 2018. Gunhild er prófessor við Centre for Peace Studies við Háskólan í Tromsø í Noregi. Rannsóknaráherslur hennar lúta að skilgreiningum á „öruggum svæðum“, þ.e. friðarsvæðum, út frá

sjónarhorni kynja- og jafnréttisfræða. Gunhild rannsakar öryggi fólks í norðurskautslöndunum með tilliti til auðlindanýtingar og iðnaðar. Í rannsóknum sínum lítur hún til öryggis einstaklinga og þjóðaröryggis. Gunhild rannsakar hvernig aðgerðir stjórnsvalda á norðurslóðum og umhverfisstefna stuðla að öryggi. Til sam- burðar er greining á öryggi þegna í Afghanistan þar sem hernað- ur er ríkjandi þáttur í stjórnarari landsins.

Sem Nansenprófessor mun Gunhild rannsaka hlutverk landa á norðurslóðum gagnvart þeim miklu fólksflutningum sem eiga sér stað og hvernig stefna í innflytjendamálum styður við eða dregur úr hugmyndum um norðurskautslöndin sem örugg svæði.

HA fjölmennir á sjávarútvegssýninguna í Hörpu



Anna Borg Friðjónsdóttir

Sjávarútvegsskýrðingun var haldin í sjöunda skipti dagana 16. – 17. nóvember. Það er helsti samskiptavettvangur þeirra sem koma að sjávarútvegi á Íslandi á einhvern hátt, til dæmis fisk-veiðum, fiskeldi, vinnslu, sölu og markaðssetningu sjávarafurða.

Rannveig Björnsdóttir, forseti viðskipta- og raunvísindasviðs, stýrði málstofu á ráðstefnunni þar sem Eyjólfur Guðmundsson rektor fjallaði um menntun í íslenskum sjávarútvegi samanborið við önnur lönd. Nemendur í sjávarútvegsfræði við HA aðstoðuðu við framkvæmd ráðstefnunnar og voru einnig með kynningarbás fyrir námið. Voru nemendurnir 17 talsins. Meðal þeirra var Anna Borg Friðjónsdóttir sem ásamt fleirum er í forsvari fyrir UFSL, félag ungs áhugafólks um sjávarútveg.

Samningur um rannsóknir á örverulífri í Öxarfirði

Þann 17. nóvember var undirritaður samningur milli Háskólans á Akureyri og Orkustofnunar um rannsóknir á örverulífri gasaugna í Öxarfirði. Samninginn undirrituðu Þórarinn Sveinn Arnarson, verkefnisstjóri eldsneytismála og orkuskipta, fyrir hönd Orkustofnunar og Oddur Vilhelmsson, prófessor í líftækni, fyrir hönd Háskólans á Akureyri.

Verkefnið hófst fyrir um tveimur árum. Rannsakaður er uppruni gassins og það hvort örverulífrið nýtist til að spá fyrir um samsetningu undirliggjandi jarðlaga. Einnig er skoðað hvort örverurnar nýtist til hreinsunar á olíuefnum úr menguðu umhverfi, svo sem við mengunarslys við íslenskar aðstæður. Nemendur og kennarar við HA hafa, ásamt sérfræðingum frá Orkustofnun og ÍSOR, unnið að rannsókninni.



Sýnatökuhópur við Skógalón í september 2015, frá vinstri: Jón Pétur Jóelsson, nemi í líftækni við Tækniháskólann í Bránðheimi – NTNU, Helga Helgadóttir og Guðný Vala Þorsteinsdóttir, nemendur við auðlindadeild HA, og Finnbogi Óskarsson efnafræðingur og Anett Blischke jarðfræðingur, bæði hjá ÍSOR.



Anett Blischke og Finnbogi Óskarsson taka gassýni úr gasútstreymisauga á Austursandi.

Krista er fyrsta vélmennið í HA



Á haustdögum festi Kennslumiðstöð HA kaup á vélmenni sem á ensku nefnist *Telepresence Robot*, á íslensku kallað fjærvera, og hefur fengið nafnið Krista. Krista verður nýtt við kennslu. Fjarnemar eða kennarar geta með aðstoð hennar verið „viðstaddir“ í kennslustundum eða á fundum, öðrum þátttakendum sýnilegir, hreyfanlegir og virkir í umræðu. Krista er þróunarverkefni til þess ætlað að styrkja tengslin innan nemendahópsins og einnig tengsl nemenda og kennara.

Krista er fyrsta vélmennið af sinni gerð sem keypt hefur verið fyrir skóla á Íslandi. Hún er búin tveimur myndavélum og fjórum hljóðnemum og getur ekið á allt að þriggja km hraða. Stýrikerfið er ennfremur einfalt í notkun og notendavænt og notandi getur skráð sig inn í Kristu í gegnum tölvu, spjaldtölvu eða snjallsíma.



EITT OG ANNAD

Norræn ráðstefna sveitarstjórnarfræðinga



Grétar Þór Eyþórsson

Dagana 1. og 2. desember var haldin í Háskóla Íslands árleg ráðstefna norrænna sveitarstjórnarfræðinga – NORKOM í samvinnu HÍ, HA og Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórnmála. Grétar Þór Eyþórsson, prófessor við HA, stóð að baki skipulagningunni ásamt fleirum en hann hefur verið meðlimur í NORKOM í aldarfjórðung. Grétar Þór og Vífill Karlsson dósent tóku þátt í ráðstefnunni af hálfu HA.

Bók eftir Brynhildi Þórarinsdóttur tilnefnd til Fjöruverðlaunanna



Brynhildur Þórarinsdóttir

Þann 5. desember voru tilnefningar til Fjöruverðlaunanna kynntar í Borgarbókasafninu í Reykjavík. Níu bækur voru tilnefndar að þessu sinni. Meðal tilefninga í flokki barna- og unglingabókmennta var *Gulbrandur Snati og nammisjúku njósnararnir* eftir Brynhildi Þórarinsdóttur, dósent og rithöfund, myndskreytt af Bergrúnu Írisi Sævarsdóttur. Bókin kom út hjá Máli og menningu.

Fjöruverðlaunin voru afhent í janúar 2018. Bókin *Vertu ósýnilegur, flóttasaga Ishmaels* eftir Kristínu Helgu Gunnarsdóttur rithöfund varð hlutskörpust í þessum flokki.

Full þörf á að rannsaka húsnæðismarkaðinn

Í desember var undirrituð viljayfirlýsing þess efnis að Íbúðalánasjóður styrki meistara- og doktorsnema sem vilja stunda rannsóknir á húsnæðismálum við einhvern sjö háskólanna á Íslandi. Rectorar háskólanna, ráðherra húsnæðismála og forstjóri Íbúðalánasjóðs undirrituðu



Fremri röð frá vinstri: --, Ásmundur Einar Daðason, félags- og jafnréttismálaráðherra, og Jón Atli Benediktsson, rektor Háskóla Íslands. Aftari röð: --- Erla Björk Örnólfsdóttir, rektor Háskólans á Hólum, Eyjólfur Guðmundsson, rektor HA, --- Friða Björk Ingvarsdóttir, rektor Listaháskóla Íslands, og Vilhjálmur Egilsson, rektor Háskólans á Bifröst.

Allt að 15 nemar verða styrktir á ári hverju og getur styrkur verið að hámarki 1 m.kr. Vonast er til að með þessu fjölgi rannsóknum á sviði húsnæðismála sem geti stuðlað að auknu jafnvægi íslensks húsnæðismarkaðar og þar með geti landsmenn búið við meira húsnæðisöryggi.



Sigrún Sigurðardóttir lektor, formaður framhaldsnámsdeildar heilbrigðisvísindasviðs.

Hinn 25. nóvember er baráttudagur Sameinuðu þjóðanna gegn kynbundnu ofbeldi og þá hefst alþjóðlegt 16 daga átak gegn ofbeldi. UN Women á Íslandi er í forsvari fyrir þessum viðburði hér

á landi og jafnan taka ýmsar stofnanir, sveitarfélög og félagsamtök þátt í framkvæmdinni.

Í tilefni af áttakinu 2017 skrifaði Sigrún Sigurðardóttir grein um niðurstöður doktorsverkefnis síns og birtist hún á visir.is. Verkefnið, sem hún varði fyrr á árinu, heitir *Kynferðislegt ofbeldi í æsku: Afleiðingar og heildræn meðferðarúrræði*.

Sigrún Sigurðardóttir er í forsvari fyrir Rannsóknamiðstöð gegn ofbeldi við HA.

Jólastund á bókasafninu



Jólastund á bókasafninu einhvern morgun í desember er hefð í starfi háskólans. Að þessu sinni var jólastundin 19. desember. Starfsfólk kólans kemur saman yfir kertaljósum, kakói og smákökum og hlustar á upplestur úr bók sem lesari velur hverju sinni.

Lesari að þessu sinni var Helgi Freyr Hafþórsson verkefnastjóri á Kennslumiðstöð og las hann úr bókinni *Harmsaga æfi minnar: hvers vegna ég varð auðnuleysingi eftir Jóhannes Birkiland*.

EITT OG ANNAÐ



Fjölskylda Ágústs Jónssonar og Margrétar Magnúsdóttur. Lengst til hægri er Astrid M. Magnúsdóttir, forstöðumaður bókasafns og upplýsingaþjónustu HA, sem opnaði sýninguna. Hún er barnabarn Ágústs og Margrétar.

Óður steinsins – opnun steinasafns Ágústs Jónssonar

Þann 22. desember var opnuð í HA varanleg sýning á steinasafni Ágústs Jónssonar byggingameistara. Sýningin heitir Óður steinsins, en það er heiti bókar sem út kom árið 1976 með steinamyndum Ágústs og ljóðum Kristjáns frá Djúpalæk.

Ágúst Jónsson (f. 1902, d. 2001) lærði húsgagnasmíði og húasmíði og hafði meistararéttindi í báðum greinum. Hann var kvæntur Margréti Magnúsdóttur. Þau bjuggu á Ólafsfirði og síðar á Akureyri. Ágúst starfrækti trésmíðaverkstæði og stundaði einnig húsmíðar. Þegar Ágúst varð sjötugur sneri hann sér alfarið að steinasöfnun og öðrum áhugamálum sínum. Háskólinn á Akureyri naut góðs af. Á 95 ára afmæli Ágústs þann 22. desember 1997 færðu þau hjónin skólanum steinasafn sitt mikið að vöxtum og fágætt. Samkvæmt gjafabréfi er um að ræða 1.223 skrásetta steina úr íslenskri náttúru. Því til viðbótar er safn ljósmynda sem Ágúst tók og sýnir útlit steina hið ytra og innra.



Utánríkisráðherra endurnýjar samning við Norðurslóðanet Íslands



Þann 28. desember undirrituðu Guðlaugur Þór Þórðarson utanríkisráðherra og Eyjólfur Guðmundsson rektor, og formaður stjórnar Norðurslóðanets Íslands, endurnýjaðan samstarfssamning til fjögurra ára.

Norðurslóðanet Íslands – þjónustumiðstöð norðurslóðamála (*Icelandic Arctic Cooperation Network*) hóf opinbera starfsemi árið 2013. Norðurslóðanet Íslands starfar skv. lögum nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulags-skrá.

Meðal stofnaðila er Háskólinn á Akureyri.

Ísland tekur við formennsku í Norðurskautsráðinu árið 2019 og gegnir því hlutverki fram til 2021 og tekur nýi samningurinn mið af því.

Háskólinn fékk ýmsa góða gesti í heimsókn á árinu.

Eyjólfur Guðmundsson rektor sótti ráðstefnur hér á landi og erlendis og einnig heimsótti hann nokkra samstarfsskóla HA í öðrum löndum. Hér eru svipmyndir.




Sendiherra Japan á Íslandi, Yasuhiro Kitagawa, kom í heimsókn til HA í janúar.



Í byrjun apríl heimsótti rektor Western Kentucky University – WKU í Bowling Green í Kentucky, Bandaríkjunum. HA hefur í nokkur ár átt samstarf við WKU í formi gagnkvæmra heimsókna og sumarskóla sem haldinn hefur verið við HA. Kjarninn í samstarfinu er að rannsaka áhrif loftslagsbreytinga.

Gildandi samstarfssamningur er frá árinu 2015 og eru HA, WKU og Norðurslóðanet Íslands aðilar að honum.



Í lok maí fór Eyjólfur Guðmundsson rektor í vikuferð til Kína ásamt sendinefnd frá Akureyri.

Meðal markmiða ferðarinnar var að kynna áherslur Akureyrarbæjar í norðurslóðamálum og umhverfismálum og einnig að styrkja tengsl og skapa ný samvinnutækifæri.

Sendinefndin tók þátt í árlegri ráðstefnu *China-Nordic Arctic Research Center – CNARC*, sem er rannsóknarsamstarf Kína og Norðurlandanna um málefni norðurslóða. Rektor sótti um aðild HA að því samstarfi í umboði háskólaráðs.

Eyjólfur rektor heimsótti samstarfsskóla HA, Dalian Ocean University og Shanghai Ocean University. Einnig sat hann ráðstefnuna 5th *China – Nordic Arctic Cooperation Symposium* um samstarf á norðurslóðum varðandi sjálfbæra uppbyggingu með áherslu á skipaferðir og umskipunarhafnir. Mikill áhugi er á nemendaskiptum og öðru samstarfi hjá kínversku háskólunum.




Háskólinn fékk góða heimsókn þann 28. september. Þá var hér á ferð Sergey Agarkov, rektor Tækniháskólans í Murmansk í Rússlandi, ásamt föruneysi og fulltrúum sendiráðs Rússlands á Íslandi.

Lengst til vinstri er Valeriya Posmitnaya, fulltrúi Rannsóknamiðstöðvar ferðamála. Fyrir miðri mynd eru Rannveig Björnsdóttir, forseti viðskipta- og raunvísindasviðs, Sergey Agarkov og Eyjólfur Guðmundsson rektor.



Eyjólfur rektor sótti elleftu ráðstefnu rektora háskóla innan vébanda University of the Arctic, UArctic Rector's forum, sem haldin var í Aberdeen í Skotlandi 23. – 27. ágúst. Yfirskrift ráðstefnunnar var að þessu sinni *The Inhabited Arctic: Lands, Peoples and Scholarship in the Circumpolar North*. Rektor hélt erindi á ráðstefnunni.

ÁRSREIKNINGUR 2017



		pús. kr.
Laun og launatengd gjöld	74,2%	1.969.181
Framlög og tilfærslur	3,3%	88.676
Húsnæðiskostnaður	6,6%	174.022
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	3,1%	82.136
Funda- og ferðakostnaður	3,0%	79.954
Aðkeypt sérfræðipjónusta	5,8%	152.837
Annar rekstrarkostnaður	3,1%	81.271
Afskriftir	1,0%	26.246
Samtals	100,0%	2.654.323

Yfirlit um afkomu ársins 2017

Tekjur 2017

	2017	2016
Framlög ríkissjóðs	2.091.189.762	1.843.200.000
Innritunargjöld	171.152.359	158.091.460
Seld þjónusta	152.322.537	121.333.168
Aðrar tekjur	237.177.399	269.033.145
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrir ára	26.245.623	0
Tekjur samtals	2.678.087.680	2.391.657.773

Gjöld 2017:

Laun og launatengd gjöld	1.969.180.579	1.757.772.758
Framlög og tilfærslur	88.675.759	100.502.307
Húsnæðiskostnaður	174.021.769	154.429.662
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	82.136.380	71.754.286
Funda- og ferðakostnaður	79.954.101	78.232.527
Aðkeypt sérfræðipjónusta	152.837.329	134.162.245
Annar rekstrarkostnaður	81.271.243	67.676.864
Afskriftir	26.245.623	34.407.111
	2.654.322.783	2.398.937.760
Afkoma (tap) fyrir fjármagnsliði	23.764.897	(7.279.987)

Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)

Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður	243.794	10.471.384
Vaxtagjöld, verðbætur og gengismunur	(125.734)	(80.817)
	118.060	10.390.567
Afkoma ársins	23.882.957	3.110.580



Efnahagsreikningur 31. desember 2017

	31/12/17	Stofnefnahags- reikningur 1.1.2017
Eignir		
Fastafjármunir		
Varanlegir rekstrarfjármunir:		
Áhöld og búnaður	118.461.045	75.425.701
Verk í vinnslu	0	6.098.323
	118.461.045	81.524.024
Áhættufjármunir og langtímakröfur:		
Eignarhlutar í öðrum félögum	2.495.800	1.000.000
Fastafjármunir samtals	120.956.845	82.524.024
Veltufjármunir		
Viðskiptakröfur	53.185.977	50.961.772
Tengdir aðilar	105.051.337	20.434.737
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður	32.470.880	17.658.148
Handbært fé	168.050.396	218.212.689
Veltufjármunir samtals	358.758.590	307.267.346
Eignir samtals	479.715.435	389.791.370
Eigið fé og skuldir		
Eigið fé		
Hrein eign	44.498.643	(84.435.651)
Eigið fé samtals	44.498.643	(84.435.651)
Skuldir		
Tengdir aðilar	107.329.158	211.521.739
Viðskiptaskuldir	76.565.158	62.139.323
Ýmsar skammtímaskuldir	132.861.431	119.041.935
Frestun tekjufærslu fjárfestingaheimilda	118.461.045	81.524.024
	435.216.792	474.227.021
Skuldir samtals	435.216.792	474.227.021
Eigið fé og skuldir samtals	479.715.435	389.791.370

Uppbygging ársreiknings er með breyttu sniði frá fyrri árum vegna nýrra laga um opinber fjármál.

BRAUTSKRÁNING 10. JÚNÍ 2017

Á Háskólahátíð þann 10. júní voru 337 kandidatar brautskráðir frá Háskólanum á Akureyri. Skipting nemenda eftir fræðasviðum var eftirfarandi:

- Heilbrigðisvísindasvið: 95
- Hug- og félagsvísindasvið: 155
- Viðskipta- og raunvísindasvið: 87

Viðurkenningu fyrir góðan námsárangur í grunnnámi hlutu eftirtaldir:

- Sálfræði: Kári Erlingsson
- Kennarafræði: Steinunn Erla Davíðsdóttir
- Líftækni: Hallgrímur Steinsson
- Iðjuþjálfunarfræði: Jónína Einarsdóttir og Sara Pálmadóttir
- Hjúkrunarfræði: Þuríður Helga Ingvarsdóttir

Viðurkenningu fyrir góðan námsárangur í framhaldsnámi hlutu eftirtaldir:

- Heimskautaréttur: Romain Francois R Chuffart
- Menntavísindi: Þóra Björg Eiríksdóttir
- Menntunarfræði: Ruth Margrét Friðriksdóttir

KEA veitir viðurkenningu nemendum með hæstu meðaleinkunn í grunnnámi á hverju fræðasviði. Eftirtaldir fengu viðurkenningu við brautskráningu 2017: Þuríður Helga Ingvarsdóttir, Kári Erlingsson og Hallgrímur Steinsson.

Auk þess brautskráðust sex nemar þann 15. október 2016 og 25 nemar þann 15. febrúar 2017. Alls brautskráðust því 367 nemar skólaárið 2016 – 2017.

Brautskráning sundurliðast þannig:

BA-próf í félagsvísindum	5
BA-próf í fjölmiðlafræði	20
BA-próf í lögfræði	2
BA-próf í nútímafræði	4
BA-próf í sálfræði	61
BEd-próf í kennarafræði	15
BS-próf í iðjuþjálfunarfræði	23
BS-próf í hjúkrunarfræði	45
BS-próf í líftækni	8
BA-próf í líftækni og sjávarútvegsfræði	1
BS-próf í sjávarútvegsfræði	15
BS-próf í viðskiptafræði	3
BS-próf í viðskiptafræði stjórnunar- og fjármálabraut	16

BS-próf í viðskiptafræði stjórnunar- og markaðsbraut	29
Dipl Ed-gráða í menntavísindum	14
Dipl Ed-gráða í menntunarfræði	7
Dipl Sc-gráða í heilbrigðisvísindum	29
Diplóma í heimskautarétti	1
Diplóma í leikskólafræði	3
MA-próf í fjölmiðla- og boðskiptafræði	1
MA-próf í heimskautarétti	2
MA-próf í menntavísindum	9
MEd-próf í menntunarfræði	25
MRM-próf í haf- og strandsvæðastjórnun	21
MS-próf í heilbrigðisvísindum	7
MS-próf í viðskiptafræði	1

Brautskráðir frá upphafi

Deild	2017	Samtals
Auðlindadeild		49
Félagsvísinda- og lagadeild	96	839
Heilbrigðisdeild	104	1.370
Kennaradeild	73	2.104
Viðskipta- og raunvísindadeild	94	931
Viðskipta-/Rekstrardeild		476
Sjávarútvegsdeild		96
Upplýsingatæknideild		32
Samtals	367	5.897



BRAUTSKRÁNINGARRÆÐA REKTORS



Forsetafrú, Eliza Reid, mennta- og menningarmálaráðherra, hr. Kristján Þór Júlíusson, þingmenn, bæjarstjóri, skólameistarar, starfsfólk HA, góðir gestir og, síðast en ekki síst, kæru kándídatar.

Þann 5. september næstkomandi verða liðin 30 ár frá stofnun Háskólans á Akureyri.

Það er flestum ljóst í dag hvílikt framfaraskref það var fyrir Ísland að bjóða upp á aukid aðgengi að háskólanámi með stofnun háskóla utan höfuðborgarsvæðisins. Í upphafskafli afmælisrits HA, sem út kom 2012, kemur skýrt fram að fáir, ef nokkrir, hafa getað ímyndað sér að 30 árum eftir stofnun væri Háskólinn á Akureyri ein öflugasta menntastofnun landsins með vel yfir 2.000 nemendur og 200 starfsmenn, og í fararbroddi við að veita landsmönnum öllum aðgengi að háskólanámi í gegnum fjarnám, eða sveigjanlegt nám, eins og við köllum það í dag. Innleiðing sveigjanlegs náms tryggir öllum landsmönnum, sama hvar þeir búa, aðgengi að háskólanámi.

Íslendingar eiga frumkvöðlum og eldhugum baráttunnar fyrir stofnun skólans mikið að þakka. Oft hafa málefni verið rædd um langt skeið, lagðar hafa verið fram skýrslur og nefndir hafa marg oft fundað og komist að jákvæðri niðurstöðu – en það þarf síðan að taka af skarið. Og þannig var staðan í upphafi níunda áratugarins gagnvart umræðu um háskólanám á Akureyri. Þrotlaus vinna margra einstaklinga í nefndum og ráðum hafði sýnt fram á að þörf væri fyrir háskólanám á Akureyri. Að öðrum ólöstuðum held ég þó að það hafi einkum verið hugmyndafræði Haraldar Bessasonar, síðar rektors HA, og samskipti hans við Sverri Hermannsson, alþingismann og ráðherra, sem urðu til þess að Háskólinn á Akureyri var stofnaður.

Í þessu samhengi er það merkilegt að hugmyndin um sjálfstæðan Háskóla á Akureyri, háskóla sem væri ekki útibú annarrar menntastofnunar, virðist fyrst koma fram í bréfi Haraldar til Sverris frá árinu 1986. Í umræðunni áratuginu tvo þar á undan var ekki gert ráð fyrir sjálfstæðum háskóla. Í bréfi Haraldar, sem varðveitt er í skjalasafni Háskólans á Akureyri, er lögð fram skýr sýn um sjálfstæðan háskóla til þess að samfélagið utan höfuðborgarsvæðisins nái að vaxa og dafna á sömu forsendum og önnur borgarsamfélög. Á grunni þessarar skýru sýnar Haraldar og pólitíski áráðis Sverris Hermannssonar – sem vílaði ekki fyrir sér að beita pennanum sem pólitísku sverði og slá pennastrikum hér og þar – og með dyggum stuðningi þingmanna kjördæmisins og velunnara háskólasamfélagsins tókst að hefja kennslu á háskólastigi haustið 1987.

Þessi 30 ár hafa verið ævintýri líkust. Skólinn hefur vaxið og eflst langt umfram björtustu vonir. Og hann dafnar enn. Þrátt fyrir mörg erfið ár hefur tekist að viðhalda gæðum náms við háskól-

ann. Stöðug fjölgun nemenda hefur þó reynt verulega á innviði og starfsfólk.

Í vor er enn eitt metið sett í aðsókn að námi við skólann þar sem honum hafa borist yfir 1.600 umsóknir, sem er metfjöldi frá upphafi. Alls brautskrást að þessu sinni 337 kándídatar frá þremur fræðasviðum og 22 námsbrautum.

Þetta öfluga starf hefði aldrei orðið að veruleika nema vegna þess mikla og góða mannauðs sem háskólinn hefur haft innan sinna raða allt frá stofnun. Starfsfólk skólans verður seint fullþakkað fyrir baráttuna í gegnum árin við að byggja upp Háskólan á Akureyri.

Skólinn stendur jafnframt á miklum tímamótum. Það eru liðin rétt tæplega tvö ár síðan HA sendi inn umsókn til menntamálaráðuneytisins um heimild til að bjóða doktorsnám. Það var gert eftir vandlegt mat á faglegri getu háskólans og eftir samantekt á því doktorsnámi sem þegar er stundað undir handleiðslu prófessora við HA. Í ljós kom að vel á fjórða tug doktorsnema var með einum eða öðrum hætti tengdur við HA. Sumir stunduðu allar sínar rannsóknir við HA og aðalleiðbeinandinn var jafnframt prófessor við HA. Nemarnir útskrifuðust hinsvegar frá annarri háskólastofnun. Það er ætíð sárt þegar nemendur og starfsfólk skólans leggja hart að sér en önnur skólastofnun fær heiðurinn af árangrinum.

Í umsóknarferlinu fyrir doktorsnámið hefur háskólinn farið í gegnum gæðamat erlendra fagaðila. Lagðar hafa verið fram tillögur um skipulag námsins og sýnt fram á hvernig háskólinn muni takast á við verkefnið fjárhagslega. Að loknu öllu þessu ferli er málið nú í höndum mennta- og menningarmálaráðherra og erum við því aftur, líkt og árið 1987, með framtíð okkar í höndum ráðherra. Ég hef fulla trú á að núverandi ráðherra muni, líkt og Sverrir forðum, beita pennanum af færni og áráðni, en því til viðbótar getur ráðherra byggt á grunni þess faglega mats á fræðilegri getu Háskólans á Akureyri sem matsnefnd gæðaráðs háskóla á Íslandi hefur látið fara fram.

Eftir að hafa tekið þátt í þessu ferli, fundað með erlendum matsaðilum og yfirfarið gögn um starfsemi skólans er enginn efi í mínum huga um getu fræðimanna við Háskólann á Akureyri til að standa að baki öflugu doktorsnámi á sérsviðum skólans.

Nemendur, starfsfólk, velunnarar háskólans og í raun Íslendingar allir geta verið stoltir af Háskólanum á Akureyri og verið þess vissir að hér hefur átt sér stað arðbær fjárfesting fyrir íslenskt samfélag. Þrjátíu ára starfsafmæli skólans er því mikilvægur áfangi fyrir okkur öll.

Kæru kándídatar.

Þið eruð hér í dag til að fagna áfanga. Þið hafið ekki eingöngu öðlast djúpan skilning á ykkar fagi heldur lært öguð vinnubrögð og gengið í gegnum áskoranir með því að vinna í hópum til að leysa sameiginleg verkefni. Þið hafið tekið þátt í samfélagi þar sem þekking er leiðarljósið að nýjum, snjöllum lausnum sem gera lífið betra fyrir alla. Allt þetta er mögulegt vegna þess að frumkvöðlar og baráttufólk trúði því að unnt væri að byggja upp nýjan háskóla á Íslandi.

Ég vil því nota tækifærið til þess að hvetja ykkur til að nýta þá þekkingu, færni og hæfni sem þið hafið öðlast í náminu og halda áfram í anda frumkvöðlanna. Halda áfram og koma með nýjar, snjallar og skapandi lausnir á þeim stóru verkefnum sem við okkur blasa. Hvort sem þið hafið stundað nám í heilbrigðisvísindum, hug- og félagsvísindum eða raunvísindum og viðskiptafræðum þá getið þið öll beitt þekkingu ykkar til nýsköpunar.

Nýsköpun tækifæra er lykillinn að þeirri velferð sem við búum við í dag. Á Íslandi eru fyrirtæki sem framleiða tónlist fyrir erlendar kvikmyndir og það eru til fyrirtæki sem búa til nýjan hugbúnað og nýjar aðferðir við lyfjaskömmun til erlend og innlend sjúkrahús.

Það eru til fyrirtæki sem framleiða afþreyingu sem seld er fyrir hundruð milljóna, og jafnvel milljarða, á hverju ári. Á Íslandi eru líka sjávarútvegsfyrirtæki sem eru í fararbroddi við innleiðingu tæknilegra lausna, og fyrirtæki sem eru í fararbroddi við að finna upp og þróa tæknilegar lausnir í matvælaíðnaði.

Á Íslandi eru fyrirtæki sem selja hugbúnaðarþjónustu til grunnskóla um alla Evrópu og á Íslandi virðast vera óendanlegir möguleikar á að bæta og efla ferðaþjónustu og afþreyingu fyrir ferðamenn. Ísland er í dag land tækifæra þar sem þið getið skapað ykkar eigin framtíð, þið getið búið til ykkar eigin störf sama hvaða bakgrunn þið hafið, faglega, félagslega eða út frá búsetu. Grípið tækifærin og gerið það besta úr tækifærunum með því að skapa ykkar eigin framtíð. Það versta sem getur gerst ef þið takið áhættu er að þið lærið af mistökum ykkar til að gera enn betur næst.

Tækifærum á Íslandi stendur hinsvegar ógn af því ófriðarbáli sem virðist vera að kvikna á alþjóðlegum vettvangi. Ófriðarbáli sem kynt er með lýðskrumi misviturra stjórnmalamána. Þó svo að við sem hér búum stöndum tiltölulega óhult gagnvart þeim ógnunum sem reglulega herja á fjölmennari samfélög megum við ekki gleyma því að við erum hluti af samfélagi þjóðanna og getum aldrei komist hjá því að taka afstöðu á móti þeim öflum sem berjast gegn lýðræði, mannréttindum og frelsi okkar til athafna. Og sú barátta er ekki eingöngu við hryðjuverkaöfl sem

reyna að koma málstað sínum á framfæri með ofbeldi heldur snýst hún líka um að við getum unnið á hryðjuverkaógninni án þess að tapa mannréttindum eða frelsi okkar því ef svo fer höfum við tapað baráttunni.

Ágætu kándídatar. Það er ykkar að berjast fyrir lýðræðið, það er á ykkar ábyrgð að vernda réttinn til að kjósa leiðtoga en það er líka ykkar að taka þátt í gagnrýni á stjórnvöld þegar þið teljið að valdhafar hafi ekki lengur hagsmuni almennings að leiðarljósi. Það er ekki nóg að skrifa í athugasemdakerfi samfélagsmiðlanna og rífast yfir einhverju sem þið eruð ekki sátt við. Þið verðið að vera virkir þátttakendur í samfélaginu, á öllum stigum þess, sama hvort um er að ræða samstarf við skóla barnanna ykkar, þátttöku í sveitarstjórnarmálum eða að vera virk í stjórnamála- og félaga-samtökum sem vinna samfélaginu gagn á hverjum tíma.

Nýtið þekkinguna sem þið hafið aflað ykkur hér til góðs fyrir ykkur og ykkar samfélag.

Gleymið því aldrei að frelsið til að ferðast óhindrað á milli landa, frelsið til að stunda nám við menntastofnanir um allan heim, frelsið til að tjá ykkur, frelsið til að kjósa, frelsið sem tók árþúsundir fyrir vestræn samfélög að þróa og innleiða fyrir alla sína þegna, þetta frelsi er hægt að taka frá ykkur á örskotssundu en það verður aðeins gert ef þið leyfið það sjálf. Ef þið hinsvegar nýtið frelsið til góðs og eruð virkir samfélagsþegnar þá verður það aldrei frá ykkur tekið.

Kæru gestir nær og fjær.

Ein af meginstoðum nútíma samfélags er þekking – þekking sem er í stöðugri uppfærslu með rannsóknum og þróun. Baráttufólk fyrir sjálfstæði Íslands á 19. öldinni skildi vel mikilvægi þekkingar við að byggja upp sjálfstætt Ísland. Aðgengi að þekkingu verður að vera til staðar og besta leiðin til þess er að háskólar landsins séu öflugir. Háskólinn á Akureyri hefur verið í fararbroddi við að veita menntun til íbúa allra landshluta og sést það best á því að 75% nemenda sem útskrifast hafa frá skólanum hafa búið utan höfuðborgarsvæðisins.

Til þess að skólinn geti staðið við þessa þjónustu til framtíðar verður að auka fjárframlög til háskólastigsins. Á meðal okkar í dag situr mennta- og menningarmálaráðherra og er freistandi að nota tækifærið til að brýna hann til dáða og finna aukið fé til málaflokksins en það ætla ég ekki að gera, ekki í dag.

Í dag ætla ég að biðla til ykkar, kæru gestir bæði nær og fjær. Ég vil biðja ykkur að styðja við baráttu Háskólans á Akureyri fyrir auknum fjárveitingum með því að ræða við ykkar þingmenn um



mikilvægi háskólamenntunar fyrir samfélagið. Ég vil biðla til ykkar, kæru gestir, um að setja háskólamálin í forsæti, að þið bendið á að forgangsraða þurfi fjármunum til þess að tryggja aðgengi barna ykkar og barnabarna að alþjóðlegu, samkeppnishæfu háskólanámi þannig að efnahagur ráði ekki hvort þau geti menntað sig eður ei.

Að félagslegar aðstæður hindri fólk ekki í því að öðlast æðri menntun og þekkingu til að bæta líf sitt og annarra. Stjórn mála- maðurinn og ráðherrann getur lítið gert ef hann fær ekki stuðning, og kannski smá þrýsting, frá kjósendum til þess að forgangsraða mállefnum háskóla þegar kemur að því að ákvarða hvernig við nýtum sameiginlega sjóði okkar. Nútíma samfélag sem ekki hefur aðgengi að öflugum háskólanámi mun dragast aftur úr í lífskjörum og almennri velferð. Ég vil því biðla til ykkar, kæru gestir nær og fjær, hjálpið HA til þess að ná athygli ráðamanna þannig að við getum eftir enn frekar þá þjónustu sem skólinn veitir um allt land.

Kæru kándídatar.

Ég vil þakka ykkur fyrir að hafa valið Háskólann á Akureyri sem skólann ykkar og vil hvetja ykkur til að ganga í Góðvínafélag skólans. Við viljum hafa góð tengsl við fyrrum nemendur okkar og minnum á að örar breytingar í nútíma samfélagi krefjast sífellt drar uppfærslu á þekkingu og menntun hvers og eins. Liðinn er sá tími að við gegnum sama starfi allan okkar starfsferil, þið munuð stöðugt þurfa að endurnýja þekkingu ykkar, það er verkefni sem skólinn vill styðja ykkur í til framtíðar meðal annars með því að geta boðið upp á doktorsnám í nánustu framtíð.

Þá vil ég óska ykkur, fjölskyldum ykkar og aðstandendum innilega til hamingju með daginn.

En að lokum vil ég segja þetta við ykkur:

Stefnið ávallt þangað sem hjartað segir ykkur að fara en notið hyggjuvitið, færni ykkar og þekkingu til þess að komast á þann áfangastað.

Kærar þakkir fyrir samveruna síðustu ár!





Heilbrigðisvísindasvið

BRAUTSKRÁÐIR KANDÍDATAR 10. JÚNÍ 2017

HEILBRIGÐISVÍSINDASVIÐ

1. röð frá vinstri

Liljana Milenkoska
Guðrún Helga Marteinsdóttir
Ragnheiður Sjöfn Reynisdóttir
Rannveig Jónsdóttir
Sigríður Inga Karlsdóttir, formaður
hjúkrunarfræðideildar
Eyjólfur Guðmundsson rektor
Eydis Kr. Sveinbjarnardóttir, forseti
heilbrigðisvísindasviðs
Olga Ásrún Stefánsdóttir, formaður
iðjuþjálfunarfræðideildar
